Árið gert upp



Bergur Ebbi og Silja Bára fara yfir erlendar fréttir ársins sem er að líða. ➤ 46

Fjölgi úrræðum fyrir gerendur



Katrín Ólafsdóttir rannsakar hvernig ofbeldi þrífst í samfélaginu út frá gerendum. ➤ 36



FRÉTTABLAÐIÐ

274. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 17. DESEMBER 2022

Með vonina að vopni

Egill Ólafsson greindist með Parkinson-sjúkdóminn fyrir tæpum tveimur árum. Hann ræðir veikindin, ferilinn og listina. ➤ 28

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK





Hamarshöllin sem fauk á haf út. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tíu milljóna áform um höll

benediktboas@frettabladid.is

HVERAGERÐI Kostnaður sem fallið hefur til vegna ráðgjafar, hönnunar og gerðar útboðsgagna vegna uppbyggingar Hamarshallarinnar í Hveragerði nemur tíu milljónum króna. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins spurði um kostnaðinn sem hefur fallið til við vinnu vegna uppbyggingaáforma um nýja Hamarshöll en sú fyrri fauk í ofsaveðri.

Verkfræðistofurnar Verkís og Mannvit hafa fengið 2,9 milljónir annars vegar og 3,5 milljónir hins vegar. Arkitektastofan Alark hefur fengið 3,6 milljónir. „Af þessu eru tæplega þrjár milljónir sem féllu til vegna hugmynda fyrrum meirihluta um kaup á nýju loftbornu íþróttahúsi og ráðgjafar vegna tryggingabóta," segir í bókun Friðriks Sigurbjörnssonar. „Mikilvægt er að vanda vel til verka áður en lagt er af stað í stór og veigamikil verkefni og borgar það sig til lengri tíma litið," segir þar enn fremur. ■

Stuð á skíðum



Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli var opnað í gær. Snjóframleiðsla hefur gengið vel undanfarna daga og gert er ráð fyrir vænni sendingu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Allar líkur á hvítum jólum í Reykjavík

bth@frettabladid.is

VEÐUR Það eru yfirgnæfandi líkur á snjókomu í nótt og í fyrramálið," sagði Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur hjá Bliku í gær.

„Já, það eru allar líkur á hvítum jólum á höfuðborgarsvæðinu."

Ef spáin gengur eftir eru lesendur Fréttablaðsins á suðvesturhorninu nú með hvíta jörð í kringum sig. Óhætt virðist fyrir foreldra að segja ungviði að allar líkur séu á að jólasnjórinn muni halda fram yfir hátíðir.

Óvissa er þó með snjómagn. Einar spáir 5–10 sentímetrum. Hann segir yfirgnæfandi líkur á að hiti haldist undir frostmarki til jóla og líklegt sé að bæti í.

„Mér finnst áhugavert hvað þessi kuldatíð ætlar að haldast," segir Einar.

Frostakaflinn nú verður að líkindum einn sá lengsti á þessari öld. Samkvæmt spánni gætu þrettán frostkaldir dagar komið í röð.

> Svo í næstu viku verður meiri næðingur og þá bítur frostið enn frekar.



Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur hjá Bliku

„Þetta er mjög óvenjulegt. Svo í næstu viku verður meiri næðingur og þá bítur frostið enn frekar," segir Einar. ■



Saknar þess helst ef ekki er sósa með hnetusteikinni

Valgerður Árnadóttir, formaður Samtaka grænkera á Íslandi, segir alla velkomna á jólahlaðborð samtakanna á morgun. Um sé að ræða pálínuboð og því sé eina skilyrðið fyrir mætingu að koma með eitthvað vegan á borðið.

lovisa@frettabladid.is

JÓL Jólahlaðborð Samtaka grænkera á Íslandi er á Hallveigarstöðum á Túngötu á morgun á milli 18 og 20. Boðið er pálínuboð og er opið öllum. Aðgangur er ókeypis og hjólastólaaðgengi á staðnum.

„Hlaðborðið er hugsað fyrir grænkera og að þau geti borðað allt sem er í boði vegna þess að það er mikil vöntun á því. Án þess að fólk þurfi að borga rosalega mikinn pening," segir Valgerður, en viðburðurinn er hugsaður fyrir bæði grænkera og þá sem eru forvitnir um grænkerafæði.

„Það er eina skyldan að koma með eitthvað vegan á borðið," segir Valgerður. Hún mælir með því fyrir þau sem eru góð að baka og elda að kíkja í Facebook-hópinn Vegan Jól – uppskriftir og ráð, en svo sé líka í öllum helstu matvöruverslunum hægt að finna gott úrval vegan matar sem hægt er að hita upp.

„Svo er hægt að koma með bakkelsi. Eitthvað tilbúið eða baka eitthvað. Það er auðvelt að gúgla vegan uppskrift að einhverju sem fólki finnst gott. En við erum að miða við að þetta sé nokkuð jólalegt þannig að þetta er kannski ekki viðburðurinn sem þú kemur með hummus og kex á."

Hún segir að almennt sé orðið nokkuð auðvelt að vera grænkeri og að fara út að borða en að það hafi reynst grænkerum erfitt að fara á jólahlaðborð.

„Það er mikilvægt að hrósa þeim sem standa sig vel í að bjóða upp á valkosti fyrir grænkera. Það eru alveg nokkrir og þetta er að skána en það eru margir stórir staðir, sem taka á móti stórum vinnustöðum, sem ekki huga nægilega vel að þessu," segir Valgerður, en samtökin sendu í haust áskorun á veitingastaði og hótel með hlaðborð um jól og hvöttu þau til að taka betur tillit til grænkera.

„Þar var að finna uppástungur um hvað er hægt að gera vegan. Þetta þarf ekki að vera erfitt. Það er hægt að skipta út mjólkurvörunum eða setja smjörlíki eða olíu í stað smjörs," segir Valgerður og að hún sakni þess sérstaklega þegar það er engin sósa með hnetusteikinni. ■



Samtök grænkera sendu í haust áskorun á veitingastaði og hótel með jólahlaðborð að taka betur tillit til grænkera. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> Það er auðvelt að gúgla vegan uppskrift að einhverju sem fólki finnst gott.



Valgerður Árnadóttir formaður Samtaka grænkera á Íslandi

UMTALAÐUR

TOYOTA C-HR



TOYOTA – MEST SELDA BIFREIÐATEGUNDIN Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÖÐ

Verð frá: 5.650.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga. Verð frá: 125.000 kr.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Tölur vikunnar

9 tonn

af hlýjum fatnaði voru send til Úkraínu.

7 prósent

af íslenskum stofnvegum eru enn þá malarvegir.

1,84

milljarðar króna eru hækkanir ökutækjatrygginga umfram verðlagshækkanir á fimm árum.

26

stiga frosti er spáð á miðhálendinu um helgina.

315

sinnum hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar farið til útlanda.

Þrjú í fréttum



Hildur Guðnadóttir

tónskáld

var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna í annað skiptið. En hún vann verðlaunin árið 2020 fyrir tónlist kvikmyndarinnar Joker, sem reyndist undanfari að því að Hildur vann Óskarsverðlaun. Hildur er tilnefnd fyrir tónlistina í kvikmyndinni Women Talking eftir Söru Polley.



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir

formaður fjárlaganefndar

varð harðlega gagnrýnd ásamt öðrum í meirihluta nefndarinnar fyrir að ætla að veita sjónvarpsstöðinni N4 100 milljóna styrk eftir beiðni. Kom í ljós að nefndarmaðurinn Stefán Vagn Stefánsson er mágur Maríu Bjarkar Ingvarsdóttur, framkvæmdastjóra N4 sem sótti um styrkinn.



Helgi Vilhjálmsson

betur þekktur sem Helgi í Góu

var sakaður af Katrínu Lóu Kristrúnardóttur um kynferðislega áreitni þegar hún vann í sjoppu í eigu hans. Í hlaðvarpsþætti Eddu Falak, Eigin konur, sagði hún áreitnina hafa staðið yfir í eitt og háflt ár eftir að hann lánaði henni fyrir útborgun í íbúð. Helgi gaf út yfirlýsingu og baðst afsökunar. ■

Fjölgun NPA-samninga fagnaðarefni

Formaður Öryrkjabandalagsins segist fagna nýju frumvarpi félags- og vinnumarkaðsráðherra, sem samþykkt var á Alþingi og tekur á fjölgun NPA-samninga við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þó megi gera mun betur á mörgum stöðum gagnvart fötluðu fólki.

erlamaria@frettabladid.is



Þuríður Harpa segir gríðarlegan mun að fá 200 þúsund króna frítekjumark í stað 109 þúsunda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FÉLAGSMÁL „Við erum rosalega ánægð með að það hafi tekist að setja meira fjármagn inn í NPA-samninginn og framlengja bráðabirgðaákvæðið þannig að sveitarfélög hafi meiri tíma til þess að geta uppfyllt þessa lögbundnu þjónustu," segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalagsins, um frumvarp Guðmundar Inga Guðbrandssonar, félags- og vinnumarkaðsráðherra, sem samþykkt var á Alþingi í gær.

Frumvarpið tekur á þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Á næsta ári er gert ráð fyrir því að allt að fimmtíu manns muni geta bæst í þann hóp sem nýtir sér NPA-samning, notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk sem þarf aðstoð í daglegu lífi.

„Við erum búin að vera að berjast fyrir því að fá málaflokki fatlaðs fólks sinnt betur, en á þessu ári átti að vera búið að uppfylla 172 samninga. Það eru 95 samningar sem er búið að uppfylla nú þegar og stefnt að því að uppfylla 50 samninga til viðbótar á næsta ári. Það er mikið gleðiefni því að þetta þýðir að þeir einstaklingar sem fá þessa þjónustu munu hafa aukin tækifæri til að taka þátt í samfélaginu á allt annan hátt en áður, á sínum eigin forsendum," segir Þuríður Harpa.

Að sögn Þuríðar Hörpu er NPA þjónustuform sem byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf fatlaðs fólks. Markmiðið sé að tryggja mannréttindi þess á grundvelli samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem geri því kleift að ráða hvar og með hverjum það býr, stjórna hvernig aðstoð við það er skipulögð, hvenær og hvar hún fari fram og hver veiti hana.

> **Þetta þýðir að þeir einstaklingar sem fá þessa þjónustu munu hafa aukin tækifæri til að taka þátt í samfélaginu á allt annan hátt en áður, á sínum eigin forsendum.**
>
> Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalagsins

„Þetta er sá mannréttindasamningur sem fatlað fólk lítur til, þá njóti það ýmissa mannréttinda sem það hefur ekki haft hér á Íslandi áður. En það má gera mikið betur á mörgum stöðum gagnvart fötluðu fólki. Fólki er til dæmis hrúgað inn á stofnanir og það er verið að gera það enn í dag, undir 67 ára aldri, vegna þess að það eru engin úrræði til staðar. En þetta nýja frumvarp er vissulega skref í rétta átt," segir Þuríður Harpa.

Þá hafi öðrum mikilvægum áfanga verið náð í vikunni þegar hækkun frítekjumarks örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega var samþykkt á Alþingi, en að sögn Þuríðar Hörpu hefur frítekjumarkið á þennan hóp ekki verið hækkað í lengri tíma.

„Við erum búin að benda á þetta á hverju einasta ári í fjórtán ár að það verði að hækka frítekjumarkið. Það er gríðarlegur munur á 109 þúsund krónum í dag og að vera með 200 þúsund króna frítekjumark. Þannig að það er rosalega gott að það náðist í gegn og við hvetjum stjórnvöld áfram á sömu braut," segir Þuríður Harpa. ■

Atkvæðagreiðsla um sérkjarasamninga við Icelandair

Atkvæðagreiðsla um nýja sérkjarasamninga VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna við SA fyrir hönd Icelandair vegna félagsfólks hjá farþega- og hleðsluþjónustu og flugeldhúsi á Keflavíkurflugvelli sem og hjá innanlandsflugi hefst kl. 9:00 mánudaginn 19. desember og lýkur kl. 12:00 á hádegi miðvikudaginn 21. desember. Kosið er á skrifstofum félaganna.

Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu VR, vr.is, og vefsíðu Landssambandsins á landssamband.is

VR

LÍV Landssamband íslenzkra verzlunarmanna


Herra
Fagmann
outlet
líka fyrir konur
TROÐFULL VERSLUN AF MERKJAVÖRU
FRÁ EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM
herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND
BOSS
BÚÐIN KRINGLUNNI
HANZ
KRINGLUNNI
Mathilda
Kringlunni
COLLECTIONS
Geirsgata 4 - við Hafnartorg
40-60%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
SUÐURLANDSBRAUT 54 - BLÁU HÚSIN VIÐ FAXAFEN / OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 17 SUNNUDAGA 13 - 17 / SÍMI 568-9512

Enginn miðill geti sótt stuðning umfram aðra

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir um N4-málið að hún hafi stutt tillögu um að auka við fjölmiðlapottinn og leggja sérstaka áherslu á dreifðar byggðir. „Í mínum huga stóð aldrei til að styrkja einhvern einn miðil um háa fjárhæð," segir Katrín.

Hún segir þingflokk VG sammála um að hundrað milljónunum sé ekki ætlað að renna til eins miðils. Spurð hvort það kunni að stangast á við jafnræði í stjórnarskrá eða reglur um fjórfrelsið ef féð verður skilyrt viðtakendum eftir búsetu, telur Katrín svo ekki vera og bendir sem dæmi á sérstakan ríkisstuðning í Noregi við landsbyggðarmiðla.

„Það tíðkast alls staðar innan EES að taka tillit til búsetuskilyrða. En aðalmálið er að reglur séu faglegar og skýrar, það á enginn einn miðill að geta sótt um stuðning umfram annan," segir Katrín.

Hún segist ekki vilja leggja mat á hvort Stefán Vagn Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins í meirihluta fjárlaganefndar, hafi verið vanhæfur í málinu, þar sem mágkona hans sótti um styrkinn fyrir hönd N4. Fram hefur komið að þingmaðurinn vék ekki sæti í málinu.

> Ég held að nefndin þurfi að fara yfir þetta mál.



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

„Mér skilst að hann hafi ekki tekið þátt í umræðunni en hann samþykkti endanlegt nefndarálit," segir Katrín.

Katrín treystir sér aðspurð á þessu stigi ekki til að staðhæfa hvort um spillingu sé að ræða.

„En þetta er vandmeðfarið. Tengsl liggja víða hjá fjárlaganefnd þegar fjárlög íslenska ríkisins eru undir og ég held að nefndin þurfi að fara yfir þetta mál," segir Katrín. ■



RÚV hverfi af markaði og umfang skorið niður

Fjármálaráðherra vill að dregið verði úr umfangi Ríkisútvarps samhliða því að RÚV verði kippt út af auglýsingamarkaði. Ræða þurfi grundvallarmál um hlutverk RÚV.

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra, segir áhugavert hve miklu púðri fjölmiðlar hafi varið í umfjöllun um 100 milljóna króna ríkisstyrk til einkamiðla á sama tíma og þögn ríki um 335 milljóna króna aukafjárframlag til Ríkisútvarpsins. Hann vill að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði.

„Ég held að fyrirferð RÚV sé hluti skýringarinnar, að þessi umræða komi upp, Ríkisútvarpið er verulega fyrirferðarmikið og hefur áhrif á getu hinna miðlanna til að starfa. Ríkisútvarpið varpar stórum skugga yfir allan fjölmiðlamarkaðinn, það er erfitt að þrífast í skugga Ríkisútvarpsins í slagnum um auglýsingafé," segir Bjarni.

Fjármálaráðherra segir að fleira hafi áhrif á rekstrarvanda einkarekinna fjölmiðla, sem dæmi hve stór hluti af auglýsingafjárkökunni fari í samfélagsmiðla.

„En mér finnst dæmigert í umræðunni að núna skulum við eyða svo miklu púðri í að ræða þá hugmynd á Alþingi að 100 milljónir renni til viðbótar einkarekinna fjölmiðla en enginn ræði að það fara 335 milljónir til viðbótar til Ríkisútvarpsins beint úr vasa skattgreiðenda," segir Bjarni.

Þar vísar Bjarni til hækkunar á útvarpsgjaldinu sem skilar sér beint í auknar tekjur RÚV. Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði fram tillögu um að fallið yrði frá hækkun gjaldsins sem hefði komið í veg fyrir þessa aukningu framlaga. Sú tillaga var felld.

Spurður hvort Bjarni telji að taka eigi RÚV af auglýsingamarkaði svarar hann:

„Já, mér fyndist það mjög æskilegt að kippa RÚV út af auglýsingamarkaði, vandinn pólitískt er hvað ætti að gera í staðinn."

Bjarni segir ólíkar skoðanir á Alþingi um framtíð og fjármögnun RÚV.

„Sumum finnst að það ætti að koma beint úr ríkissjóði það sem tapast með auglýsingatekjum, meðan aðrir segja að hækka eigi lögboðið gjald. Þá myndu heimili og lögaðilar þurfa að greiða hærra gjald vegna tapaðra tekna, en svo er það þriðji hópurinn sem segir að draga ætti úr umfanginu. Þessi sjónarmið hefur ekki náðst að sameina," segir Bjarni.



Ríkisútvarpið yrði að gerbreyta starfsemi sinni ef stofnunin hverfur af auglýsingamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Okkar skoðun er að það eigi að draga úr umfanginu og það sé vel hægt, samhliða því að RÚV dragi sig út af auglýsingamarkaði.



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

Fjármálaráðherra segir einhug í þingflokki Sjálfstæðisflokksins um að hækka ekki útvarpsgjaldið.

„Okkar skoðun er að það eigi að draga úr umfanginu og það sé vel hægt, samhliða því að RÚV dragi sig út af auglýsingamarkaði. Nú gefst líka tækifæri til að fara dýpra í grundvallarspurningar um hlutverk Ríkisútvarpsins, það held ég að yrði holl umræða," segir Bjarni.

Einar Logi Vignisson, auglýsingastjóri Ríkisútvarpsins, segir að RÚV hafi ekki skoðun á því hvort það sé á auglýsingamarkaði eða ekki, lög í landinu segi til um það.

Auglýsingastjórinn segir að undanfarin ár hafi þessi mál verið margrædd. „Þetta er ekki bara mál Ríkisútvarpsins sjálfs heldur snertir þetta hagsmuni fjölda fyrirtækja, fjölda auglýsenda á landinu sem hafa á þessu miklar skoðanir," segir Einar Logi.

Auglýsingatekjur RÚV losuðu um tvo milljarða í fyrra sem er nálægt þriðjungi af rekstrarfé. ■

20% AFSLÁTTUR FRAM TIL JÓLA


AF THE NORTH FACE SKÓM


AF ASICS SKÓM



AF HOKA SKÓM


AF DEUTER SPEEDLITE BAKPOKUM


AF BARNAFATNAÐI

25%

AF PÍLUVÖRUM

ÚTILÍF síðan 1974

MEÐ ORKUNNI Í LIÐI

ALLIR Í BÁTANA



Hlöllabátar síðan 1986

- Bústaðavegur
- Hagasmári

Gríptu Gló!



- Dalvegur
- Fitjar
- Vesturlandsvegur

BEZT AÐ BORÐA

Bæjarins beztu pylsur

- Dalvegur
- Fitjar
- Vesturlandsvegur

Orkulykilinn hringir inn jólin!

Við eigum frábæra vini sem hjálpa þér að grípa góða orku á ferðinni. Vinir okkar á Orkustöðvunum bjóða viðskiptavinum með Orkulykil afslætti af matseðli.

Megi orkan vera með þér!

Kynntu þér afslætti frá vinum okkar hér





Það var eldflaug af tegundinni Ariane 5 sem fór með veðurtunglið frá Franska Gvæjana út í geim vikunni. MYND/ESA

Von á nákvæmari veðurspá

Nýtt veðurtungl Evrópsku geimvísindastofnunarinnar markar kaflaskil í veðurathugun. Meðal annars fær Veðurstofa Íslands aðgang að eldingamæli sem er mikilvægt fyrir flugumferð.

kristinnpall@frettabladid.is

VEÐUR Evrópska geimvísindastofnunin skaut nýju veðurtungli út í geim í vikunni, sem á að marka kaflaskil í veðurathugun. Veðurstofa Íslands er afar spennt að komast yfir gögnin úr gervihnettinum.

„Við fögnuðum þessu með köku hérna á Veðurstofunni, það er svo mikil spenna fyrir þessum tímamótum," segir Elín Björk Jónasdóttir, hópstjóri veðurþjónustu, aðspurð út í þessi tímamót.

„Veðurtunglin eru okkur ofboðslega mikilvæg til að fylgjast með breytingum í rauntíma. Áður fyrr var lítið um veðurathuganir og það kom fyrir að lægðir komu upp á land sem enginn vissi af, því þær fóru fram hjá þeim fáu veðurathugnarstöðvum sem voru til staðar. Þegar fyrsta veðurtunglið fór á loft hófst nútímaveðurfræðikaflinn og veðurtunglunum hefur fjölgað hratt á fimm áratugum."

Elín segir að þetta hafi verið fyrsta veðurtunglið af þremur sem er á leiðinni út í geim og segir að þetta eigi eftir að hafa jákvæð áhrif víða.

„Þetta er fyrsta veðurtunglið af þremur sem eru búin mun betri tækni og skila okkur betri myndum. Við notumst við tvenns konar veðurtungl, sístöðutungl sem skila gögnum á fimm mínútna fresti og

> Við vorum ekki nægilega vel sett í eldingamælingum, en þetta verður gríðarlega mikilvægt fyrir flugumferðina sem er að aukast við Ísland.



Elín Björk Jónasdóttir, hópstjóri hjá Veðurstofu Íslands

póltungl sem eru alltaf á sporbaug um jörðu. Póltunglin skila betri gögnum en það er lengri bið á milli þess að þau skili inn efni, en með þessu erum við að fá gögn líkari þeim sem við fáum í póltunglunum en í rauntíma," segir Elín og að þetta gjörbreyti eftirliti með eldingum.

„Með þessu fáum við afnot af eldingamæli sem fylgist með stöðunni hérna yfir hafinu suður af Íslandi. Við vorum ekki nægilega vel sett í eldingamælingum, en þetta verður gríðarlega mikilvægt fyrir flugumferðina sem er að aukast við Ísland. Þó að eldingamælirinn eigi líklegast ekki eftir að ná upp á land á Íslandi nær þetta flugumferðarsvæðinu fyrir sunnan Ísland og með því sjáum við hvað er væntanlegt til landsins."

Hún segir að þetta eigi fyrst og fremst eftir að skila meiri nákvæmni í veðurspám.

„Þetta verður fyrst og fremst jákvætt skref í veðurspám. Með þessu getum við betur mælt raka í andrúmslofti og mengun, og getum birt nákvæmari spár. Það er bylting-in sem hefur verið talað um," segir Elín. „Þær aukast alltaf kröfurnar. Fólk vill fá nákvæma spá fyrir pallinn á sumarbústaðnum sínum," segir Elín kímin, aðspurð hvort allar spár héðan í frá verði nákvæmar.

Hún segir að þetta gefi Veðurstofunni betri möguleika til að spá fyrir um ofsaveður.

„Það er mikilvægur punktur í þessu, að þetta er betri vettvangur til að sjá fyrr upplýsingar um ofsaveður og koma því áleiðis. Á svæðum í Evrópu þar sem hætt er við skyndiflóðum af völdum eldinga gæti þetta reynst afskaplega mikilvægt. Svo verður hægt að sjá betur hvar er von á skýstrókum og eldingaveðrum sem kosta mannslíf á hverju ári," segir Elín, sem tekur undir að þetta bæti allt starf Veðurstofunnar.

„Í grunninn ætti þetta að hjálpa okkur að skila nákvæmari veðurspám og að auka möguleika okkar á að fylgjast með náttúruvám, jöklaþróun, loftslagsbreytingum og jarðhræringum, þó að það sé auðvitað margt sem við þurfum að læra fyrst."

Elín kveðst sjálf vera orðin mjög spennt. „Heldur betur. Ég minntist á það á samskiptamiðlum á sínum tíma að ég væri öfundssjúk að sjá gögnin sem NASA var með undir höndum, en nú erum við að fá sömu gögn." ■

Vöðvasullur í sláturlömbum

benediktboas@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Vöðvasullur hefur greinst í sauðfé á svæði Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Þetta kom fram á bæjarráðsfundi Hornafjarðar í vikunni. Var starfsmönnum falið að minna alla dýraeigendur á að sinna ormahreinsun árlega svo komið verði í veg fyrir að vöðvasullur berist á milli dýra.

Á fundi Heilbrigðisnefndar Austurlands í byrjun mánaðarins kom fram að tíðindin væru mikil vonbrigði og merki þess að sóttvarnaraðgerðum gegn útrýmingu sulls sé ekki framfylgt eins og vera ber. „Hvergi má víkja frá þessum sóttvörnum og nauðsynlegt að



Vöðvasullsbandormurinn smitast ekki í fólk en sullurinn veldur skemmdum á kjöti og að öllum líkindum vanlíðan fyrir sýkt fé.

tryggja að allir hundar séu bandormahreinsaðir árlega eftir sláturtíð eins og lög og reglur segja til um, og að hindra að þeir komist í hrámeti, svo sem sláturúrgang," segir í bókun nefndarinnar.

Á heimasíðu MAST segir að vöðvasullur í sauðfé sé blöðrur í vöðvum kinda sem innihalda lirfur bandormsins Taenia ovis, sem lifir í hundum og refum. Þegar hundur eða refur étur hrátt kjöt sem inniheldur slíkar blöðrur komast lirfurnar í meltingarveginn þar sem þær verða að ormum. Egg ormanna fara út með saur og geta þaðan borist í sauðfé. Til að stöðva hringrásina er mikilvægt að eigendur láti ormahreinsa hunda sína. ■





Jólaútsala



Opnunartími yfir jólahátíðina:

- 15.-23. des: opið frá kl 10-22
- 24. desember: opið frá kl 10-14
- 27. desember: opið frá kl 10-19
- 28.-30. des: opið frá kl 10-21
- 31. desember: opið frá kl 10-14







GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



Ekkert pláss er í dómnefnd vegna þróunar Keldna og Keldnaholts fyrir íbúa Grafarvogs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ekkert pláss fyrir íbúa í átta manna dómnefnd

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Ekki er pláss fyrir fulltrúa Grafarvogs í átta manna dómnefnd vegna uppbyggingar Keldna og Keldnaholts, sem er í Grafarvogi.

Meirihlutinn í borgarráði hafnaði tillögunni og bendir á í bókun sinni um málið að dómnefndin hafi þegar verið skipuð. Þar sitja fulltrúar Reykjavíkurborgar, fulltrúar eigenda landsins og erlendir sérfræðingar.

Þegar niðurstaða dómnefndarinnar liggur fyrir fer hún í hefðbundið umsagnarferli og samráð við íbúa í Grafarvogi.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins bentu á að um væri að ræða stærsta skipulagsmál í Grafarvogi í áratugi og miðað við stærðina á dómnefndinni hefði verið auðvelt að hleypa fulltrúa íbúaráðs og íbúasamtaka þar inn. „Borgarstjórnarmeirihlutinn kýs að virða þær óskir að vettugi. Sú afgreiðsla sýnir að tyllidagaskvaldur fulltrúa meirihlutans um aukið gagnsæi og samráð við íbúa um mikilvægar ákvarðanir, er innantómt og merkingarlaust," bendir flokkurinn á. ■

LEIÐRÉTTING

Vegna rangra upplýsinga frá dómsmálaráðuneytinu varðandi fargjöld kom fram í gær að meðalferð Jóns Gunnarssonar kostaði rúmar 444 þúsund krónur. Hið rétta er að hún kostaði 294 þúsund.

Fimmfalt fleiri alþjóðlegir nemendur og ný álma risin við Landakotsskóla

Fjöldi alþjóðlegra nemenda í Landakotsskóla hefur fimmfaldast á síðustu átta árum. Að sögn skólastjóra hefur aukningin verið talsverð áskorun fyrir skólann, að hluta til vegna plássleysis. Ný álma hafi hins vegar verið tekin í notkun í síðustu viku.

erlamaria@frettabladid.is



Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Landakotsskóla, og Laurie Anne Berg, deildarstjóri alþjóðadeildar Landakotsskóla.

MENNTUN „Þegar alþjóðadeildin var fyrst stofnuð við skólann árið 2015 voru 24 erlendir nemendur skráðir hjá okkur. Undanfarin ár hefur þeim fjölgað talsvert, en núna erum við með rúmlega 130 nemendur í alþjóðadeildinni og um 230 í íslensku deildinni," segir Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Landakotsskóla.

Í síðustu viku var ný álma tekin í notkun sem stækkar skólann um fjórar skólastofur. Ingibjörg segir að slíkt hafi verið löngu tímabært.

„Við erum búin að vera í vandræðum með pláss, þar sem við tókum við nýjum nemendum núna í haust. Þannig að við erum búin að vera að leigja stofu út á Hallveigarstöðum. Nýja álman er kærkomin viðbót, en að því sögðu þyrftum við þó í rauninni að fá aðeins meira pláss þar sem allir bekkir, bæði í íslensku deildinni og alþjóðadeildinni, eru svo til fullir," segir Ingibjörg.

Að sögn Laurie Anne Berg, deildarstjóra alþjóðadeildarinnar, hefur alþjóðlegum nemendum fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Þó hafi hlutfall barna frá Indlandi hækkað mest allra þjóðerna.

„Við erum með rúmlega fimmtíu indverska nemendur, sem er mikil breyting frá síðustu árum. Við höfum ekki talið fjölda tungumálanna sem nemendurnir tala sín á milli, en þjóðernin eru alls fjörutíu og tvö," segir Laurie.

Alþjóðadeildin vinnur út frá Cambridge-námskránni sem Laurie segir að gefist mjög vel. Í skólanum séu bæði íslenskumælandi sem og enskumælandi kennarar, sem gefi skólanum alþjóðlegan blæ.

> Við höfum ekki talið fjölda tungumálanna sem nemendurnir tala sín á milli, en þjóðernin eru alls fjörutíu og tvö.
>
> Laurie Anne Berg

„Kennslan við alþjóðadeildina fer fram á ensku og það er skemmtilegt að sjá hversu vel nemendunum er að takast að aðlagast íslensku skólasamfélagi, sama frá hvaða landi þau koma," segir Laurie.

„Krakkarnir tala oft um hversu mikið þau elska að búa á Íslandi. Hér sé svo mikið frelsi. Fyrir mörg er það mikil nýbreytni að geta verið úti án þess að það sé verið að hafa eftirlit með þeim," bætir hún við.

Aðspurð segir Laurie ástæðurnar að baki veru barnanna hér á landi af ýmsum toga.

„Við erum til dæmis með nemendur sem eiga foreldra sem eru erindrekar hér á landi. Þá eru sum hingað komin vegna atvinnutækifæra foreldra og sum vegna stríðsins í Úkraínu. Þannig að ástæðurnar eru alls konar. En það er svo fallegt að sjá bæði úkraínska og rússneska nemendur saman í bekk, hlið við hlið. Að sjá svona marga menningarheima koma saman og verða eitt samfélag," segir Laurie. ■

> Á átta árum hefur alþjóðlegum nemendum skólans fjölgað úr 24 í rúmlega 130.



Sautján milljóna króna bæklingur

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Bæklingur um uppbyggingu íbúða, sem sendur var á öll heimili á höfuðborgarsvæðinu, degi eftir að upplýst var um 15,3 milljarða rekstrarhalla borgarsjóðs kostaði borgina tæpar 17 milljónir með virðisaukaskatti. Þetta kemur fram í svari skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, við fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins um kostnaðinn við bæklinginn.

Ritið var unnið af almannatengslafyrirtækinu Athygli ehf. og var ákvörðun um útgáfuna tekin á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Ritform ehf. sá um hönnun og umbrot.

Upplag ritsins var 60.500 eintök en ekki var farið í útboðsferli fyrir einstaka liði enda fóru þeir ekki yfir viðmið um útboð og verðfyrirspurn, samkvæmt svarinu.

Sjálfstæðisflokkurinn bókaði á borgarráðsfundi að bæklingar af þessu tagi séu augljóst tækifæri til niðurskurðar sem meirihlutinn hafi vannýtt. „Til samanburðar hefur meirihlutinn ákveðið að skera niður bókakaup til bókasafna grunnskólanna sem nemur 9 milljónum árlega. Hefur niðurskurðartillagan vakið mikla reiði meðal skólastjórnenda. Betur hefði farið á því að fjárfesta í bókum fyrir grunnskólabörn heldur en bæklingi með upplýsingum sem vel mætti gera aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar," segir í bókuninni.



Félagsmiðstöðvar lentu í niðurskurðarhníf borgarinnar en þó var nóg til til að dreifa 60 þúsund eintökum um uppbyggingu húsnæðis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Upplag ritsins var 60.500 eintök.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalistaflokksins benti á að ritið kostaði meira en kostnaðurinn við að halda félagsmiðstöðvum fyrir unglinga opnum til klukkan 22.00 á ársgrundvelli. „Nær hefði verið að skera niður við gerð þessa rits og tryggja þess í stað að unglingar hafi gott athvarf í formi félagsmiðstöðva, en starfsfólk og þau sem koma að starfi miðstöðvanna hafa gagnrýnt þessar aðgerðir um að loka fyrr." ■

Kia Niro Plug-in Hybrid

Tilbúinn til afhendingar.



65 km drægi á rafmagni

Afborgun á mánuði:
68.377 kr.**
Staðgreiðsluverð: 5.990.777 kr.

Movement that inspires

Tilbúinn til afhendingar í dag. Skottmotta og vetrardekk fylgja í desember!

Kia Niro fylgir nýtt útlit, nýstárlegt farþegarými og ný yfirbygging sem gerð er úr sjálfbærum efnum og undirstrikar framtíðarsýn Kia. Með því að bjóða upp á umhverfisvænni valkosti býðst þér útfærsla sem stuðlar að grænni framtíð.

Komdu og reynsluaktu.

7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Umboðsaðilar Kia um land allt.
Höldur, KSteinarsson, BVA, Bílasala Selfoss, Bílás.

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánari upplýsingar askja.is/hledslulausnir

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd

**Miðað við 70% fjármögnunarhlutfall til 84 mánaða með 9,25% vöxtum. Heildarkostnaður: 7.610.680 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,27%



Mikil mótmæli hafa staðið yfir í Perú seinustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Óeirðir halda áfram í Perú

helgisteinar@frettabladid.is

PERÚ Að minnsta kosti fjórtán mótmælendur hafa látið lífið í óeirðum í Perú. Stjórnvöld eru búin að lýsa yfir neyðarástandi í kjölfar mikilla mótmæla sem hófust eftir að Pedro Castillo, fyrrverandi forseti landsins, var handtekinn.

Ríkisstjórn Perú kynnti neyðarlög á miðvikudaginn og sagði að lögin myndu gilda í 30 daga. Perúski herinn hefur verið sendur á götur landsins og hafa stjórnvöld meðal annars bannað mótmæli og fjöldasamkomur.

Mótmælin hafa sameinað marga ólíka hópa í landinu, þar á meðal verkalýðsfélög og frumbyggja úr Amazon-regnskóginum.

Mótmælin hafa sameinað marga ólíka hópa í landinu, þar á meðal verkalýðsfélög og frumbyggja úr Amazon-regnskóginum. Fólkið segist líta á nýjan forseta Perú, Dinu Boluarte, sem valdaræningja og hefur kallað eftir því að hún segi af sér og að Pedro Castillo verði komið aftur fyrir á valdastóli.

Utanríkisráðherrann hefur einnig tilkynnt að sendiherrar Perú í Argentínu, Kólumbíu, Mexíkó og Venesúela verði kallaðir heim, þar sem ríkisstjórnir þessara ríkja hafa ekki viðurkennt Boluarte sem forseta.

Margir ferðamenn eru einnig strandaglópar við ferðamannastaðinn Machu Picchu. Eina leiðin inn og út af svæðinu er með lest sem hefur verið skemmd af mótmælendum og hafa embættismenn meðal annars beðið um þyrlur til að hjálpa við að flytja ferðamenn út af svæðinu. ■

Kína glímir við mjög sársaukafulla enduropnun eftir sóttvarnaaðgerðir

Kínverski efnahagurinn hefur ekki séð jafn drjúgan vöxt í marga áratugi og atvinnuleysi í landinu hefur aukist til muna. Hagfræðingar spá því að næstu mánuðir verði sérstaklega erfiðir á meðan þjóðin reynir að komast aftur í eðlilegt horf.

helgisteinar@frettabladid.is

KÍNA Atvinnuleysi í Kína hefur aukist í kjölfar harðra sóttvarnaaðgerða sem stjórnvöld framfylgdu síðastliðna mánuði. Hagfræðingar spá því að efnahagur landsins muni ná sér á endanum en búast ekki við skjótum gróða á næstunni.

Ástandið á vinnumarkaðnum er verst meðal farandverkamanna, það er að segja verkamanna sem hafa flust frá landsbyggðinni til stórborga í leit að verksmiðjuvinnu og öðrum þjónustustörfum. Í gegnum tíðina hefur þessi hópur verið eitt mikilvægasta tannhjólið í kínverska efnahagnum, en í nóvember voru rúmlega sex prósent þeirra án vinnu.

Atvinnuleysi á landsvísu hefur einnig hækkað upp í 5,7 prósent og hefur atvinnuleysi ekki verið það hátt síðan í maí síðastliðnum þegar öllu var skellt í lás í stórborginni Sjanghæ. Ef litið er á 31 stærstu borg landsins er atvinnuleysi komið upp í 6,7 prósent.

Iðnaðarframleiðsla jókst aðeins um 2,2 prósent, sem er rúmlega helmingi minna en hún var í október. Fasteignamarkaðurinn drósst einnig saman um 9,8 prósent á fyrstu ellefu mánuðum ársins, en sá markaður sér fyrir rúmlega 30 prósentum af allri landsframleiðslu Kína.

Stjórnvöld í Kína afléttu nýlega ströngustu sóttvarnareglum í landinu í kjölfar mikillar mótmælaöldu um allt land síðustu vikur. Mikil reiði hefur verið á meðal Kínverja, sem margir hverjir voru sendir í einangrunarbúðir eftir að upp komst um smit eða lentu í því að gæludýrum þeirra var lógað af heilbrigðisstarfsfólki.

Hagvöxtur í Kína hefur ekki verið svona drjúgur síðan Mao Zedong lést árið 1976 og byrjað var að opna hagkerfi landsins. Hagfræðingar spá því að vöxtur í Kína muni haldast í kringum 2,8 til 3,2 prósent á næstu mánuðum.

Skyndileg ákvörðun stjórnvalda um afléttingar á sóttvarnareglum hefur valdið ákveðnu uppnámi í landinu og eru margir Kínverjar hræddir um að smitast af Covid-19. Mikil truflun hefur verið í atvinnulífinu og er algengt að sjá auða veitingastaði og tómar verslunargötur. Verksmiðjur í landinu glíma einnig við skort á bæði starfsfólki og birgðum.

Hagfræðingar japanska fjármálarisans Nomura telja að efnahagsástandið hafi líklega verið helsta ástæða þess að kínversk stjórnvöld breyttu skyndilega um stefnu og afléttu sóttvarnareglum en benda á að næstu mánuðir verði afar erfiðir fyrir kínverska efnahaginn.

„Við spáum því að það verði mikil útbreiðsla á Covid-smitum í kringum kínverska nýárið í lok janúar þegar fólk byrjar að ferðast um landið og mun það hafa mikil áhrif á efnahagslífið. Við höldum áfram að vara fólk við því að enduropnun kínverska hagkerfisins verði mjög erfið og sársaukafull.“ ■



Atvinnuleysi í Kína er komið upp í 5,7 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Atvinnuleysi í Kína eykst

Á meðan stjórnvöld í Kína aflétta sóttvarnaaðgerðum hefur atvinnuleysi í landinu stóraukist og þá sérstaklega á meðal farandverkamanna.



Heimildir: Bloomberg, CNN Mynd: Newscom © GRAPHIC NEWS

Iðnaðarframleiðsla jókst aðeins um 2,2 prósent.



MUNUM EFTIR
FJÖLNOTA
POKUNUM

OPNUNARTÍMAR
UM HÁTÍÐIRNAR

VERSLUM TÍMANLEGA
FYRIR HÁTÍÐIRNAR
Það er rólegra hjá okkur fyrri hluta dagsins og vikunnar.

Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Reykjanesbæ og Selfossi

Laugardagur 17. desember	11.00-18.00
Sunnudagur 18. desember	Lokað
Mánudagur 19. desember	11.00-18.00
Álfrún, Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur	10.00-20.00
Þriðjudagur 20. desember	11.00-18.00
Álfrún, Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur	10.00-20.00
Miðvikudagur 21. desember	11.00-18.00
Álfrún, Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur	10.00-20.00
Fimmtudagur 22. desember	**11.00-19.00**
Kringlan og Smáralind	**11.00-20.00**
Álfrún, Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur	10.00-20.00
Föstudagur 23. des. – Þorláksmessa	**10.00-22.00**
Laugardagur 24. des. – aðfangadagur	**9.00-13.00**
Sunnudagur 25. desember – jóladagur	Lokað
Mánudagur 26. desember – annar í jólum	Lokað
Þriðjudagur 27. desember	11.00-18.00
Álfrún, Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur	10.00-20.00
Miðvikudagur 28. desember	11.00-18.00
Álfrún, Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur	10.00-20.00
Fimmtudagur 29. desember	11.00-18.00
Álfrún, Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur	10.00-20.00
Föstudagur 30. desember	**10.00-20.00**
Laugardagur 31. des. – gamlársdagur	**9.00-14.00**

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

Við minnum á að áfengiskaupaaldurinn á Íslandi er 20 ár og biðjum fólk að hafa skilríki meðferðis.

VÍNBÚÐIN



Jólatilboð

CHRISTO
Borðstofuborð, hvítolíuborin eik. Ø120 cm.
99.990 kr. ~~139.990 kr.~~
SPARAÐU 40.000 KR.



BELINA
Borðstofuborð, hvít plata með eikarfótum. 100×170 cm.
99.990 kr. ~~119.990 kr.~~
SPARAÐU 20.000 KR.



ECLIPSE
Borðstofuborð, svartur askur. Stækkanlegt. 200 × 110 × 77 cm.
249.990 kr. ~~279.990 kr.~~
SPARAÐU 30.000 KR.



ROXBY
Eldhúsborð, eik. Ø105 cm.
29.990 kr. ~~39.990 kr.~~
SPARAÐU 10.000 KR.



PINTO
U-sófi með vinstri eða hægri tungu. Koníakslitað Kentucky bonded leður. 349 × 206 × 85 cm.
349.990 kr. ~~419.990 kr.~~ **SPARAÐU 70.000 KR.**



CHARLIETOWN
3ja sæta sófi, dökkrátt áklæði. **134.990 kr.** ~~169.990 kr.~~
SPARAÐU 35.000 KR.
2ja sæta sófi, dökkrátt áklæði. **119.990 kr.** ~~149.990 kr.~~
SPARAÐU 30.000 KR.



VENICE
3ja sæta sófi, svart split leður. **239.990 kr.** ~~299.990 kr.~~
SPARAÐU 60.000 KR.
2ja sæta sófi, dökkrátt áklæði. **194.990 kr.** ~~239.990 kr.~~
SPARAÐU 45.000 KR.



NATUZZI EDITION B988
3ja sæta sófi með gæðaleðri. 205 × 88 × 76 cm.
369.990 kr. ~~459.990 kr.~~ **SPARAÐU 90.000 KR.**



LIAM
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. 267 × 160 × 93 cm.
389.990 kr. ~~479.990 kr.~~ **SPARAÐU 90.000 KR.**



MATIS
U-sófi með hægri eða vinstri tungu. 317 × 186 × 78 cm.
229.990 kr. ~~279.990 kr.~~ **SPARAÐU 50.000 KR.**



LUCIA
Hornsófi, hægra eða vinstra horn. 310 × 204 × 81 cm.
469.990 kr. ~~569.990 kr.~~ **SPARAÐU 100.000 KR.**



PADDOCK
3ja sæta sófi. Dökkgrátt áklæði. 298 × 120 × 74 cm.
399.990 kr. ~~499.990 kr.~~ **SPARAÐU 100.000 KR.**



OREGON
Hornsófi, hægra eða vinstra horn. 319 × 215 × 82 cm.
379.990 kr. ~~499.990 kr.~~ **SPARAÐU 90.000 KR.**

Reykjavík Bíldshöfði 20 — **11 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
Akureyri **Dalsbraut 1** — **11 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
Ísafjörður **Skeiði 1**
www.husgagnahollin.is 558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



BRISTOL
Hægindastóll, grátt velvet.
79.990 kr. ~~99.990 kr.~~
SPARAÐU 20.000 KR.



CANNES
Hægindastóll með skammel.
Ýmsir litir. 149.990 kr. ~~199.990 kr.~~
SPARAÐU 50.000 KR.



ATALAYA
Sófaborð með blaðahirslu. Svört keramikplata. 115 × 58 × 45 cm.
49.990 kr. ~~69.990 kr.~~ SPARAÐU 20.000 KR.



PARIS
Hægindastóll, ýmsir litir.
49.990 kr. ~~59.990 kr.~~
SPARAÐU 10.000 KR.



GRAN
Hægindastóll, ýmsir litir.
79.990 kr.
~~99.990 kr.~~
SPARAÐU 20.000 KR.



KARE BRISTOL
Hægindastóll, ýmsir litir.
79.990 kr. ~~99.990 kr.~~
SPARAÐU 20.000 KR.



VEGA
Sófaborð. Hvítur eða svartur marmari.
140 × 70 cm 89.990 kr. ~~119.990 kr.~~
SPARAÐU 30.000 KR.

VEGA
Sófaborð. Hvítur eða svartur marmari.
90 × 90 cm 69.990 kr. ~~99.990 kr.~~
SPARAÐU 30.000 KR.



OTTOWA
Borðstofustóll, grátt eða grænt velvet eða grátt PU leður. 23.990 kr. ~~29.990 kr.~~
SPARAÐU 6.000 KR.



ONTARIO
Borðstofustóll, grár eða drapplitaður.
26.990 kr. ~~33.990 kr.~~
SPARAÐU 7.000 KR.



CRESTON
Borðstofustóll, ýmsir litir.
31.990 kr. ~~39.990 kr.~~
SPARAÐU 8.000 KR.



ASAMA
Borðstofustóll, svart PU leður.
10.990 kr. ~~14.990 kr.~~
SPARAÐU 4.000 KR.

SUNMOON
Sófaborðasett, brons.
Ø78 cm.
39.990 kr. ~~49.990 kr.~~
SPARAÐU 10.000 KR.





NOLA
Sófaborð, reyklituð eik.
Ø90 × 45 cm.
59.990 kr. ~~74.990 kr.~~
SPARAÐU 15.000 KR.



Jóladagatal
Húsgagnahallarinnar

Drögum út einn heppinn á dag til jóla.

Skannaðu QR kóðann
og taktu þátt

HÚSGAGNA
HÖLLIN



Unnur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu, var útnefnd sú áhrifamesta í Evrópu. MYND/JÓN GÚSTAFSSON

Stór stökk í vísindum á árinu

Sebrafiskar, mammútsungi, nanó-vélmenni og rörsýni úr íslenskum stöðuvötnum. Fréttablaðið leit yfir nokkra af helstu viðburðum vísindanna á árinu, bæði á erlendum og innlendum vettvangi.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Október Unnur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu og forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, var útnefnd áhrifamesta vísindakona Evrópu og sú fimmta áhrifamesta í heiminum, á lista sem vefurinn Research.com tók saman. Fram kemur á Research.com að tilvitnanir í rannsóknir sem Unnur hefur komið að séu hátt í 190 þúsund og birtingar hennar rúmlega 460, á því tímabili sem liggur til grundvallar listanum.

Unnur hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir störf sín og fékk meðal annars riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag á vettvangi erfðarannsókna og vísinda árið 2017.

Lesa náttúrusögu af vatnasýnum

Júlí Gagnasöfnun í einni stærstu vatnarannsókn heims lauk hér á Íslandi. Tekin voru sýni úr 52 stöðuvötnum sem verða greind til að finna erfðaefni dýra og plantna allt að 14 þúsund ár aftur í tímann. Setlögunum er safnað í stór rör, frá tveggja til tíu metra löngum.

Setlögin úr stöðuvötnunum geta sagt okkur hvernig lífríkið og loftslagið var í fortíðinni. Wesley Farnsworth, nýdoktor við Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla, leiðir rannsóknina. Hún er unnin á vegum Rannsóknaseturs Margrétar II. Danadrottningar og Vigdísar Finnbogadóttur, um haf, loftslag og samfélag, ROCS.

Sebrafiskar me ð ADHD

Nóvember Rannsókn vísindamanna sprotafyrirtækisins 3Z lofar góðu hvað varðar lyfjagjöf fyrir þá sem eru með ADHD. Hafa þeir prófað stór lyfjasöfn á sebrafiskum til að finna þau lyf sem henta best.

Í dag er metýlfenídat notað gegn ADHD. Það er örvandi, hefur miklar aukaverkanir og því fylgir hætta á misnotkun. Auk þess virkar það aðeins fyrir um 65 prósent sjúklinga.

Helstu niðurstöður 3Z eru þær að fjögur áður þekkt lyf og eitt nýtt lyf gefi góða svörun gegn ADHD. Þessi





Wesley Farnsworth, nýdoktor við HÍ og Kaupmannahafnarháskóla



Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í næringarfræði við HÍ



Haraldur Þorsteinsson, einn af stofnendum 3Z

» 3Z hefur prófað blóðþrýstingslyf á sebrafiskum gegn ADHD.

áður þekktu lyf eru í dag notuð gegn of háum blóðþrýstingi. Þau hafa verið lengi á markaði, hafa litlar aukaverkanir og ekki er hætta á misnoktun.

Greind barna tengist joðneyslu

Desember Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í næringarfræði við Háskóla Íslands, hefur rannsakað neyslu landsmanna á joði.

Eitt þúsund barnshafandi konur hafa tekið þátt í rannsókninni, þar sem þvag- og blóðprufur hafa verið teknar til að sýna næringarástand þeirra, en einnig hefur verið fylgst með þróun á þarmaflóru fjölda barna þeirra kvenna sem þátt tóku í rannsókninni.

Rannsóknarteymi Ingibjargar hefur einkum horft til þess hvaða næring hefur helst áhrif á heilsu móður og barns og hvað skortur á ákveðnum bætiefnum getur haft í för með sér. Lítið joð hjá barnshafandi konum hefur verið tengt við lakari frammistöðu barna á greindarprófum. ■


2024
Milljóla
LEIKUR
24 spilarar vinna heila milljón hver
DREGIÐ 24. DESEMBER
Milljólaleikurinn hringir inn jólin á aðfangadag. Það eina sem þú þarft að gera til að komast í pottinn er að vera með áskrift eða kaupa 10 raðir eða meira í Lottó, Vikinglotto eða EuroJackpot. 24 heppnir spilarar fá svo heila milljón með jólapökkunum!
Nánar á lotto.is
EURO JACKPOT
viking lotto
Lottó

Fjárlagasukk



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það hefur verið beinlínis átakanlegt að fylgjast með störfum fulltrúa meirihluta fjárlaganefndar Alþingis á síðustu dögum, þar sem þeir hafa varið með kjafti og klóm sértæka fjárúthlutun á hundrað milljóna króna styrk til sjónvarpsstöðvarinnar N4 á Akureyri, en þar hefur farið saman glórulaus spilling og sprúðlandi misbeiting á fjárheimildum ríkissjóðs.

Sjaldan ef nokkurn tíma í seinni tíma sögu löggjafarsamkundunnar hefur landsmönnum birst jafn mikill hroki og einbeittur ósómi í afgreiðslu fjár úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og einmitt við þá ákvörðun stjórnarmeirihlutans að hlaða fé á einn fjölmiðil, umfram aðra, þvert á jafnræðisreglu og almenna skynsemi um úthlutun almannafjár.

Reglur um ríkisstyrki til handa einkareknum fjölmiðlum á allra síðustu árum hafa verið jafn almennar og þær hafa verið umdeildar, en almennar hafa þær þó alltént verið, fram að þessu, altso að allir sitji við sama borð.

En þá ákveður formaður fjárlaganefndar upp á sitt einsdæmi að fara á svig við almennu reglurnar og rétta einum miðli í eigin héraði svo sem eins og hundrað milljóna króna dúsu, óravegu frá umsvifum hans miðað við aðra fjölmiðla í landinu, og fær til þess samþykki frá mági helsta stjórnanda viðkomandi fjölmiðils sem situr einnig í fjárlaganefnd.

Og allt er þetta gert án vitneskju þess ráðherra sem fer með málaflokk fjölmiðla, en sá hinn sami vissi ekki betur en að fara ætti að almennum reglum um stuðninginn við einkarekna fjölmiðla þegar hann var spurður út í þennan einleik meirihluta fjárlaganefndar.

Og formaður nefndarinnar, spurður um hugsanlegt vanhæfi mágsins, hefur á orði að sá hinn sami hafi ekki komið að afgreiðslunni að öðru leyti en því að hann hefði skrifað undir samþykkt meirihlutans.

Aldrei á seinni tímum hefur íslensk þjóð fengið álíka forskot á Áramótaskaupið.

En þetta gerist samt án verulegra athugasemda frá forkólfum ríkisstjórnarinnar. Þetta er látið hjá líða. Og það merkir ekkert minna en samþykki og velþóknun. Svona má stjórnsýslan vera. Það má vel sníða reglurnar að sérþörfum einstakra fyrirtækja.

Regluverkið á íslenskum fjölmiðlamarkaði er óskapnaður. Ekkert svið atvinnulífsins hér á landi býr við annað eins ójafnræði. Ríkismiðlinum er úthlutað ótakmarkað forskot á kostnað einkarekinna miðla. Og til að rétta hlut þeirra síðarnefndu á nú einmitt að skekkja stöðuna enn frekar. Og það til heimabrúks, fyrir persónur og leikendur í fjárlaganefnd. ■

> Reglur um ríkisstyrki til handa einkareknum fjölmiðlum á allra síðustu árum hafa verið jafn almennar og þær hafa verið umdeildar.



Gunnar



Mín skoðun

Það sem amma hefði gert



Sif Sigmarsdóttir

Vinkona mín sendi mér skilaboð í vikunni. „Eigum við að kíkja út í kaffi?“ Ég svaraði að bragði. „Sorrí, hef ekki tíma.“ Við hvað var ég upptekin? Ég var úti í búð að leita að jólagjöf handa henni.

Vikum saman hefur ómælt andlegt þrek og athyglisgáfa farið í að finna hina fullkomnu jólagjöf handa vinum og vandamönnum. Það fær enginn Omaggio-vasa í jólagjöf frá pistlahöfundi. Fyrst sú væntumþykja sem gjöfum er ætlað að tjá skín ekki úr verðinu þarf hún að skína úr valinu, og verður niðurstaðan að endurspegla af þeim mun meiri nákvæmni persónuleika viðtakandans og skilaboðin sem ég vil tjá honum.

Afdrif vitnisburðar væntumþykju minnar kunna þó að verða önnur en ég ætlaði.

Neyta og þjóta

Þegar ég var þrettán ára var ég send í viku langa pössun til ömmu meðan foreldrar mínir voru í útlöndum. Í þá daga komu börn með nesti að heiman í skólann, frumstæða fæðu á borð við samloku með kæfu. Fyrsta daginn, að skóla loknum, spurði amma hvar plastpokinn undan samlokunni væri. „Í ruslinu,“ svaraði ég. Næsta dag smurði amma handa mér samloku og bað mig um að koma heim með plastpokann því það mætti nýta hann oftar en einu sinni. Á hinum viðkvæmu unglingsárum, þegar gallabuxur merktar öðru vörumerki en því sem var hjördinni þóknanlegt þann daginn uppskáru háðsglósur, gat ég ekki ímyndað mér nokkuð pínlegra en að stinga notuðum plastpoka ofan í skólatöskuna. Ég virti að vettugi beiðni ömmu.

Nýjar reglur um flokkun sorps taka gildi um áramót. Frá og með 1. janúar verður öllum skylt að flokka sorp í fjóra mismunandi flokka: a) matarleifar b) pappír c) plast og d) almennt rusl. Freyr Eyjólfsson, verkefnastjóri hringrásarhagkerfisins hjá SORPU, sagði í viðtali nauðsynlegt að við færum að hegða okkur meira eins og ömmur okkar og afar. „Fyrir um sextíu árum síðan var hringrásarhagkerfið á Íslandi nánast fullkomið,“ segir Freyr. „Við nýttum hlutina vel, keyptum minna, vorum dugleg að laga hlutina og lánuðum hvert öðru meira til að deila notkun.“

Vika er til jóla. Ég er eflaust ekki ein um að hunsa ástvini og verja tímanum í staðinn við kaup á dóti sem ætlað er að tjá hinum sömu ást mína. Fyrir dótið greiði ég með peningum sem eru ávísun á enn meira af tíma mínum, tíma sem ekki er heldur varið með fjölskyldu, vinum eða við hugðarefni.

Ruslahaugar veraldarinnar eru fullir af lítið notuðum fatnaði, skrautmunum sem ekki var pláss fyrir, rafmagnstækjum sem engan vantaði. Þess verður vart langt að bíða að innihald jólagjafa sem við veljum nú af kostgæfni taki að dúkka upp í ruslageymslum landsins samkvæmt hinu nýja fjórflokkunarkerfi.

En það er ekki aðeins á Íslandi sem nýja árið ber með sér nýbreytni á sviði úrgangs. Árið 2023 munu farþegar þýska almenningslestakerfisins geta keypt sér kaffi í endurnýtanlegum bollum úr postulíni í stað pappaglasa eins og verið hefur. Glöggskyggnir lesendur kunna að veita því eftirtekt að ekki er um raunverulega nýjung að ræða heldur afturhvarf til fortíðar, tíma ömmu okkar og afa þegar „endurnýtanlegir bollar“ kölluðust einfaldlega bollar.

Um jól göngum við á gjafir jarðar sem aldrei fyrr. Í aðdraganda hátíðanna væri okkur hins vegar hollt að muna að lífið er líka takmörkuð auðlind.

Hvers óskaði ég mér í jólagjöf? Meiri tíma: Tíma til að lifa og njóta en ekki neyta og þjóta. Í stað þess að henda tíma okkar svo gott sem bókstaflega í flokkunartunnuna væri kannski nær að verja honum með vini eða vinkonu yfir endurnýtanlegum kaffibolla. Það hefði amma gert. ■

> Í aðdraganda hátíðanna væri okkur hins vegar hollt að muna að lífið er líka takmörkuð auðlind.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is*, Lovísa Arnardóttir *lovisa@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*. **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

KONTOR REYKJAVÍK

Farmers Market

ICELAND

VERZLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK: FARMERS & FRIENDS

Laugavegur 37

Hólmaslóð 2 / Grandi

WWW.FARMERSMARKET.IS

Mbappe ógnar því að draumur Messi rætist

Fótboltaveislan tekur enda í Katar á sunnudag þegar leikið verður til úrslita, innan vallar hefur mótið heppnast frábærlega og það endar á stórleik þar sem Argentína og Frakkland eigast við á hinum glæsilega Lusail velli sem tekur tæplega 90 þúsund áhorfendur í sæti.

hoddi@frettabladid.is

HM 2022 Öll augu heimsins verða á Lionel Messi, þessum fremsta knattspyrnumanni í heimi undanfarin ár, á sunnudag. Draumur hans um að verða heimsmeistari á ferlinum gæti orðið að veruleika, Messi var í þessum sömu sporum árið 2014 þegar Argentína lék til úrslita en tapaði gegn Þýskalandi. Messi er 35 ára gamall og er meðvitaður um að þetta er hans síðasti séns til að ná í titilinn sem alla í Argentínu dreymir um.

Maðurinn sem ætlar að koma í veg fyrir það að Messi verði heimsmeistari er liðsfélagi hans hjá PSG í Frakklandi. Kylian Mbappe er 23 ára gamall en gæti á sunnudaginn hafa afrekað það að verða í tvígang heimsmeistari, en Frakkar eiga titil að verja á sunnudag. Ljóst er að Mbappe getur skrifað sig í sögubækur fótboltans og orðið einn besti knattspyrnumaður sögunnar þegar fram líða stundir.

Einar Örn Jónsson mun lýsa leiknum á RÚV og bíður spenntur eftir því að setjast fyrir framan míkrófóninn. „Það kemur alltaf spenna, ég hef lýst nokkrum stórleikjum áður. Það er farið að venjast að lýsa stórviðburðum. HM í fótbolta hefur sérstakan sess í hjarta margra," segir Einar Örn.

Hræddur um lokaðan leik

Augnablikið á sviði fótboltans verður ekki stærra en úrslitaleikur Heimsmeistaramótsins, Einar Örn óttast það að liðin muni ekki gefa mörg færi á sér framan af leik. „Vonandi fáum við flugeldasýningu, en ég er pínu hræddur um að þetta verði smá varkárni, ég átti reyndar von á því sama fyrir fjórum árum þegar Frakkland lagði Króatíu. Það var flugeldasýning, ég hugsa að bæði lið séu mjög meðvituð um að byrja leikinn á að stoppa helstu stjörnur andstæðinganna. Svo sjá menn þegar líður á leikinn hvernig skal stela sigrinum," segir Einar

Hann segir í raun ómögulegt að segja til um hvernig leikurinn þróast og fer, þarna séu tvö jöfn lið að mætast. „Þegar þú ert kominn í úrslitaleikinn þá áttu að geta sagt fyrir leik að það séu tvö lið sem fyllilega verðskulda að verða heimsmeistarar og það sé í raun 50/50 hvort liðið verði heimsmeistari. Maður fékk ekki þá tilfinningu fyrir fjórum árum, maður taldi þá Króatana sprungna þegar það kom að úrslitaleiknum. Maður horfir núna á bæði þessi lið, að þau gætu bætt einu lóði ofan á og sýnt okkur einhverja töfra."

Augnablikið hans Messi

Messi er að spila á sínu síðasta Heimsmeistaramóti, þetta er hans síðasti séns að fara af sviðinu sem goðsögn í heimalandinu og fara á sama stall og Diego Maradona þar í landi. „Þetta er klárlega risaaugnablik fyrir Messi og fótboltann, að geta lagt til hvílu þá eilífðarumræðu um hver sé bestur í sögunni. Það er búið að tönnlast á því í tólf ár að Messi verði að vinna þennan titil til að teljast sá besti í sögunni. Það er bæði mjög skiljanleg umræða en líka pínu skrýtin, hann hefur áður farið í úrslitaleikinn. Það fór ekki vel 2014, en hann virkar allt öðruvísi núna en áður með argentínska liðinu," segir Einar Örn.

„Hann er meðvitaður um það að þetta er hans síðasti séns og meðvitaður um að hann getur látið þetta gerast, hann er í miklu meira aðalhlutverki hjá Argentínu á þessu Heimsmeistaramóti en hann hefur áður verið. Þetta er meira gert í kringum hann og hann er að grípa það tækifæri og hlaupa með það hingað til. Hann hefur komið að átta mörkum í keppninni.

Það hversu mikla þýðingu leikurinn hefur fyrir Messi og alla þjóðina þá gæti augnablikið orðið yfirþyrmandi. „Það er hætta á því, hann er mennskur eins og allir aðrir. Hann meðtekur stærð augnabliksins fyrir sig og það þarf ekkert að segja honum það hvaða þýðingu þetta hefur fyrir fólkið heima í Argentínu, það þarf ekki að segja honum þá sögu alla. Þetta getur verið stórt og erfitt augnablik fyrir hann.

Hann er aðeins lemstraður og er tæpur aftan í lærinu, hann æfði ekki á fimmtudag. Hann er pínu tæpur en ég hugsa að aldurinn og reynslan vinni með honum frá því fyrir átta árum. Allt sem hann er búinn að lifa og sjá, hann veit að þetta er síðasti sénsinn," segir Einar um stöðuna á þessum magnaða íþróttamanni.

Mbappe gæti klárað þetta

Hjá Frakklandi snýst leikurinn um hinn 23 ára gamla Mbappe. Um hann snýst leikur Frakklands og sögubækurnar fara vel með hann ef þeir frönsku fara með sigur af hólmi. „Þá erum við loksins búin að finna einhvern sem gæti jafnað eða skákað þessu meti Pele, sem vann þetta þrisvar. Maður hélt að það væri óhugsandi í nútíma fótbolta. Mbappe er ótrúlegur leikmaður, og eins og Messi hinum megin þá gæti hann unnið þetta upp á sitt einsdæmi. Það eru veikleikar í franska liðinu eins og hjá Argentínu. Ég ætla ekkert að gefa Frökkunum það að þeir séu eitthvað líklegri til sigurs," segir Einar Örn, en hvernig spáir hann úrslitaleiknum?

„Ég spái 2-1 sigri Argentínu og það er út frá því að ég spáði þeim sigri í mótinu áður en það hófst, ég get ekki skipt um skoðun núna." ■



Lionel Messi á sér þann draum að vinna stærstu verðlaun fótboltans. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Leiðin í úrslitaleikinn:

Leið Frakklands í úrslitaleikinn
- 4-1 sigur á Ástralíu
- 2-1 sigur á Danmörku
- 1-0 gegn Túnís
- 3-1 sigur á Pólland
- 2-1 sigur á Englandi
- 2-0 sigur á Marokkó

Leið Argentínu í úrslitaleikinn
- 2-1 tap gegn Sádi-Arabíu
- 2-0 sigur á Mexíkó
- 2-0 sigur á Pólland
- 2-1 sigur á Ástralíu
- 6-5 sigur á Hollandi í víta-spyrnukeppni
- 3-0 sigur á Króatíu

> Messi er mennskur eins og allir aðrir. Hann meðtekur stærð augnabliksins.



Einar Örn Jónsson, íþróttafréttamaður á RÚV.

GÓÐ GJÖF

Ný bók eftir metsöluhöfundana Donaldson og Scheffler sem skrifuðu einnig hinar vinsælu bækur *Greppikló* og *Greppibarnið*



Kötturinn malaði, kerlingin söng,
á kústi í rokinu ferðin var löng

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is

Nýtt og spennandi í Bónus



1.398 kr./stk.

1.598 kr./stk.

898 kr./stk.

998 kr./stk.



Húðvörur frá Garnier sem innihalda C-vítamín sem gefa húðinni frísklegra yfirbragð

GARNIER

GARNIER COMMITS TO GREEN BEAUTY

Cruelty Free INTERNATIONAL

99% OF OUR INGREDIENTS ARE VEGAN
*no animal derived ingredients

100% RECYCLED PLASTIC BY 2025



Jólabækurnar færðu í Hagkaup

HAGKAUP



5.389 kr



4.799 kr

Gildir út 19. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.



5.499 kr



6.399 kr



5.389 kr



6.199 kr

HAGKAUP



4.099 kr



5.499 kr



5.699 kr



3.979 kr



5.999 kr



4.399 kr



4.799 kr



4.799 kr

HAGKAUP



6.999 kr



6.999 kr



5.499 kr



5.199 kr

Gildir út 19. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.



5.199 kr



5.599 kr



3.299 kr



2.399 kr

HAGKAUP



3.699 kr



2.899 kr



2.699 kr



3.799 kr



BIRNADROFN@FRETTABLADID.IS

Legg til að við hlustum

Katrín Ólafsdóttir ræðir um rannsóknir sínar á ofbeldi í þessu tölublaði en Katrín hefur rannsakað hvernig og hvers vegna ofbeldi þrífst í samfélaginu. Það gerir hún meðal annars með því að ræða við gerendur.

Hún segir nauðsynlegt að fjölga úrræðum fyrir gerendur og að mikilvægt sé að úrræðin séu fjölbreytt. Samtalsmeðferð geti hjálpað gerendum og jafnvel spornað við því að þeir brjóti af sér aftur. Slík meðferð taki mörg ár og hún sé erfið en hún virki.

Þá segir hún að með því að breyta áherslum í menntakerfinu sé hægt að draga úr ofbeldishegðun. Til þurfi samstillt átak þar sem menntun kennara, námskrá og námsgögn eru meðal þess sem er skoðað og breytt.

Þetta eru gleðifréttir í mín eyru. Að það sé í alvörunni hægt að minnka ofbeldishegðun í samfélaginu og hjálpa þeim sem beitt hafa aðra ofbeldi að gera það ekki aftur. Það hlýtur að vera markmiðið sem við vinnum að.

Katrín er doktor í menntavísindum, hún lagði stund á gagnrýnin fræði. Hún lagði stund á það í æðstu menntastofnun landsins hvernig horfa skuli á alla þætti samfélagsins gagnrýnum augum. Hún leggur til leiðir til að draga úr ofbeldishegðun, ég legg til að við hlustum á hana. ■

> Það eru gleðifréttir í mín eyru. Að það sé í alvörunni hægt að minnka ofbeldishegðun í samfélaginu.

Við mælum með

Samloku á Kaffibrennslunni
Kaffibrennslan á horni Laugavegs og Klapparstígs er fyrir löngu orðin flestum Reykvíkingum kunn. Þar er gott að setjast niður með kaffibolla og spjalla, en það sem kannski ekki allir vita er að þar eru á matseðli geggjaðar samlokur. Við mælum sérstaklega með Spicy Túna, Kjúllaloku og Veganlokunni. Ekki skemmir fyrir á hversu góðu verði samlokurnar eru.





Ali Baba shawarma
Shawarma á Ali Baba er ótrúlega góð máltíð bæði í hádeginu og á kvöldin en á Ali Baba er boðið upp á arabískan mat. Á kjúklingavefjunni er kál, kjúklingur, laukur og Ali Baba sósa og mælum við sérstaklega með henni. Einnig mælum við með Falafel shawarma sem er einstaklega bragðgóð og vegan. ■



Gísli Galdur og Benni B-Ruff með börnin árið 2010 þegar Pabbahelgar voru haldnar einu sinni í mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Loksins aftur pabbahelgi

Hin aldræmdu partíkvöld Pabbahelgar snúa aftur í kvöld. Benni B-Ruff og Gísli Galdur lofa góðri stemningu á Sunset.

birnadrofn@frettabladid.is

Þetta verður geggjuð stemning,“ segir plötusnúðurinn Benedikt Freyr Jónsson, betur þekktur sem Benni B-Ruff. Hann og Gísli Galdur Þorgeirsson endurvekja í kvöld hina alræmdu Pabbahelgi sem þekkt var sem svakalegt partíkvöld fyrir rúmum áratug.

„Ég og Gísli Galdur kynntumst þegar ég var sextán ára og hann fimmtán ára. Hann spurði hvort hann mætti taka eina syrpu á DJ-græjunum mínum og ég sagði já. Komst að því strax þá að hann væri frábær og við höfum verið vinir síðan og spilað mikið saman,“ segir Benni en Gísli Galdur er einnig plötusnúður.

„Svo eignuðumst við báðir börn árið 2009, hann stelpu og ég strák. Við héldum áfram að spila í orlofinu og úr varð konseptið Pabbahelgar,“ segir Benni.

Þeir Gísli Galdur héldu Pabbahelgar á Kaffibarnum í Bergstaðastræti einu sinni í mánuði. „Svo varð þetta bara risastórt, sprakk alveg,“ segir Benni.

„Það varð alltaf biðröð á Kaffibarinn alveg lengst niður á Laugaveg og færri komust að en vildu, og þeir sem komust inn fóru ekkert út, þau voru bara þangað til við lokuðum. Þetta var bara brjáluð stemning í fjóra til fimm tíma,“ segir hann.

Í kvöld verður Pabbahelgi á Sunset á Edition-hótelinu. Benni segist búast við fjölmörgum gestum og lofar trylltri stemningu. „Við búumst við mjög fjölbreyttum hópi en við höfum líka heyrt af mörgum sem voru á Pabbahelgum á Kaffibarnum sem ætla að koma núna. Þetta var þéttur og ótrúlega skemmtilegur hópur svo það verður geggjað. Svo fá hundrað fyrstu frían drykk,“ segir Benni hlæjandi.

„Við byrjum klukkan ellefu og lokum klukkan þrjú og hvetjum bara sem flesta til að mæta af því við vitum ekkert hvenær næsta Pabbahelgi verður,“ segir hann. ■



Benni hefur unnið sem plötusnúður í áraraðir, hér er hann við græjurnar árið 2015.



> Svo varð þetta bara risastórt, sprakk alveg.
>
> Benedikt Freyr Jónsson

■ Í vikulokin

Íslenska krónan verndar okur hér á landi



Ólafur Arnarson

Í viðtali í Markaðnum á Hringbraut í vikunni lýsti Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Úrvals-Útsýnar, því hvernig það væri eins og rússnesk rúlletta að reka fyrirtæki í ferðaþjónustu í krónuhagkerfinu.

Áætlanagerð hér á landi til lengri tíma en nokkurra daga er ágiskun ein vegna þess að enginn veit hvert gengi krónunnar verður eftir mánuð, hvað þá eftir hálft eða heilt ár.

Í vikunni kom fram að um 250 íslensk fyrirtæki hafa fengið undanþágu til að færa bókhald og gera upp í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni. Flest stærstu fyrirtæki landsins, líka ríkisfyrirtæki, gera upp í erlendum gjaldmiðlum. Öll stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins gera upp í erlendri mynt.

Þessi fyrirtæki eru komin út úr krónuhagkerfinu og búa til að mynda við allt önnur vaxtakjör en litlum fyrirtækjum og almenningi í landinu standa til boða.

Kostnaður þjóðarbúsins vegna notkunar íslensku krónunnar er talinn nema um 300 milljörðum króna á ári. Þessi kostnaður kemur til af ýmsu. Mikið af honum er vegna kostnaðar við að skipta krónum í gjaldeyri og gjaldeyri í krónur vegna utanríkisviðskipta. Þetta er bæði beint tap þjóðarbúsins og tilflutningur á fjármagni frá almenningi og fyrirtækjum til fjármálastofnana.

Krónan lokar okkur út úr viðskiptasamfélagi heimsins, er helsta, jafnvel eina, ástæða þess að erlendir bankar og tryggingafélög starfa ekki hér á landi. Of mikil áhætta er falin í krónunni.

Þetta leiðir til þess að íslenskir bankar og tryggingafélög njóta verndar til að okra á viðskiptavinum sínum. Ofurhagnaður banka og tryggingafélaga stafar af þeirri vernd sem krónan veitir þeim frá alþjóðlegri samkeppni. Þetta er á kostnað lífskjara hér á landi.

> Öll stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins gera upp í erlendri mynt.

Krónan er ástæða þess að íslensk fyrirtæki eru ekki samkeppnishæf á alþjóðamarkaði. Krónan er ástæða þess að miklu dýrara er að versla í matinn á Íslandi en annars staðar á byggðu bóli.

Krónan er þjóðarböl – þjóðarböl sem gagnast óheilbrigðu fjármálakerfi og fjármagnseigendum á kostnað heildarinnar. ■



2.599 kr



3.979 kr



5.499 kr



4.799 kr

HAGKAUP



5.499 kr



4.099 kr



2.889 kr



1.699/1.799 kr

Gildir út 19. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.

Sonur Sjófuglsins bestur á fullu tungli



Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Egill Ólafsson greindist með Parkinson-sjúkdóminn fyrir tæpum tveimur árum. Þó að söngröddin víki fyrir veikindunum hefur sköpunareldurinn hvergi slokknað og Egill leikur í biómynd samhliða því að gefa út nýja plötu og ljóðabók.

Egill Ólafsson sendi nýverið frá sér hljómplötuna „tu duende/el duende“ þar sem hann nýtur fulltingis kúbversku söngkonunnar Lissy Hernández auk Ellenar Kristjánsdóttur og fleiri listamanna. Þá er ný ljóðabók Egils komin út sem fjallar um samband Egils við föður sinn, Ólaf Ásmundsson Egilsson, sem lést fyrir tíu árum. Að sögn Egils lét karl faðir hans soninn ekki í friði með bókina og hafði samband að handan.

„Hann vitjaði mín í draumi og sagði: Ætlarðu ekki að fara að klára þetta? Hann var ekki mjög á andlega sviðinu. Hinum megin er ekki neitt, sagði hann við mig. Af því hann var klappaður upp, sagði hann. Hann dó tvisvar, var klappaður upp tvisvar og hlýddi báðum uppklöppunum. Svo var hann ekki klappaður upp í þriðja sinn,“ segir söngvarinn um föður sinn. „Ég lét eftir honum að koma þessu út og síðan hefur mig varla dreymt nokkuð,“ segir hann. „Allt í einu var ég einhvers staðar staddur og þá birtist hann. Hann hafði aldrei birst mér í draumi áður. En hann bara stóð þarna og brosti sínu kankvísa brosi.“ Egill segist þrátt fyrir þetta ekki trúa á eftirlíf, en fullyrðir þó að manneskjur erfi minningar líkt og þær erfa göngulag forfeðra sinna.

Hann bendir blaðamanni á bókina, lítið og snoturt blátt hundrað blaðsíðna kver sem liggur á borði inn af litlum glerskála á heimili Egils og Tinnu Gunnlaugsdóttur í miðborginni, þar sem viðtalið fer fram. Það er líf, sál og saga í hverju horni. Jólaskraut sem Egill segir að gleðji barnabörnin. Hljóðfæri, skapandi orka og fjöldi stóla, svolítið eins og í mannlausu leikhúsi. Það er ekki furða, sé litið á lífshlaup hjónanna sem hafa verið eins og náttúruafl í íslensku menningarlífi síðustu fimmtíu árin.

Fyrstu 83 blaðsíðurnar eru í ljóðformi. Síðan taka við orðskýringar með orðum sem tengjast sjómennsku. „Þetta eru orð sem eru að hverfa úr málinu.“ Hann fer ekki nánar út í þá sálma en ræðir aðdraganda verksins, þegar hann sat hjá föður sínum áður en hann lagði í lokaferðina.



Egill gaf út plötu á dögunum sem hann tileinkar listamönnum sem hann kynntist sem barn í gegnum Ríkisútvarpið og kenndir eru við latínsk-karíbska músík.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sjö drengir dóu

„Ég sit við dánarbeð föður míns og er að rifja upp gamla tíma. Honum varð tíðrætt um bernskuna í fyrstu. Svo fer ég meira inn á núið og okkar samskipti. Hann talar um að það sé erfitt á milli feðra og sona. Hann hafði ákveðnar skoðanir og var mjög sérstakur persónuleiki. Hafði svona allt á hornum sér en var jafnframt mikill húmoristi. En þegar hann fór að færast nær andlátinu talaði hann bara um bernskuna,“ útskýrir Egill. „Bókin er þannig skrifuð. Byrjar þannig að ég er á stofunni hjá honum og hann er með öndunarvél. Hann hjarnar alltaf við, reglulega. Svo bara fer ég í gegnum þetta, æskuna og ungdómsárin,“ segir Egill.

„Hann kynntist móður minni í Danmörku. Þau áttu aldrei skap saman og skilja á versta tíma. Þegar hann er 65 ára og hún er níu árum yngri. Það var erfitt fyrir hann,“ segir Egill. Móðir Egils heitir Margrét Erla Guðmundsdóttir, og rak barnafataverslunina Bangsa um árabil. Hún varð níræð á árinu. Egill er næstelstur í fimm systkina hópi. Bróðir hans Hinrik er leikari og Ragnheiður er verslunarmaður. Ólafur og Margrét Erla giftu sig 9. febrúar, sem er einmitt afmælisdagur söngvarans sem er sjötugur.

„Svo var hann hogginn líka, eins og sagt var,“ segir Egill um föður sinn og vísar til lækninga fyrri tíðar áður en pensilínið kom til landsins. Þá var vatnið tæmt úr lungunum með aðgerð, til að eyða berklabakteríunum. Faðir Egils var aðeins níu ára gamall þegar hann fékk berklana. „Þeir lifðu tveir af níu, sjö drengir dóu. Það hefur verið lífsreynsla fyrir níu ára gamlan dreng, að vera í einangrun í heilt ár og svo var búið að breiða yfir félaga hans að morgni. Hann var merktur þessari reynslu allt lífið.“

Egill segir söguna minna sig á hversu gott fólk hefur það í dag. „Það er til pensilín, og hægt er að lækna velflesta sjúkdóma. Menn eru að læknast af krabbameini. En að vísu ekki Parkinson, ekki enn,“ segir hann.

Bestur á fullu tungli

Þar vitnar Egill í stóran örlagavald í hans lífi. Hann greindist með Parkinson-sjúkdóminn fyrir nokkrum árum. Egill var að sigla á bátnum sínum í sænska skerjagarðinum, hafði stungið sér til sunds og ætlaði að hífa sig aftur upp, en tókst það ekki.

„Þá vissi ég ekki hvað var að ske. Tinna henti út björgunarbát. Ég klifraði upp í hann með aðstoð Tinnu, og lá þar í tvo tíma. Það var nógur styrkur en ég gat ekki sent hann út til handanna. En ég gat híft mig upp í bátinn bara deginum áður,“ segir hann. „Svona getur þetta verið. Maður hefur engan kraft og ég verð að hugsa um hvert skref sem ég tek. Ég er bestur á fullu tungli, það er núna.“ »

> Það hefur verið lífsreynsla fyrir níu ára gamlan dreng, að vera í einangrun í heilt ár og svo var búið að breiða yfir félaga hans að morgni.

DUX

15% afsláttur til jóla

AF DÚNSÆNGUM, KODDUM, SÆNGURFATNAÐI & LÖKUM

15%

FRÁBÆRAR GÆSADÚNSÆNGUR OG KODDAR ÚR HVÍTUM GÆSADÚN

15%

HÁGÆÐA SÆNGURFATNAÐUR FRÁ GEORG JENSEN DAMASK, GANT HOME OG DUX

2022 Framúrskarandi fyrirtæki

2021 2022 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri Viðskiptablaðið keldan

DUXIANA®

HÁÞRÓAÐUR SVEFNBÚNAÐUR

DUXIANA
Ármúla 10
S-5689950
duxiana.is

» Það er einhver mystík í þessum orðum söngvarans. Líkt og þorri þjóðarinnar man undirrituð best eftir Agli úr skemmtanalífinu, sjónvarpsviðtölum og tónleikum og að sjálfsögðu kvikmyndunum. Veikindin virðast alls ekki áberandi þennan kalda vetrardag, að minnsta kosti ekki fyrir manneskju sem talar við Egil í eigin persónu í fyrsta sinn. Kannski er helst að merkja það á röddinni, sem er hljóðari og lágstemmdari en maður hefur heyrt í sjónvarpsviðtölum. Agli fylgir skapandi orka, forvitni og húmor og hann er af þessari manntegund sem fyllir hvaða herbergi sem er, sama hver er þar staddur fyrir. Það er engin tilviljun að hann er stjarna.

„Ég er að skipta um lyf núna. Var mjög hress í morgun og er búinn að vera á fótum frá sjö. Það stemmir, það eru fimm tímar. Nú er ég að byrja að fjara út. Ég þarf að hvíla mig. Með erfiðismunum er ég að tala. Það er ekki vegna þess að röddin sé ekki þarna, heldur ræður heilinn ekki við að senda skilaboð um það hvernig ég eigi að nota hana. Þú talar átómatískt án þess að hugsa um það, en ég verð að hugsa um það," útskýrir Egill.

Velur sér von og gleði

Aðspurður hvort hann fyllist reiði vegna þessara nýju aðstæðna, svarar hann: „Nei, ég reyni að vera … ég er stundum pirraður. Auðvitað fer þetta í skapið á mönnum og menn fara í geðlægðir og svona. En ég hef verið nokkuð heppinn með það að ég var alltaf tiltölulega bjartsýnn, og ég er áfram bjartsýnn. Það hjálpar mér. En auðvitað verður maður pirraður," segir Egill.

Þögnin fyllir herbergið í tíu sekúndur. Allir fullorðnir þekkja geðlægðir upp að einhverju marki, en með Parkinson-sjúkdómnum er geðlægðin sjúkdómseinkenni og fylgikvilli, þegar dópamínstöðvar heilans, sem framkalla gleðiboðefnin, hætta að starfa.

Egill leggur áherslu á að þeir sem séu með sjúkdóminn gefi ekki upp vonina. „Ég hef búið mér til að vera alltaf mjög glaður á fullu tungli. Það eru svona vörður sem ég fer á milli. Ég veit að ég verð glaður á fullu tungli og það togar í mig. Svo skipti ég um lyf og þá er enn meiri von, það eru þessi placebo-áhrif með lyfin. Menn verða að búa sér til svona vörður þar sem menn geta glaðst með sjálfum sér þrátt fyrir allt," segir hann.

„Þetta er ekki versti sjúkdómurinn sem hægt er að fá. Menn eru að fá krabbamein sem dregur unga menn til dauða á örskömmum tíma. Yngsti maðurinn sem hefur fengið Parkinson er þrjátíu og fimm ára. Það gengur hratt yfir af því að frumuskiptin eru örari. Það er ansi ungt. Það er margt sem hendir menn. Ég held að ég sé heppinn að hafa fengið þetta svona seint."

Fimm ára með flugferðir

Nýja platan hans Egils heitir „tu duende/el duende", er í tvöföldu albúmi og Egill tileinkar plötuna sérstaklega listamönnum sem hann kynntist sem barn í gegnum Ríkisútvarpið og kenndir eru við latínskkaríbska músík. „Þetta er allt músík eftir mig en hún sækir áhrif sín víða og langt aftur. Það setur mark sitt á lögin og útsetningarnar. Þar naut ég samstarfs við kúbverska listamenn til að koma þessu erindi mínu áleiðis, bæði innlendu og erlendu, og fullkomna þannig draum lítils drengs sem stóð með ukulele-hljóðfærið sitt í Norðurmýrinni fyrir 65 árum og hélt þá þegar að hann ætti erindi."

Hvernig barn var Egill Ólafsson?

„Ég var hlédrægur, en samt með ákveðna löngun til þess að eiga erindi við fólk. Ég var mikið að reyna að setja á svið alls konar hluti. Ég setti tombólu á svið þar sem menn áttu að koma með gjaldmiðil sem var búinn til heima hjá þeim. Foreldrarnir áttu að teikna pen-



Egill leggur áherslu á að þeir sem greinst hafa með sjúkdóminn gefi ekki upp vonina.



Stuðmenn kynna plötuna Hvítir mávar í gróðurhúsi 1984. F.v. Valgeir Guðjónsson, Egill Ólafsson og Jakob Frímann. MYND/GVA

ingaseðla. Svo var ég með flugferðir fyrir börnin í Norðurmýrinni," segir hann.

Egill og vinur hans, Páll Þór, stóðu fyrir flugferðunum. „Pabbi hans vann á flugvellinum og var kortagerðarmaður. Þá var bara spýta í kross og svo hljóp ég með flugvélina og lýsti því sem við flugum yfir, tilbúnum löndum. Svo var lent í einhverjum borgum á tilteknum stöðum í Norðurmýrinni."

Lenti undir strætisvagni

Hann segir tíða flutninga hugsanlega hafa valdið hlédrægninni. „Ég var alltaf nýr í skólum og kom stundum inn seint á haustin. Það var erfitt. Þetta var af því að pabbi minn var í vinnu hist og her. Við fluttum upp á Skaga og hann var í útgerð þar. Svo vorum við í Vogahverfinu í þrjú ár. Svo í Stangarholti, Heiðargerði, Austurbrún. Við fluttum og ég skipti um skóla, var í Ísaksskóla fyrst. Þá lenti ég í afgerandi slysi. Ég lenti undir strætó, sem er sennilega valdur að því sem ég er að horfast í augu við í dag, ör á heilanum."

Egill útskýrir að Parkinson-sjúkdómurinn sé ekki genetískur. „Þetta kemur oft til af höggi sem kemur á heilann þegar menn eru ungir með óþroskaðan heila. Ég var í átta ára bekk, er að fara heim með strætó við Hlemm. Ég horfi inn eftir Hverfisgötunni. Svo er að koma strætó, ég er að athuga hvort Álfheimavagninn sé að koma. Þá kemur maður sem er að flýta sér í vagninn, hann rekst utan í mig og ég dett utan í vagninn. Dett niður í hjólskálina og rotast," segir Egill.

Mannþröng var viðstödd slysið og til allrar hamingju var vegfarandi í hópnum sem kom auga á ungan Egil í rotinu. „Hann tekur í lappirnar á mér og fleygir mér upp, og ég lendi með hausnum utan í strætóbekknum. Ég fékk gat á höfuðið, níu spor. Menn vilja meina að það geti hafa valdið þessu löngu síðar."

Egill segist muna mjög vel eftir atvikinu. „Svo raknaði ég úr rotinu og stóð upp og ætlaði að fara inn í næsta strætó. Þessi maður sem bjargaði mér var sýningarstjóri í Gamla bíói, ég fékk lengi frítt í bíó."

> Ég lenti undir strætó sem er sennilega valdur að því sem ég er að horfast í augu við í dag, ör á heilanum.

> Þetta er ekki versti sjúkdómurinn sem hægt er að fá. Ég held að ég sé heppinn að hafa fengið þetta svona seint.

Súkkulaðið gleður ekki lengur

Söngvarinn ítrekar að menn viti minnst um heilann af allri líkamsstarfseminni, og því sé aðeins um kenningar að ræða. „En það eru framtíðarhorfur í þessu, nokkuð góðar, varðandi stofnfrumur. Þeir forrita þær og planta þeim í heila sjúklingsins þar sem þær taka við hlutverki þeirra frumna sem sjúkdómurinn hefur drepið. Ef það er ekki of langt um liðið," segir hann.

„Ég gat gert allt fyrir ári. Það sá ekkert á mér. Ég er með það sem er kallað Parkinson plús. Ég skelf ekki neitt. Ég get ekki hrist sjúkdóminn af mér, sem er kostur," segir Egill og glottir. „En þetta hægir allt niður, hreyfigeta minnkar og raddstyrkurinn dofnar. Ég vona að ég sleppi við ótímabær elliglöp, sem mér skilst að geti fylgt þessari tegund sjúkdómsins. Ég finn ekkert fyrir því, ekki enn sem komið er að minnsta kosti og maður bara krossleggur fingur og c'est la vie."

Egill segist vongóður um að lyfin verði betri. Hann segir þau þó hjálpa lítið sem stendur. Þá kemur hann aftur inn á skort á dópamíni. „Maður gleðst ekki yfir hlutum sem glöddu mann. Ég var mikill súkkulaðimaður, en dökkt súkkulaði – nú finnst mér ekkert varið í það lengur. Ég horfi bara á súkkulaðið og það er bara þarna."

Egill er þó lausnamiðaður. „Maður gerir sér bara upp eitthvað sem maður gleðst yfir. Ég get búið mér til gleði. Ég ímynda mér hana," segir hann. „Þeir sem eru ekki á neinum lyfjum fara oft í mikla geðlægð sem getur verið skelfileg. Ég reyndi það fyrst, þá settu þeir mig á geðlyf til að minnka geðdeyfðina, en líkaði það ekki, of mikið af hliðarverkunum, alls konar veseni. Ég fór af þeim fljótlega og hef verið að prófa mig áfram með alls konar smáskammtalyf. Ég hef í gegnum lækna útvegað mér lyf sem heitir LDN mixtúra, en það var notað á afturbata heróínista.

Það á að hjálpa upp á dópamínframleiðslu heilans og það hefur reynst mér nokkuð vel. Svo tek »


BEINT
STREYMI!
Bubbi Morthens
ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR
BEINT STREYMI FRÁ HÖRPU 23. DESEMBER.
NÁNAR Á BUBBI.IS
Síminn
vodafone
LIVEY
VELDU ÞÍNA LEIÐ TIL AÐ HORFA
SKANNAÐU KÓÐANN
WWW.BUBBI.IS
Coca-Cola

» ég CBD-olíu fyrir svefn og sef betur.“

Egill stendur á fætur og fer inn í eldhús. „Svo er ég með þetta nýja undralyf sem ég ætla að sýna þér. Það er Nanofy curcumin, nanó-meðhöndlað túrmerik. Þetta fór ég að taka fyrir nokkrum dögum síðan. Þetta hefur reynst mér nokkuð vel, ég er mun skapléttari,“ segir hann. „Ég veit ekki hvort það er fulla tunglið sem veldur því að ég er svona kátur í dag. En ég held að ég þakki þessu í bili allavega.“

Aftur þessi fimm ára

Á venjulegum degi vaknar Egill klukkan sjö. „Ég reyni að vinna eins mikið og ég get fyrstu fimm tímana. Svo dreg ég mig í hlé upp úr tvö. Það kemur til af því að maður getur ekki talað almennilega við fólk. Menn eru óvanir þessu og hvá, menn heyra misvel. Menn hlusta misvel líka.“

Þú hefur verið í sviðsljósinu síðustu áratugi sem einn fremsti tónlistarmaður þjóðarinnar. Hvernig er það fyrir sjálfsmyndina að þurfa að breytast?

„Ég veit það ekki – en ég er svona public figure,“ svarar Egill. „En það er bara ný sjálfsmynd. Ég er núna miklu hlédrægari maður. Ég er aftur orðinn þessi fimm ára sem ég var í Norðurmýrinni. En mér lætur það ágætlega. Ég held að þó að ég hafi verið fyrirferðarmikill og talað mikið, var ég ágætur líka í að hlusta, svona ef ég vildi það. Nú þarf ég að temja mér að hlusta miklu betur en ég hef gert, það er fínt. Gott á mig,“ segir Egill og hlær.

Hugsaði sig lengi um

Kvikmyndaleikstjórinn Baltasar Kormákur setti sig í samband við Egil fyrr á árinu og bað hann að leika aðalhlutverk í kvikmynd eftir bók Ólafs Jóhanns Ólafssonar, Snertingu.

„Í staðinn fyrir að vera með leikara sem leikur þetta er kannski betra að vera með mann sem er með sjúkdóminn, af því að ég er búinn að fara í gegnum alls konar hluti. Læknaheimsóknir og rannsóknir og svona. Það er hluti af myndinni,“ segir Egill.

Hann segir framleiðsluna stilla tökurnar inn á daga þegar röddin er í lagi. „Þetta er samt erfitt og ég verð að döbba sumar senurnar,“ segir Egill. Hann svarar næst spurningu varðandi inngildingu í listum í tengslum við umræðu síðustu misseri, sem hefur til dæmis hljóðað á þá leið að ófatlaðir leikarar eigi síður að túlka leikara með fatlanir.

„Auðvitað er gott ef hægt er að nota fólk sem er með fötlun af einhverju tagi. Ég er fatlaður að þessu leyti. Það er uppörvun fyrir mig að gera þetta. En ég held að ég hefði ekki komist í gegnum þetta án þess að hafa reynslu af því að vinna sem leikari. Þó að ég sé ekki menntaður sem slíkur.“



Egill Ólafsson með þursaflokknum á Miklatúni 31. ágúst 1978. Á myndinni eru Tómas Tómasson bassaleikari og Þórður Árnason gítarleikari. LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/ARI



Þessi mynd af yngri Agli er úr Ljósmyndasafni Reykjavíkur og er ódagsett.

Egill stendur á fætur og fer inn í eldhús. „Svo er ég með þetta nýja undralyf sem ég ætla að sýna þér. Það er Nanofy curcumin, nanó-meðhöndlað túrmerik. Þetta fór ég að taka fyrir nokkrum dögum síðan. Þetta hefur reynst mér nokkuð vel, ég er mun skapléttari,“ segir hann. „Ég veit ekki hvort það er fulla tunglið sem veldur því að ég er svona kátur í dag. En ég held að ég þakki þessu í bili allavega.“

Aftur þessi fimm ára

Á venjulegum degi vaknar Egill klukkan sjö. „Ég reyni að vinna eins mikið og ég get fyrstu fimm tímana. Svo dreg ég mig í hlé upp úr tvö. Það kemur til af því að maður getur ekki talað almennilega við fólk. Menn eru óvanir þessu og hvá, menn heyra misvel. Menn hlusta misvel líka.“

Þú hefur verið í sviðsljósinu síðustu áratugi sem einn fremsti tónlistarmaður þjóðarinnar. Hvernig er það fyrir sjálfsmyndina að þurfa að breytast?

„Ég veit það ekki – en ég er svona public figure,“ svarar Egill. „En það er bara ný sjálfsmynd. Ég er núna miklu hlédrægari maður. Ég er aftur orðinn þessi fimm ára sem ég var í Norðurmýrinni. En mér lætur það ágætlega. Ég held að þó að ég hafi verið fyrirferðarmikill og talað mikið, var ég ágætur líka í að hlusta, svona ef ég vildi það. Nú þarf ég að temja mér að hlusta miklu betur en ég hef gert, það er fínt. Gott á mig,“ segir Egill og hlær.

Hugsaði sig lengi um

Kvikmyndaleikstjórinn Baltasar Kormákur setti sig í samband við Egil fyrr á árinu og bað hann að leika aðalhlutverk í kvikmynd eftir bók Ólafs Jóhanns Ólafssonar, Snertingu.

„Í staðinn fyrir að vera með leikara sem leikur þetta er kannski betra að vera með mann sem er með sjúkdóminn, af því að ég er búinn að fara í gegnum alls konar hluti. Læknaheimsóknir og rannsóknir og svona. Það er hluti af myndinni,“ segir Egill.

Hann segir framleiðsluna stilla tökurnar inn á daga þegar röddin er í lagi. „Þetta er samt erfitt og ég verð að döbba sumar senurnar,“ segir Egill. Hann svarar næst spurningu varðandi inngildingu í listum í tengslum við umræðu síðustu misseri, sem hefur til dæmis hljóðað á þá leið að ófatlaðir leikarar eigi síður að túlka leikara með fatlanir.

„Auðvitað er gott ef hægt er að nota fólk sem er með fötlun af einhverju tagi. Ég er fatlaður að þessu leyti. Það er uppörvun fyrir mig að gera þetta. En ég held að ég hefði ekki komist í gegnum þetta án þess að hafa reynslu af því að vinna sem leikari. Þó að ég sé ekki menntaður sem slíkur.“

Egill tók sér góðan umhugsunarfrest þegar Baltasar bauð honum hlutverkið. „Svo sagði ég við Balta, treystir þú þér til að hafa mig? Af því að stundum fúnkera ég ekki. Hann vildi láta reyna á það,“ segir hann. Hann segir ferlið stundum hafa verið krefjandi og stundum sé lítil rödd eftir. Hann eigi bæði góða og slæma daga. Þá sé hægt að grípa til þess að „döbba“ senurnar.

Egill og Baltasar hafa unnið saman nokkrum sinnum áður, og síðast í Ófærð. „Hann hugsar meira með hjartanu en hann gerði kannski áður. Hann var töffari, alveg svakalega mikill. Gífurlegur afkastamaður. Hann er afburða maður á sínu sviði og hann hefur reynst mér vel,“ segir Egill um Baltasar.

Aðspurður hvort hann sjálfur hafi tekið viðlíka töffaratímabil, svarar Egill:

„Ég hef eflaust verið það án þess að fatta það,“ svarar hann og hlær. „Það getur vel verið. Við eigum margt sameiginlegt. Báðir menn svona fullir af sjálfum sér með mikið testósterón og mikla sköpunargleði. En svo hefur maður verið töff líka. Kaldrifjaður töffari. Við erum bara dýr, við gleymum því allt of oft. Eins og broddgölturinn,“ segir Egill.

„Ég er með broddgelti í garðinum hjá mér í Svíþjóð. Þeir eru svakalega skemmtilegir. Ef maður kemur að þeim þenja þeir sig og verða bara lítill nálapúði með hausinn undir sig. Þeir eru mikið á ferli á nóttunni.“

Hjónin Egill og Tinna keyptu pínulitla íbúð í Stokkhólmi, þegar þau seldu húsið sitt á Grettisgötunni fyrir nokkrum árum og fluttu í fjölbýlishús við Skúlagötuna. Nú hafa þau selt þessa litlu íbúð og keypt heilt hús í smærra plássi í sænska skerjagarðinum á nánast sama verði.

„Það er báturinn okkar sem ræður ferðinni. Þarna er mikil bátamenning og öflugur trébátaklúbbur, sem við erum meðlimir í. Þeir tóku okkur fagnandi og báturinn okkar fær að liggja á besta stað við höfnina. Í þessu plássi er undurfagurt og friðsælt. Við erum með gufubaðstunnu í garðinum, litla smiðju og hefilbekk og næsta sumar ætlum við að koma okkur upp gróðurhúsi. Ég breytist í annan mann. Hefurðu séð bátinn?“

Egill stendur upp og sækir ljósmynd af sællegri stórfjölskyldunni fyrir framan bátinn, sem er reyndar glæsilegt lítið seglskip. Á hillu er lítið málverk af bátnum, og lítið módellíkan úr timbri.

„Báturinn heitir í höfuðið á föður mínum. Hann var kallaður Sjófuglinn.“ ■

> Við erum með gufubaðstunnu í garðinum, litla smiðju og hefilbekk og næsta sumar ætlum við að koma okkur upp gróðurhúsi.

★★★½
SÖLVI SVEINSSON / MORGUNBLAÐIÐ

Guðjón R. Sigurðsson var mikill sögumaður. Fjörlegur textinn segir frá ævintýralegu lífi í Vesturheimi og varpar ljósi á merkan mann sem fór sínar eigin leiðir og mætti hinu óþekkta af óttaleysi og bjartsýni.

Þórður Sævar Jónsson bjó endurminningarnar til útgáfu.





LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is



HALLGRÍMS KIRKJA

ÞINN STAÐUR UM HÁTÍÐARNAR

18. desember – 4. sunnud. í aðventu

11.00 Fjölskylduguðsþjónusta
Prestur og barnastarf: Sigurður Árni Þórðarson og Kristný Rós Gústafsdóttir djákni
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kórstjóri: Sunna Karen Einarsdóttir
Graduale Futuri syngur og flytur helgileik
Jólaball í safnaðarsalnum eftir guðsþjónustuna

17.00 Syngjum jólin inn!
Kórsöngur, almennur söngur, & lestrar
Kór Hallgrímskirkju, stjórnandi Steinar Logi Helgason
Kór Breiðholtskirkju, stjórnandi Örn Magnússon
Kór Neskirkju, stjórnandi Steingrímur Þórhallsson
Björn Steinar Sólbergsson, orgel
Lesarar:
Sr. Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Hallgrímskirkju
Sr. Jón Ómar Gunnarsson, Breiðholtskirkju
Sr. Sigurður Árni Þórðarson, Hallgrímskirkju
Sr. Skúli Sigurður Ólafsson, Neskirkju

24. desember – aðfangadagur

18.00 Aftansöngur
Prestur: Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kórstjóri: Steinar Logi Helgason
Kór Hallgrímskirkju syngur
Einsöngur: Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir

23.30 Guðsþjónusta á jólanótt
Prestur: Sigurður Árni Þórðarson
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kórstjóri: Hreiðar Ingi Þorsteinsson
Kór Menntaskólans við Hamrahlíð syngur

25. desember – jóladagur

14.00 Hátíðarmessa
Prestur: Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kórstjóri: Steinar Logi Helgason
Félagar í Kór Hallgrímskirkju syngja
Einsöngur: Benedikt Kristjánsson
Flautuleikur: Áshildur Haraldsdóttir

16.00 Guðsþjónusta á ensku
Prestur: Bjarni Þór Bjarnason

26. desember – annar í jólum

14.00 Guðsþjónusta
Prestur: Sigurður Árni Þórðarson
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Forsöngvari: Hildigunnur Einarsdóttir

17.00 Orgeltónleikar
Björn Steinar Sólbergsson, orgel
Aðgangseyrir 3.000 kr. (miðar í kirkju og á www.tix.is)

31. desember – gamlársdagur

16.00 Hátíðarhljómar við áramót
Gunnar Kristinn Óskarsson, trompet
Ólafur Elliði Halldórsson, trompet
Gunnar Helgason, básúna
Steinn Völundur Halldórsson, básúna
Björn Steinar Sólbergsson, orgel
Aðgangseyrir 4.000 kr. (miðar í kirkju og á www.tix.is)

31. desember – gamlárskvöld

18.00 Aftansöngur
Prestar: Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Sigurður Árni Þórðarson
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kórstjóri: Steinar Logi Helgason
Kór Hallgrímskirkju syngur
Einsöngur: Sólbjörg Björnsdóttir

1. janúar – Nýársdagur

14.00 hátíðarmessa
Prestur: Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Sigurður Árni Þórðarson
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kórstjóri: Steinar Logi Helgason
Félagar úr Kór Hallgrímskirkju syngja

Fleira fróðlegt og skemmtilegt í desember:

Jólin hans Hallgríms

Sýningin Jólin hans Hallgríms er í Hallgríms-kirkju í desember og er nú haldin í áttunda sinn.
Sýningin er fyrir börn á öllum aldri. Hallgrímskirkja býður leikskóla- og grunnskólabörnum í Reykjavík og nágrenni að koma í heimsókn í Hallgrímskirkju í aðdraganda jólanna.
Í heimsókninni er sagt frá því hvernig jólin voru fyrir 400 árum á Íslandi og börnin fá stutta endursögn úr bókinni **Jólin hans Hallgríms** eftir Steinunni Jóhannesdóttur og myndir eftir Önnu Cynthiu Leplar. Bókin segir frá undirbúningi jólanna hjá drengnum Hallgrími Péturssyni og fjölskyldu hans.

Mánudagar

12.00 Bænastund við Maríumyndina
18.00–19.30 Örkin og unglingarnir
Fyrir unglinga í 8.–10. bekk. Jólafundir í desember.

Þriðjudagar

14.15–15.00 Kirkjukrakkar
Starfið er fyrir 6–9 ára. Ýmislegt jólalegt brallað í desember.

Miðvikudagar

10.00 Morgunmessa
10.00–12.00 foreldramorgnar í kórkjallara
Jólalögin sungin með krílunum í desember.
Heitt á könnunni.

Fimmtudagar

12.00–12.30 Kyrrðarstundir
Íhugun og orgelleikur.

Kvöldkirkja

Í Hallgrímskirkju og Dómkirkjunni eru kvöldkirkjur hálfsmánaðarlega. Í Hallgrímskirkju 22. desember, frá kl. 20.00–22.00. Íhugun, kyrrð og tónlist.

BÓKABÚÐ FORLAGSINS
FISKISLÓÐ 39

ALLAR JÓLABÆKURNAR
Á EINUM STAÐ

























LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**































LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Ekki nóg að gerendur biðjist afsökunar

Katrín Ólafsdóttir, nýdoktor í menntavísindum, hefur rannsakað það hvernig ofbeldi í nánum samböndum þrífst og er viðhaldið í íslensku samfélagi. Hún segir mikilvægt að fjölga úrræðum fyrir gerendur á sama tíma og virðing fyrir þolendum sé í fyrsta sæti.



Katrín Ólafsdóttir hefur rannsakað ofbeldi í nánum samböndum meðal annars út frá gerendum. Hún segir nauðsynlegt að gerendur taki fulla ábyrgð á sínum brotum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég hafði verið að kenna í menntaskóla lengi og samstarf mitt þar við bæði nemendur og kennara varð til þess að ég fór að velta fyrir mér hvernig jafnrétti í samfélaginu og hugmyndir um kynjaðar staðalímyndir stangast einhvern veginn á," segir Katrín Ólafsdóttir, nýdoktor í menntavísindum.

Hún hefur rannsakað hvernig ofbeldi í nánum samböndum þrífst og er viðhaldið í íslensku samfélagi. Rannsóknarefnið skoðaði Katrín meðal annars út frá gerendum, sem er nýnæmi í íslenskum rannsóknum.

„Ég hef mikið horft á ofbeldi í nánum samböndum út frá forvörnum og hvernig við getum í rauninni hjálpað unga fólkinu okkar að lenda ekki í þessum sporum," segir Katrín.

Hún segir mikið af rannsóknum af þessu tagi beinast að einstaklingum, hennar rannsókn beinist að samfélaginu, því hvernig samfélagið ýti undir það að ofbeldi þrífist enn innan þess.

„Kyngervishugmyndir skipta þarna mjög miklu máli. Ég talaði við gerendur, þolendur og ungt fólk þegar ég vann að rannsókninni og ungu krakkarnir, kannski 18 ára, voru öll sammála um að jafnrétti væri þeim mjög mikilvægt og þau voru meðvituð um ríkjandi jafnréttishugmyndir í samfélaginu," segir Katrín.

„En svo þegar þau eru komin í náin sambönd þá eru svo skýrar hugmyndir um það hvernig strákar eiga að haga sér og svo hvernig stelpur eiga að haga sér og þær hugmyndir passa ekki við þessar jafnréttishugmyndir í samfélaginu," útskýrir Katrín.

Völd og ofbeldi

Katrín segir að það að hugmyndir um jafnrétti í samfélaginu, og svo kynjaðar staðalímyndir í nánum samböndum passi ekki saman, geti haft áhrif á það hvernig ofbeldi þrífist.

„Í samböndum eru það strákar sem leiða og stelpur eiga að láta leiðast. Fólk fær upplýsingar um það hvernig það á að haga sér í gegnum alls konar leiðir, svo sem sjónvarp, og þar er okkur alltaf sagt að stelpur eigi að leyfa strákunum að stýra og strákar fá þau skilaboð að þeir eigi að nýta sér hvert tækifæri til að stunda kynlíf," segir Katrín og bætir við að ekki sé pláss fyrir önnur kyn en konur og karla, eða aðra kynhneigð en gagnkynhneigð, innan þessara staðalímynda.

„Ofbeldi snýst að svo miklu leyti um völd, í þessum kynjuðu staðalímyndum liggja völd hjá körlum, þeir eru 90 prósent gerenda, sama hvort að þolendur séu konur, karlar eða af öðrum kynjum, og það er ekki tilviljun," segir Katrín.

Spurð að því hvað sé til ráða segir Katrín kerfisbundnar breytingar líklegastar til árangurs. „Þessar hugmyndir um kynin eru svo lúmskar og leynast svo djúpt bæði í þjóðarsálinni og í sjálfinu okkar og þess vegna er svo erfitt að breyta þessum mynstrum, en það er samt hægt," segir Katrín.

„Það væri til dæmis hægt með samstilltu átaki í menntamálum, en þá þyrfti að breyta öllu. Skoða námskrá, námsgögn, menntun kennara og svo framvegis," segir hún.

„Kynfræðsla hefur til dæmis verið að aukast með árunum og þar er verið að tala um samskipti, virðingu, mörk og allt þetta, en það er ekki nóg að það komi einstaka fræðari eða að það séu einhver átök í smá tíma, á meðan það er ekki fræðsla gegnumgangandi í gegnum öll skólastig þá hefur þetta í rauninni mjög lítil áhrif," heldur hún áfram.

> Ef þú ert búinn að brjóta af þér, þá tapar þú ákveðinni virðingu samfélagsins.

Katrín segir það geta verið flókið fyrir ungt fólk að sitja eina kennslustund þar sem lögð er áhersla á gömul samfélagsleg gildi og í þeirri næstu sé valdeflandi kynfræðsla. „Það þarf að samþætta þetta og það þarf að koma þessum breytingum inn í menntun kennara og skólakerfið allt."

Fókus á gerendur

Katrín skoðar sem fyrr segir ofbeldi meðal annars út frá gerendum. Hún segir nauðsynlegt að fjölga úrræðum fyrir gerendur hér á landi á sama tíma og virðing fyrir þolendum sé alltaf í fyrsta sæti. „Það er svo skiljanlegt að það hafi verið byrjað á enda þolenda þegar kemur að rannsóknum og úrræðum gegn ofbeldi. Minna hefur verið gert á enda gerenda, en það er líka mikilvægt," segir hún og bendir á að hver gerandi eigi í flestum tilvikum fleiri en einn þolanda.

„Það segir sig því sjálft að ef við ætlum raunverulega að sporna við vandanum þá ættum við að fókusera á það að finna leiðir til að fækka gerendum," segir Katrín.

„Við vitum það að ef við hittum gerendur eftir fyrsta brot í viðtalsmeðferð eða öðrum inngripum þá getum við minnkað líkur og jafnvel fyrirbyggt það að þeir brjóti af sér aftur," bætir hún við.

„Ef að gerendur hins vegar hafa brotið ítrekað af sér og kannski ekki áttað sig á því að um brot sé að ræða, er enn erfiðara að hjálpa þeim og vinna með þeim og aðstoða þá. Við þurfum fjölbreytt úrræði sem henta sem flestum. Eins og við erum með ólík úrræði fyrir þolendur þurfum við ólík úrræði fyrir gerendur," segir Katrín.

Útskúfun

Mikið hefur verið rætt um útskúfun gerenda í samfélaginu, að þeir eigi ekki afturkvæmt og geti ekki unnið sér aftur inn virðingu samfélagsins.

Katrín segir nauðsynlegt að gerendur taki fulla ábyrgð á verkum sínum, þó að þeir geri það þýði það ekki endilega að þeir komist aftur á sama stað og þeir voru fyrir verknaðinn.

„Ef að þú ert búinn að brjóta af þér þá tapar þú ákveðinni virðingu samfélagsins. Þú þarft svo bara að vinna þér hana inn aftur, en þú átt ekkert heimtingu á því að komast aftur á þann stað sem þú varst á eða að ná aftur sama status," segir Katrín.

„Það fer svo líka auðvitað eftir því hvar þú starfaðir og hvað þú gerðir fyrir brotið, hvort að það sé viðeigandi að gerendur fari aftur í sömu stöðu, enda á þetta ekkert að snúast um það hvar gerendur enda eftir brot heldur ábyrgð og það að vinna úr sínum verkum," segir hún.

Katrín segir mikilvægt að gefa engan „afslátt" af þeirri ábyrgð sem liggur á gerendum, með auknum úrræðum sé hægt að veita meðferð sem skili árangri. „Svoleiðis meðferð tekur langan tíma, jafnvel mörg ár og hún getur verið mjög erfið. En það er ekki nóg að gerandi biðjist afsökunar, heldur þarf hann að átta sig á þeim sársauka sem hann olli þolanda," segir hún.

„Þolendur upplifa margir kvíða, sjálfsvígshugsanir, þora ekki út úr húsi og sitja í sálfræðimeðferð sem kostar fullt af peningum í marga mánuði eða mörg ár, við viljum ekki að neinn upplifi það og þess vegna þurfum við fjölbreytt úrræði fyrir gerendur og þolendur," segir Katrín að lokum. ■


ILVA
VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS - ALLTAF OPIN
KÓSÍ UM JÓLIN
20-40%
AF VÖLDUM VÖRUM
Lengdur opnunartími
fram að jólum.
Sjá nánar inn á ILVA.is


25%
GILA Spegill 100x50cm
~~19.995~~ kr.
Nú 14.995 kr.


20%
SIT Borðstofustóll
~~49.900~~ kr. **Nú 39.900 kr.**


20%
LINA Hægindastóll
~~79.900~~ kr. **Nú 63.900 kr.**


20%
MOSS Púði 50x50cm
~~5.995~~ kr. **Nú 4.795 kr.**


20%
LARVIK 3ja sæta sófi H79 x B86 x L210cm
~~149.900~~ kr. **Nú 119.900 kr.**


30%
RIA Hægindastóll
~~79.900~~ kr. **Nú 55.900 kr.**


30%
RIA Tungusófi H78 x B148 x L222cm
~~199.900~~ kr. **Nú 139.900 kr.**


25%
JAMES Hjólaborð
~~79.900~~ kr. **Nú 59.900 kr.**


20%
MINO Skrifborð með 2 skúffum
~~49.900~~ kr. **Nú 39.900 kr.**


33%
ALLY Borðstofustóll
~~22.900~~ kr. **Nú 14.900 kr.**


20%
FOCUS Skenkur með rennihurðum
~~169.900~~ kr. **Nú 135.900 kr.**


27%
ARTHUR Borðstofustóll
54.900 kr. **Nú 39.900 kr.**


20%
NEW YORK Spegill
79.900 kr. **Nú 63.900 kr.**


20%
ECLIPSE Borðstofuborð 200x110cm
Framlengingar fylgja 299.900 kr. **Nú 239.900 kr.**


40%
Jólasveinar
Verð frá 897 kr.
með afslætti


20%
AF ÖLLUM
MATARSTELLUM


40%
AF ÖLLUM
JÓLAVÖRUM

FAST SENDINGARGJALD
MEÐ PÓSTINUM ÓHÁÐ MAGNI
OG STAÐSETNINGU
VERÐ FRÁ **1.500 KR - 15.000 KR.**

ILVA Garðabæ - ILVA Akureyri - ILVA Selfoss
S: 522 4500. Lengri opnunartímar í desember, sjá nánar á www.ILVA.is

ILVA



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is



Svana Lovísa á ótrúlega fallegt heimili i Hafnarfirði. Hún skreytir afar fallega með fjölbreyttu skrauti og leggur skemmtilega á jólaborðið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Heillast af litríku jólaskrauti

Hönnuðurinn og bloggarinn Svana Lovísa Kristjánsdóttir er mikill fagurkeri og jólabarn. Hún byrjar snemma að skreyta með jólaskrauti sem hún hefur sankað að sér úr ýmsum áttum.

Svana Lovísa Kristjánsdóttir, hönnuður og bloggari, er mikið jólabarn og byrjar snemma að skreyta fallegt heimili sitt í Hafnarfirði. „Ég heillast mikið af litríku, persónulegu og skemmtilegu jólaskrauti," segir Svana.

„Jólin eru hátíð barnanna og jólatréð okkar er fullt af alls konar dýrum og fuglum og þar hangir mikið af skrauti sem Bjartur sonur minn hefur búið til, ég elska að setja það á tréð," segir Svana, sem á tvö börn með eiginmanni sínum, Bjart Elías, átta ára og Birtu Katrínu, tveggja ára.

„Það er notaleg fjölskyldustund þegar við skreytum tréð og þau fá að raða skrautinu á, ég endurraðaði reyndar aðeins skrautinu eftir Birtu litlu, það hékk allt á neðstu greinunum," segir Svana.

Spurð að því hvað sé hennar uppáhaldsjólaskraut nefnir Svana tvennt. „Grænn krans úr hrísgrjónum og glimmeri sem Bjartur bjó til er í algjöru uppáhaldi," segir hún.

„Svo er ég með óvanalega mikið af fuglum á jólatrénu og það er eitthvað sem var alltaf hjá ömmu, ég fékk nokkra af hennar fuglum sem eru orðnir mjög sjúskaðir og gamlir og þannig var það líka hjá henni. Ég elska það og finnst það svo skemmtilegt," segir Svana.



Græni kransinn sem Bjartur föndraði.



Svana er með mikið af fuglum úr ýmsum áttum á jólatrénu sínu.

> Jólin eru hátíð barnanna og jólatréð okkar er fullt af alls konar dýrum og fuglum.



Svana, Bjartur Elías og Birta Katrín.



Svana notar sælgætisjólastafi sem skraut á jólaborðið.

Fallegt jólaborð

Svana lagði fallega á borð áður en ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði, hún notar til dæmis sælgætisjólastafi sem skreytingar.

„Ég, systir mín, foreldrar mínir og fjölskyldur höfum alltaf verið saman og skipst á að vera hjá hvert öðru," segir hún. „Núna eigum við eftir að ákveða hvort við verðum hjá mér eða systur minni, en ég var búin að segja við hana að sú vinnur sem er með meira jólaskraut, við verðum þar sem verður jólalegra á aðfangadag," bætir Svana kímin við. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 17. desember 2022



VEIÐIKORTIÐ
2023

Frábær jólagjöf fyrir veiðifólk á öllum aldri!

Gefðu upplifun í jóla-pakkann

veidikortid.is





Hannah veit að það er mikilvægt fyrir alla fjöldskylduna að fá D-vítamín í kroppinn. MYND/AÐSEND

D-vítamín í formi munnúða

Hannah Davíðsdóttir hefur verið að notast við munnúðana frá Better You í yfir 4 ár fyrir alla fjölskylduna með frábærum árangri og mælir hiklaust með þeim fyrir alla. 2

Á Íslandi er sérlega mikilvægt að huga að inntöku D-vítamíns í formi bætiefna, sérstaklega yfir vetrarmánuðina, þar sem sólin hér á landi er ekki nægilega hátt á lofti til þess að framleiðsla á D-vítamíni geti orðið til í húðinni. D- vítamín gegnir lykilhlutverki í viðhaldi sterkra beina og tanna og skiptir til að mynda sköpum í viðhaldi eðlilegrar vöðvastarfsemi sem og fyrir heilbrigt ónæmiskerfi. Margt gefur þó til kynna að D-vítamín gegni mun víðtækara hlutverki en talið var og það sé í raun grundvallarefni til að viðhalda heilsu og fyrirbyggja hina ýmsu heilsufarskvilla.

Erfitt að gleypa D-vítamín þegar það er í pilluformi?
Mörgum hverjum getur þótt heldur erfitt að innbyrða mikilvægt D-vítamín í föstu formi en þá eru munnúðar einstaklega hentug og áhrifarík leið til þess að innbyrða ráðlagðan dagskammt. Munnúðarnir frá Better You eru sérstaklega hannaðir þannig að þeir frásogist beint inn í blóðrásina en með því að úða undir tungu eða út í kinn fer úðinn fram hjá meltingarveginum og tryggir þannig hámarks upptöku. Munnúðar eru einföld leið fyrir alla, sérstaklega fyrir þá sem eiga í erfiðleikum með að kyngja töflum/hylkjum eða hafa undirliggjandi kvilla á borð við meltingarvandamál, en einnig fyrir börn á öllum aldri.

Better You munnúðar
Better You vörurnar hafa notið mikilla vinsælda og ekki að ástæðulausu þar sem mikið er lagt upp úr gæðum og að upptaka vítamína sé tryggð. Better You framleiðir öll þau helstu vítamín sem þörf er á fyrir eðlilega líkamsstarfsemi en D-vítamín línan hefur slegið í gegn. Línan hentar fyrir alla fjölskylduna þar sem mismunandi styrkir eru til sem henta hverjum og einum hverju sinni, vörurnar fást í styrkleika allt frá 10 µg til 100 µg. Better You hefur einnig tileinkað sér þann frábæra eiginleika að fyrirtækið tryggir að vöruúrval þeirra hafi sem minnst áhrif á jörðina og eru því allar vörur lausar við pálmaolíu sem og eru pakkaðar í endurunnið plast úr sjó sem er allt 100% endurvinnanlegt.

Hannah Davíðs notar Better You fyrir alla fjölskylduna
Hannah Davíðsdóttir er 24 ára, tveggja barna móðir sem brennur fyrir líkamsrækt og heilbrigðan lífsstíl. Hannah leggur mikla áherslu á að gera allt sem hjálpar líkamanum til að hafa næga orku og vill slíkt hið sama fyrir alla í sinni fjölskyldu. „Ég hef notað D



Better You er til fyrir alla fjölskylduna.

> Munnúðarnir frá Better You eru sérstaklega hannaðir þannig að þeir frásogist beint inn í blóðrásina.



Better You D-vítamínið hefur slegið í gegn enda hentar það fyrir allan aldur.



Better You D-vítamín munnúði fyrir börn frá þriggja ára aldri. Einfalt er að gefa börnum vítamínið.



Better You D-vítamín munnúði fyrir börn yngri en þriggja ára.

Infant frá Better You í rúmlega 4 ár, eða fyrir báðar stelpurnar mínar, því það er svo einfalt í notkun fyrir nýbura og er þekkt fyrir að fara ekki illa í maga eins og önnur D-vítamín á markaðinum gera gjarnan. Mér þykir það afar góður kostur fyrir börn þar sem þau þurfa að sjálfsögðu líka á D-vítamín viðbót að halda eins og allir aðrir.

Fyrir eldri dóttur mína, sem er 4 ára, hef ég skipt yfir í D Junior sem hún elskar en það inniheldur örlítið meira magn af D-vítamíni en í ráðlögðum dagskammti. Við maðurinn minn notumst svo við D 3000 frá Better You sem hefur nýst ótrúlega vel en það er með bragðgóðu piparmyntubragði sem er fullkomið í morgun rútínuna," segir Hannah sem hefur lengi notast við vörur Better You með góðum árangri. Hannah mælir eindregið með vörunum frá Better You fyrir alla fjölskylduna þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. ■

BetterYou™
Vegan Health



Sérstaklega samsett bætiefnablanda fyrir þá sem eiga erfitt með að taka upp B12 og járn úr fæðunni og þá sem neyta ekki dýraafurða.

Hámarksupptaka tryggð þegar úðað er út í kinn.
Hröð og mikil upptaka.
Betra og öruggara en töflur eða hylki.
Pakkningar gerðar úr endurunnu plasti úr sjónum
48 skammtar

▪ Vegan D3 ▪ B12 ▪ Járn & Joð



Valið BESTA NÝJA BÆTIEFNIÐ á Natural & Organics í London 2019

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna

FRÉTTABLAÐIÐ

Hafnartorg

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 17. desember 2022



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nýr heimur við höfnina

Hafnartorg er hjartað í nýjum miðbæ með öllu því sem lifandi borgarmenning hefur upp á að bjóða; veitingastaðir, verslanir, kaffihús, afþreying og menning. Hér er allt sem þarf til að njóta lífsins frá morgni til kvölds og næg bílastæði í skjóli frá veðri og vindum undir öllu svæðinu. Gefðu þér tíma til að staldra við, skoða, leika þér og njóta þess að vera til í borginni.

Hafnartorg



GALLERY VEITINGAR

1. AKUR
2. BRAND
3. LA TRATTORIA
4. NEÓ
5. FUEGO
6. KUALUA
7. BLACK DRAGON

GALLERY VERSLANIR

8. 66°NORÐUR
9. CASA
10. THE NORTH FACE

HAFNARTORG
HINU MEGIN VIÐ GEIRSGÖTU

11. BIOEFFECT
12. COS
13. H&M + H&M HOME
14. LYFJA
15. REYKJAVÍK KONSULAT HOTEL
16. GK REYKJAVÍK
17. MICHELSEN
18. OPTICAL STUDIO
19. LEVI'S
20. COLLECTIONS
21. MAIKA'I
22. JOE & THE JUICE
23. SKOR
24. REÐASAFNIÐ
25. UNGFRÚ REYKJAVÍK

P BÍLASTÆÐI / PARKING
STIGAHÚS
RÚLLUSTIGI

HAFNARTORGGALLERY.IS



Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • KRINGLAN • KEFLAVÍK

Okkar gleraugnamerki í umgjörðum og sólgleraugum

Ray-Ban · GUCCI · Chloé · OAKLEY · DIOR

Cartier · SAINT LAURENT PARIS · FENDI · CHROME HEARTS · DITA

CÉLINE · DOLCE & GABBANA · EMPORIO ARMANI · Alexander McQUEEN · BOTTEGA VENETA

GIORGIO ARMANI · BURBERRY · BALENCIAGA · BVLGARI · Maui Jim

PRADA · Persol · TOM FORD · VALENTINO · VERSACE

Opticalstudio.is 511-5800



JÓLAGJÖFIN
hennar er..

LAUREN BLAZER
VERÐ: 47.990 KR.





LAUREN TASKA
VERÐ: 46.990 KR.



LAUREN LEÐURHANSKAR
VERÐ: 16.990 KR.



LAUREN TREFILL
VERÐ: 14.990 KR.



LAUREN BUXUR
VERÐ: 46.990 KR.

LAUREN SKYRTA
VERÐ: 26.990 KR.





LAUREN BLÚSSA
VERÐ: 26.990 KR.



LAUREN TASKA
VERÐ: 49.990 KR.



LAUREN SKÓR
VERÐ: 22.990 KR.



JÓLAGJÖFIN
hans er..

POLO RALPH LAUREN
NÁTTFÖT
VERÐ: 29.980 KR.





POLO RALPH LAUREN
STUTTERMABOLUR
VERÐ: 9.980 KR.





BOSS ÚLPA
VERÐ: 79.980 KR.

POLO RALPH LAUREN
TREFILL
VERÐ: 14.980 KR.





BOSS
LEÐURHANSKAR
VERÐ: 17.980 KR.



POLO RALPH LAUREN
TASKA
VERÐ: 49.980 KR.



BOSS SKÓR
VERÐ: 44.980 KR.

BOSS BUXUR
VERÐ: 24.980 KR.

Hittu miðborgina beint í hjartastað

Hafnartorg Gallery er nýr og glæsilegur áfangastaður í miðbæ Reykjavíkur. Um er að ræða einstakt fjölnota upplifunarrými sem er helgað mat, verslun og menningu.

jme@frettabladid.is

Ásthildur Embla Friðgeirsdóttir er rekstrarstjóri Hafnartorgs Gallery. „Mestan hluta míns starfsferils hef ég unnið í veitingageiranum en það er eitthvað við hasarinn í þeim bransa sem á vel við mig," segir Ásthildur, sem er með MA í mannauðsstjórnun og BA í mannfræði. „Ég vann á Hananum nokkurn veginn frá því hann opnaði og fékk að taka þátt í mótun verkferla í rekstri staðarins. Einnig starfaði ég sem veitingastjóri á Roadhouse.

Ég hef öðlast dýrmæta reynslu sem hefur nýst vel frá því ég tók við rekstrarstjórastöðu Hafnartorgs Gallery í mars á þessu ári. Þetta hefur verið skemmtilegur og lærdómsríkur tími á meðan framkvæmdir voru í gangi og veitingastaðir voru í hönnunarferli. Það koma margir að svona verkefni og ýmislegt þarf að gerast áður en formlegur rekstur fer í gang. Mun fleira en flestum hefði dottið í hug," segir Ásthildur.

Matur, menning, verslun

Í Hafnartorgi Gallery má finna breitt úrval verslana með alþjóðleg vörumerki, vandaða hönnun, munað og nytjahluti. Meðal annars eru þar Casa Boutique, 66°Norður og The North Face. „Hér gefst tækifæri til að njóta lífsins frá morgni til kvölds við hvaða tilefni sem er. Hingað er tilvalið að kíkja í hádegismat á bæjarröltinu, í snarl eða drykk áður en haldið er út á lífið eða á tónleika á tónleikastöðum miðbæjarins."

Sex veitingabásar deila glæsilegu veitingasvæði í kjarna Hafnartorgs Gallery. Black Dragon, Brand vín og grill, Fuego, Neó og La Trattoria. Í jaðri Hafnartorgs Gallery er svo veitingastaðurinn Akur þar sem frönsk-norræn stemning með árstíðabundnum afurðum fær að njóta sín við bryggjuna."

Veitingasvæðið, sem er eitt glæsilegasta veitingarými landsins og veitingastaðirnir, eru hannaðir af Basalt arkitektum. „Hér er mikið lagt upp úr gæðum svo að gestir njóti sín sem allra best. Sætin eru þægileg, rýmið er fallega upplýst, hljóðvistin er góð og öflug loftræsting kemur í veg fyrir að salurinn fyllist af matarlykt og brælu. Hér er vandlega hugsað út í allra smæstu smáatriði sem gleymast gjarnan við opnun nýrra staða."

Veitingasalurinn er listarými með níu stafrænum skjáum þar sem verkum ákveðins listamanns er varpað hverju sinni. „Skjáirnir virka eins og gluggar og skapa einstaklega notalega og skemmtilega stemningu fyrir gesti og gangandi." Sérstakt svæði í salnum er svo til einkað viðburðahaldi. „Við höfum nú þegar haldið nokkra vel heppnaða viðburði og má sérstaklega nefna fría tónleika með Bríeti og Högna um daginn. Andrúmsloftið var vægast sagt magnað. Desember hefur verið viðburðaríkur og í dag snúa Aðventukransarnir plötum og spila jólalög. Svo verða jólasveinar á vappi um Hafnartorgið.



Ásthildur segir veitingarýmin vel hönnuð og að hugsað hafi verið út í smæstu smáatriði til að gera þau eins og best verður á kosið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eitthvað við allra hæfi

Hver veitingastaður og verslun í kjarnanum hefur sína sérstöðu og sjarma og voru sérvaldir úr hópi umsækjenda. „Við lögðum mikið upp úr gæðum í vali á rekstraraðilum. Hér er enginn sem við höfum ekki fulla trú á og gerum miklar væntingar til. Þetta eru ólíkir aðilar sem hafa gríðarlegan metnað og hafa sannað að þeir viti hvað þeir eru að gera. Verslun og matur er af afar fjölbreyttum toga, allt frá götubita upp í fínni veitingar. Sama gildir um verslanir Hafnartorgs. Það er því óhætt að segja að öll ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í mat og drykk, sem og verslun, á Hafnartorgi."

Lúxus staðsetning

Hafnartorg Gallery er staðsett fyrir ofan bílastæðakjallarann sem gerir til að mynda tónleikaferð í Hörpu einstaklega þægilega þegar vindar blása. „Bílnum er lagt í kjallaranum og lyftan tekin upp í Hafnartorg Gallery. Eftir að fólk hefur gætt sér þar á girnilegum veitingum er svo hægt að ganga yfir í Hörpu í gegnum bílastæðakjallarann. Þetta er alger lúxus þegar kalt og blautt er úti, en það er í raun sama í hvaða erindagjörðum fólk er í miðbænum, við erum alltaf vel staðsett," segir Ásthildur.

„Við lögðum upp úr því að gera þetta að upplifunarrými sem fólk á öllum aldri gæti heimsótt og notið sín. Aðgengi er frábært og inngangar eru á öllum hliðum hússins. Þetta er því ekki síður vinsæll áfangastaður fyrir hjólastólanotendur og fólk með barnavagna. Hér er nóg pláss og feikinóg af bílastæðum. Viðtökurnar hafa vægast sagt farið fram úr björtustu vonum og ég hvet þau sem ekki hafa heimsótt okkur enn eindregið til þess að skella sér í Hafnartorg Gallery og upplifa þennan nýja áfangastað höfuðborgarinnar. Við hlökkum til að sjá ykkur," segir Ásthildur að lokum. ■



Dásamlegar belgískar vöfflur



Elín veitingastjóri, með jólavöffluna í ár, en hún er með ferskum hindberjum, karamellusósu, piparkökum og sérstökum hátíðarís. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

The Phallic Bistro/Cafe er veitingastaður og kaffihús sem er staðsett í húsnæði Reðasafns Íslands við Hafnartorg í miðbæ Reykjavíkur.

Sérstaða The Phallic Bistro eru gómsætar belgískar vöfflur sem eru í laginu eins og typpi. Þar má finna bæði sætar og ósætar vöfflur sem og árstíðabundnar vöfflur.

„Í sætu vöfflunum er vinsælasta vafflan okkar með ferskum jarðarberjum, nutellasósu og ristuðum pekanhnetum. Svo er líka vinsælt á köldum vetrardögum að fá sér vöfflu með karamellugljáðum eplum, valhnetum og karamellusósu eða bláberjavöfflu með marengs og bláberjasósu en við erum með mikið úrval af dásamlegum vöfflum," segir Elín Bergljótardóttir, veitingastjóri á The Phallic Bistro.

„Við leggjum mikið upp úr því að gera allt frá grunni og nota einungis hágæða hráefni. Ósætu vöfflurnar okkar eru máltíð með frönskum kartöflum. Við erum til að mynda með „komex" kjúklingavöfflu, „pulled pork" vöfflu, morgunverðarvöfflu og svo árstíðabundnu vöffluna okkar sem er með hreindýrakjötbollum," segir Elín og bætir við:

„Þessar vöfflur hafa verið mjög vinsælar og fólk er að koma í mat frá morgni fram á kvöld en Reðasafnið er opið alla daga frá klukkan 10 til klukkan 19. Einnig bjóðum við upp á einstaklega gott kaffi og margir sem koma hafa haft orð á því að við séum með eitt besta kaffi á Íslandi, en við erum stolt af því að eiga einu Kees van der Western kaffivélina á landinu og bruggum í henni artisan kaffi sem sérfræðingarnir í Kvörn hafa valið og brennt. Allt kaffið okkar er keypt beint af býli og er handtínt og vistvænt. Einnig erum við með dásamlegt úrval af hágæða tei," segir Elín veitingastjóri.

„Svo má nú ekki gleyma að tala um kokteilana og bjórinn. Við erum með 5 tegundir af bjór á dælu en þeir koma allir frá Reykjavík Brewing og kokteilarnir okkar eru ekki af verri endanum en þeir eru einnig blandaðir með hágæða hráefni og meðal annars áfengi frá Reykjavík distillery. Einnig erum við með árstíðabundna hrásaft úr íslenskum kræsiberjum sem við tínum sjálf og pressum."



Vinsælasta vafflan er með ferskum jarðarberjum, nutellasósu og ristuðum pekanhnetum. MYNDIR/MAGNÚS ÓSKARSSON



Í boði á The Phallic Bistro er jólaglögg ásamt góðum kaffidrykkjum, hágæða tei og ljúffengum kokteilum.



Ósætu vöfflurnar eru máltíð með frönskum kartöflum.



Fimm tegundir af bjór á dælu eru í boði á The Phallic Bistro.

> **Fyrir jólin bjóðum við upp á íslenskan villibráðarplatta sem er frábær smakkplatti fyrir þá sem elska villibráð.**
>
> Elín Bergljótardóttir

„Fyrir jólin í ár bjóðum við einnig upp á íslenskan villibráðarplatta sem er frábær smakkplatti fyrir þá sem elska villibráð og svo má nú ekki gleyma því að minnast á jólavöffluna í ár, en hún er einstaklega glæsileg með ferskum hindberjum, karamellusósu, piparkökum og sérstökum hátíðarís," segir Elín og bætir því við að allt sem gert er á The Phallic Bistro sé vel gert og starfsfólkið leggi mikla alúð og nákvæmni í veitingarnar sem í boði eru, en The Phallic Bistro var opnað á Hafnartorgi árið 2019.

Eina sinnar tegundar í heiminum

„Reðasafnið sjálft er einnig vel þess virði að heimsækja en það er það eina sinnar tegundar í heiminum. Þetta er fræðasafn með reðum af yfir 300 dýrum sem safninu hefur áskotnast á síðastliðnum 25 árum. Þar er einnig að finna mikið af skemmtilegum og fróðlegum upplýsingum um dýrin.

Einnig erum við með einstaka gjafavöruverslun með mikið af munum sem margir hverjir eru ófáanlegir annars staðar en mikið af gjafavörunni okkar er handgerð hér á landi sérstaklega fyrir safnið með viðeigandi þema safnsins.

Reðasafnið og Bistroið er fjölskyldurekið fyrirtæki þar sem mikill metnaður er lagður í að veita viðskiptavinum okkar skemmtilega, vandaða og öðruvísi upplifun," segir Elín. ■



Magnús Gunnarsson rekstrarstjóri Joe & The Juice og Emil Aron Sigurðarson, svæðisstjóri Joe & The Juice.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ferskar og spennandi veitingar á Hafnartorgi

Stærsti og flottasti Joe & The Juice staðurinn hér á landi er staðsettur á Hafnartorgi. Staðurinn er vel sóttur bæði af heimamönnum og erlendum ferðalöngum.

Joe & The Juice opnaði á Hafnartorgi í júlí 2019 og er flottasti og stærsti staður Joe & The Juice á Íslandi hingað til. „Við höfum fengið frábærar viðtökur frá viðskiptavinum okkar hér í kringum Hafnartorgið. Staðurinn er einnig sérstaklega vinsæll hjá túristum sem eiga leið hjá eða koma sérstaklega á svæðið til þess að heimsækja okkur, enda um alþjóðlegt vörumerki að ræða," segir Magnús Gunnarsson, rekstrarstjóri Joe & The Juice. „Á þessu ári höfum við kynnt til leiks nokkrar spennandi nýjungar, þar á meðal Joe kaffihylkin ásamt bananabrauði, gulrótarkökum og fleira brauðmeti og hafa þær nýjungar hvergi fengið jafn góðar viðtökur og hér á Hafnartorgi."

Kaffið á sér dyggan aðdáendahóp

Emil Aron Sigurðarson, svæðisstjóri Joe & The Juice, segir kökurnar sem þau bjóða upp á vera sérstaklega vinsælar með kaffinu, núna þegar kólnað hefur í veðri. „Kaffið okkar er einmitt sá vöruflokkur sem á hvað dyggastan aðdáendahóp. Kaffibaunirnar á Joe & The Juice eru sérvaldar frá sjálfbærum kaffiframleiðanda í Hondúras og er kaffið okkar bæði lífrænt sem og Fairtrade vottað."

Appið hefur vaxið hratt

Þeir segja viðskiptavini geta búist við töluverðum nýjungum á matseðli Joe & The Juice á næsta ári. „Við hlökkum mikið til að kynna þessar nýjungar fyrir viðskiptavinum okkar. Auk þess stefnum við á enn frekari stækkun á Joe vildarappinu okkar, en uppgangurinn þar hefur verið ótrúlegur á árinu.

> **Notendafjöldinn hefur hvergi í heiminum aukist eins og hér á landi og erum við virkilega þakklát fyrir þær móttökur sem appið hefur fengið.**
>
> Magnús Gunnarsson

Notendafjöldinn hefur hvergi í heiminum aukist eins og hér á landi og erum við virkilega þakklát fyrir þær móttökur sem appið hefur fengið. Þar spilar stórt hlutverk að með því að versla í gegnum appið safna viðskiptavinir stigum, og fá gjafir í appið eins og ókeypis djúsa, samlokur en einnig Joe & The Juice-merktan varning."

Nánari upplýsingar á joeandthejuice.is.



Sífellt fleiri nota Joe & The Juice appið og safna um leið stigum.



Kökurnar eru vinsælar með kaffinu þegar kólnað hefur í veðri.



Girnilegar samlokur og ferskir sjeikar eru frábær blanda.



Joe & The Juice á Hafnartorgi er flottasti og stærsti staður Joe & The Juice á Íslandi hingað til.

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



Tölvu- og tæknimaður

Eik fasteignafélag óskar eftir að ráða sjálfstæðan og lausnarmiðaðan einstakling í starf tölvu- og tæknimanns. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, búa yfir framúrskarandi samskiptahæfni og hafa gaman af notendaþjónustu auk kerfisreksturs.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almennur kerfisrekstur
- Uppbygging og innleiðing tæknikerfa í byggingum félagsins
- Rekstur á öryggis- og aðgangskerfum
- Umsjón með aðgangskortum og skjákerfum í byggingum félagsins
- Umsjón með tæknibúnaði og notendaþjónustu á skrifstofu og öðrum starfsstöðvum félagsins

Hæfniskröfur:

- Reynsla af kerfisrekstri er skilyrði
- Góð þekking á Windows og almennum notendahugbúnaði
- Microsoft gráður í viðeigandi tækni er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni og góð þjónustulund
- Reynsla af öryggis- og aðgangskerfum er kostur
- Lausnamiðuð hugsun, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Metnaður til að ná árangri og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Góð færni í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með **8. janúar 2023**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ferilskrá. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

EIK

Eik fasteignafélag var stofnað árið 2002. Frá stofnun hefur félagið vaxið með áherslu á fjárfestingar í helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarinnar og er á meðal stærstu fasteignafélaga landsins. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Félagið býður upp á framúrskarandi starfsaðstöðu og góðan starfsanda. Hjá félaginu starfa 36 starfsmenn með fjölbreytta menntun og reynslu á fasteignamarkaði. Markmið þess er að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu og bjóða húsnæðislausnir í takt við mismunandi þarfir.

Sú viðleitni grundvallast á gildum félagsins: **fagmennsku, frumkvæði, léttleika og áreiðanleika.**

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) og Henrietta Þóra Magnúsdóttir (henrietta@intellecta.is) í síma 511 1225. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir



Skólameistari
Menntaskólans að Laugarvatni



Skólameistari veitir skólanum forstöðu, stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Þá ber skólameistari ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt auk þess að hafa frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans. Að auki gegnir skólameistari mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla og þurfa umsækjendur að hafa skýra framtíðarsýn hvað þetta varðar.

Hæfni og menntunarkröfur

- Starfsheitið kennari ásamt viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi skilyrði.
- Farsæl stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.
- Þekking á fjármálum, rekstri og áætlanagerð.
- Reynsla af mannauðsmálum.
- Reynsla af verkefnastjórnun og stefnumótunarvinnu.
- Góð samskiptahæfni og færni í að skapa liðsheild á vinnustað.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Skýr framtíðarsýn og hæfileiki til nýsköpunar.

Mennta og barnamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn. Skipað er í embættið frá 26. janúar 2023.

Umsóknarfrestur er til og með 30. desember 2022.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Starfatorgs: starfatorg.is.

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

HH RÁÐGJÖF

VANTAR ÞIG STARFSMANN

Atvinnuauglýsing hjá HH Ráðgjöf kostar aðeins 24.500 kr.*

Og þú getur notað ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum

Fjöldi umsækjenda á skrá

ÓDÝRT, EINFALT OG SKILVIRKT

*Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is
Sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

Verkefnastjórnun hönnunarsamninga

Nýr Landspítali

Nýr Landspítali ohf. (NLSH) óskar eftir að ráða einstaklinga til að sinna verkefnastjórnun hönnunarsamninga.

Við leitum að aðilum til að annast m.a.:

- Verkefnastjórnun hönnunarsamninga fyrir hönd verkkaupa
- Samstarf við ráðgjafa s.s. hönnuði og notendur húsbygginga
- Áætlana- og kostnaðareftirlit
- Yfirferð og eftirfylgni á framvindu hönnunarsamninga
- Áhættugreiningu og áhættuvöktun
- Hönnunarrýni verklýsinga og teikninga
- Fagsjónarmið á hönnunarlausnum
- Gerð verkefnaáætlana

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði arkitektúr, byggingar-, verk- og tæknifræði, eða önnur sambærileg menntun
- Minnst fimm ára reynsla af stjórnun eða virkri þátttöku í hönnunar- eða framkvæmdaverkefnum
- Þekking á opinberum framkvæmdum er kostur
- Reynsla af tíma- og fjárhagslegri stýringu verkefna
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð færni í íslensku í ræðu og riti

NLSH tekur m.a. þátt í verkefnastjórn á þróunar-, hönnunar- og framkvæmdaverkefnum vegna húsnæðis og innviða á nýjum Landspítala m.a. gatnagerðar og lóðar við Hringbraut.

Félagið, sem er að fullu í eigu ríkisins, er í samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila.

Fjöldi ráðgjafa og verktaka starfar fyrir félagið.

Nánari upplýsingar um NLSH má finna á: **www.nlsh.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **13. janúar 2023.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. **Allar umsóknir eru trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda ekki birt opinberlega.**

Nánari upplýsingar veitir Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Mosfellsveitur leita að öflugum verkefnastjórum



Mosfellsbær er rúmlega 13.000 manna, ört vaxandi og framsækið bæjarfélag á besta stað innan höfuðborgarsvæðisins. Mosfellsbær byggir þjónustu sína á áhugasömu og hæfu starfsfólki sem hefur tækifæri til að rækta þekkingu sína og færni í jákvæðu starfsumhverfi.

Mosfellsveitur sjá um rekstur og viðhald veitutengdra innviða innan Mosfellsbæjar. Undir starfsemi Mosfellsveitna heyra þau verkefni sem snúa að málefnum vatnsveitu, fráveitu og hitaveitu innan Mosfellsbæjar. Verkefnin eru fjölbreytt og snúa meðal annars að nýlögnum heimæða, hita- og vatnsveitu ásamt eftirliti, viðhaldi og endurnýjun veitumannvirkja. Starfsmenn Mosfellsveitna sinna gjarnan hlutverkum ráðgjafa og eftirlitsaðila í tilfellum nýframkvæmda sem snúa að uppbyggingu innviða veitna. Fagstjóri Mosfellsveitna stýrir daglegum rekstri en starfsemi veitna fellur undir umhverfissvið Mosfellsbæjar og er staðsett í Þjónustustöð að Völuteig.

Verkefnastjórar hjá Mosfellsveitum eru hluti af samhentu og lausnamiðuðu teymi sem hefur umsjón og eftirlit með almennum rekstri, viðhalds-verkefnum og nýframkvæmdum á vegum hita- og vatns- og fráveitu Mosfellsbæjar. Þjónusta og samskipti við almenna notendur veitukerfa innan Mosfellsbæjar er mikilvægur þáttur í starfi verkefnastjóra ásamt upplýsingagjöf í tengslum við starfsemi Mosfellsveitna, en einnig utanumhald og skráning gagna sem tengjast verkefnum og samskiptum við notendur, verktaka og aðra hagaðila veitusviða. Viðhald tæknibúnaðar og stýringa þeirra kerfa sem tilheyra veiturekstri falla undir verksvið verkefnastjóra ásamt daglegri verkstýringu verktaka og framkvæmda á vegum Mosfellsveitna í samráði við fagstjóra og aðra verkefnastjóra.

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsfólks í daglegu starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Iðnmenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Haldbær reynsla af vinnu við dreifikerfi veitna eða sambærileg störf er nauðsynleg.
- Góð tölvukunnátta, þekking á Word og Excel ásamt þekkingu á CAD forritum.
- Frumkvæði og nákvæmni í starfi ásamt góðum samskiptahæfileikum eru ótvíræðir kostir.
- Sjálfstæði í vinnu og ögguð vinnubrögð eru hæfileikar sem nýtast vel.
- Gerð er krafa um gild ökuréttindi.

Umsóknarfrestur er til og með 8. janúar 2023.

Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Hrafn Gunnarsson fagstjóri veitna hjá Mosfellsbæ í netfangið: **gunnarhrafn@mos.is** en einnig má nálgast upplýsingar inni á ráðningarvef Mosfellsbæjar, **mos.is/storf**. Um framtíðarstörf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Mosfellsbær

www.mos.is

525-6700

Sérfræðingar óskast í fjölbreytt störf

Fjársýslan leitar að öflugum sérfræðingum til að vinna að fjölbreyttum verkefnum við framþróun fjármála- og mannauðsmála ríkisins. Um framtíðar störf er að ræða á vinnustað sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu, sveigjanlegt vinnuumhverfi og sterka liðsheild.

Sérfræðingur mannauðs og launa

Helstu verkefni og ábyrgð

- Greining á tækifærum til umbóta
- Framþróun ferla, verklags og stafrænna verkefna
- Fræðsla, ráðgjöf og miðlun upplýsinga
- Upplýsingavinnsla úr launakerfinu og vöruhúsi gagna
- Undirbúningur, keyrslur og skil launagagna
- Samskipti við ríkisaðila, birgja og aðra hagaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnslu og greiningu gagna
- Þjónustumiðað viðhorf og framúrskarandi skipulagshæfni
- Frumkvæði, drifkraftur og samskiptafærni
- Mjög góð greiningarhæfni, gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun
- Reynsla og þekking á sviði upplýsingatækni og stafrænnar þróunar er kostur
- Reynsla af mótun og stýringu umbreytingaverkefna er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veita

Helga Jóhannesdóttir
forstöðumaður - 545 7500
helga.johannesdottir@fjs.is

Pétur Ólafur Einarsson
mannauðsstjóri - 545 7500
petur.einarsson@fjs.is

Sérfræðingar í bókhaldi

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirferð og staðfesting reikninga ráðuneyta, stofnana og fjárlagaliða
- Umsjón og eftirlit með bókhaldi tiltekinna ráðuneyta, stofnana og fjárlagaliða
- Afstemmingar og uppgjör á bókhaldi
- Framþróun ferla, verklags og stafrænna verkefna
- Fræðsla, ráðgjöf og miðlun upplýsinga

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, háskólamenntun í viðskiptafræði kostur
- Nám til viðurkenningar bókara er kostur
- Góð þekking og reynsla af bókhaldsvinnu er skilyrði
- Þekking á Oracle er kostur
- Góð kunnátta á Excel og helstu notendaforrit
- Nákvæm vinnubrögð, greiningarhæfni, gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun
- Frumkvæði, drifkraftur og samskiptafærni
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veita

Bjarkey Rut Gunnlaugsdóttir
forstöðumaður - 545 7500
bjarkey.r.gunnlaugsdottir@fjs.is

Pétur Ólafur Einarsson
mannauðsstjóri - 545 7500
petur.einarsson@fjs.is

Vörustjóri hugbúnaðarlausna

Helstu verkefni og ábyrgð

- Greining á tækifærum til umbóta og nýsköpunar
- Virk þátttaka í uppbyggingu tækniinnviða og stafrænnar þjónustu
- Fræðsla, ráðgjöf og miðlun upplýsinga
- Samskipti við ríkisaðila, birgja og aðra hagaðila
- Upplýsingavinnsla úr fjárhags- og mannauðskerfum og vöruhúsi gagna
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þjónustumiðað viðhorf og framúrskarandi skipulagshæfni
- Þekking á vörustýringu stafrænna lausna og brennandi áhugi á stafrænni vöruþróun
- Reynsla af greiningum og árangursmælingum
- Mjög góð greiningarhæfni, gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun
- Frumkvæði, drifkraftur og samskiptafærni
- Reynsla af mótun og stýringu umbreytingaverkefna er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veita

Sigurjón Einar Þráinsson
forstöðumaður - 545 7500
sigurjon.thrainsson@fjs.is

Pétur Ólafur Einarsson
mannauðsstjóri - 545 7500
petur.einarsson@fjs.is

Frekari upplýsingar um störfin má sjá á Starfatorg.is þar sem jafnframt er sótt um þau. Umsóknarfrestur er til og með 19. desember 2022. Við ráðningu í störfin er farið eftir jafnréttisstefnu Fjársýslunnar. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi milli fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir ríkisaðilum fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf á sviði fjármála og mannauðsmála. Fjársýslan leggur áherslu á að skapa virði fyrir viðskiptavini og greiða leið fyrir bætta þjónustu ríkisins.

Fjársýslan

Tollverðir - Spennandi störf í lifandi umhverfi



Nokkrar stöður tollvarða í Reykjavík eru lausar til umsóknar hjá Skattinum - Tollgæslu Íslands. Störf tollvarða eru fjölbreytt og lifandi sem henta fólki af öllum kynjum. Starfshlutfall er 100% þar sem unnið er eftir valfrjálsu vaktavinnukerfi skv. betri vinnutíma.

Í tengslum við ráðningu tollvarða þurfa umsækjendur að þreyta inntökupróf/líkamsgetupróf sem haldin verða dagana 10. og 11. janúar 2023. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér nánari upplýsingar um prófið á vefslóðinni *https://www.skatturinn.is/um-rsk/tollskoli-rikisins/inntokuprof/inntokuprof.*

Starf tollvarðar felur m.a. í sér:

- Greiningu á áhættu í vöru- og farþegaflæði og úrvinnslu gagna.
- Sérhæfðar leitir, svo sem í bílum, með gegnumlýsingarbúnaði o.s.frv.
- Almennt tolleftirlit á vettvangi, svo sem í skipum, flugvélum, bílum, gámum, póstsendingum og með farþegum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða menntun sem má meta til jafns við það.
- Greiningarhæfileikar.
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi.
- Samviskusemi, nákvæmni og traust vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Almenn ökuréttindi.

Umsækjendur um störf tollvarða þurfa auk ofangreinds að hafa náð 20 ára aldri sem og að geta framvísað hreinu sakavottorði.

Reynsla og þekking úr öðrum störfum nýtist vel í starfi tollvarða. Háskólamenntun er einnig eftirsóknarverð þar sem í mörgum verkefnum er áhersla á greiningarhæfni, talnalæsi, tölfræði, skýrslugerð og tölvufærni.

Umsóknir skulu fylltar út á vef Starfatorgs, starfatorg.is. Ferilskrá, auk kynningarbréfs, sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Tollvarðafélags Íslands. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Ársæll Ársælsson, yfirtollvörður, í síma 442-1000 eða í tölvupósti á arsaell.arsaelsson@skatturinn.is.

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2022 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar.

Meginhlutverk Skattsins er að leggja grunn að samfélagslegri þjónustu með því að tryggja tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Með virku eftirliti, rannsóknum og tollgæslu stuðlar Skatturinn að jafnræði og virkri samkeppni og leggur sitt af mörkum til að vernda samfélagið.

Skatturinn
Tollgæslan

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

GENIS

Chief Financial Officer

Genís is a leading innovative biotechnology company, pioneering the development of therapeutic chitin derivatives.

Our goal is to address a large unmet global need by developing effective therapeutic solutions across a number of inflammatory diseases, including lung diseases such as asthma and COPD, type II diabetes and/or rheumatoid arthritis.

Based on two decades of extensive research, we are currently engaged in novel drug development as well as the development of a number of orthobiologic applications, deriving benefit from the anti-bacterial properties, regenerative tissue and osteogenic activities of chitin derivatives.

Our research and development initiatives have resulted in Benecta, our chitin-based dietary supplement that has cemented its place as a leading food supplement in the market.

We are looking to recruit a dedicated CFO who will have the opportunity to shape the role and be a key member of the executive leadership team. The CFO will be based at our office in Reykjavík.

Main responsibilities:

- Financial operations and daily finances
- Cash flow management
- Financial planning, budgeting, reporting and analysis
- Monthly management reports
- Reporting and preparation of annual general meetings
- Investment analysis and other financial projects

Requirements:

- University degree in finance, accounting or financial engineering, a master's degree is preferred
- Prior experience in a similar role and/or business is preferred
- Strong Excel skills and knowledge of financial software
- Outstanding analytical skills, attention to detail, proactive and self-motivated
- Great initiative and an ability to work independently
- Robust organisational and interpersonal skills
- Strong written and verbal communication skills

The application must be in English, accompanied by a curriculum vitae and a cover letter stating the reason for the application and the reasons for the person's ability to perform the job.

Further information about the job and qualification requirements at www.vinnvinn.is.

The application deadline is 10 January 2023.

Apply for the job at **www.vinnvinn.is**.

Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) and Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is) at Vinnvinn oversee the recruitment process.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

ARKITEKT

Vegna aukinna verkefna leitum við að hugmyndaríkum og metnaðarfullum arkitekt til að takast á við krefjandi og skapandi verkefni stofunnar. Við höfum gaman af því sem við gerum og því er mikilvægt að þú sért með jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum.

Framundan eru áhugaverð verkefni víða um land, sem við hlökkum til að takast á við.

Við leitum að arkitekt með nokkurra ára reynslu við arkitektahönnun.

Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Góð reynsla af Revit er nauðsynleg.

Umsóknarfrestur er til og með 21. desember nk.

Umsóknir skal senda með tölvupósti á netfangið arkitekt@dap.is.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



dap
development-architecture-property

HH RÁÐGJÖF

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS *24.500 kr.**

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

» Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirkt

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is

*Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

storf.bluelagoon.is



Ertu sérfræðingur í vellíðan og upplifun?

Bláa Lónið óskar eftir að ráða kraftmikla og jákvæða sérfræðinga í skapandi og krefjandi störf á sviði þjónustu og stafrænnar þróunar.

Þjónustu- og upplifunardeild

Sérfræðingur í vegferð gesta
Okkur vantar kröftugan einstakling til að leiða ný og spennandi umbótaverkefni sem miða að því að hámarka upplifun og vellíðan gesta okkar.

Gagnasérfræðingur – upplifun gesta
Við leitum að einstaklingi sem getur aflað, greint og miðlað gögnum um þarfir gesta á skýran og skilvirkan hátt.

Starfsstöðvar verða í nýju skrifstofuhúsnæði í Urriðaholti í Garðabæ.

Stafrænar dreifileiðir

Stafrænn vörustjóri MyBooking
Við leitum að drífandi vörustjóra með næmt auga fyrir stafrænni upplifun til að leiða þróun sjálfsafgreiðslugáttar Bláa Lónsins.

Framendaforritari
Við óskum eftir öflugum einstaklingi til að gera góða upplifun gesta af vef- og bókunarlausnum Bláa Lónsins enn betri.

Bláa Lónið er leiðandi þekkingarfyrirtæki með 30 ára sögu og víðtæka starfsemi. Það er í hópi fremstu heilsulinda heims og hefur hlotið fjölmörg alþjóðleg verðlaun og viðurkenningar.

Umsóknarfrestur er til og með 7. janúar 2023
Nánar um störfin á storf.bluelagoon.is
eða með því að skanna QR kóðann.

BLUE LAGOON

Óskum eftir traustum starfsmanni í útkeyrslu



Torg ehf. leitar að öflugum starfsmanni í útkeyrslu. Starfið felst í dreifingu Fréttablaðsins í verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Umsækjendur þurfa að hafa bílpróf.

Vinnutími
Þriðjudag til föstudags frá 08.00 – 15.00 og laugardaga frá 08.00 – 12.00.

Nánari upplýsingar
Sendið fyrirspurnir um starfið og umsóknir í tölvupósti á dilja@torg.is

TORG

FRÉTTABLAÐIÐ frettabladid.is MARKAÐURINN DV HRINGBRAUT



Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Skrifstofustjóri skrifstofu eftirfylgni og fjármála

í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið auglýsir laust embætti skrifstofustjóra á nýrri skrifstofu eftirfylgni og fjármála.

Meginviðfangsefni ráðuneytisins eru á sviði loftslags- og orkumála, hringrásarhagkerfis og umhverfisgæða, náttúru-verndar- og menningarminja og rannsókna, varna og vöktunar náttúruvár. Í ráðuneytinu starfar um 50 manna samhentur hópur og lögð er áhersla á öfluga liðsheild og góðan starfsanda.

Skrifstofustjóri stýrir starfi nýrrar skrifstofu undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra og ber ábyrgð á framkvæmd fjárlaga og því að vinna að og framfylgja áætlunum, stefnum og lögbundnum verkefnum stjórnvalda á málefnasviði ráðuneytisins í samstarfi við aðrar skrifstofur ráðuneytisins, stjórnvöld og hagsmunaaðila.

Leitað er að framsýnum stjórnanda til að leiða nýja skrifstofu eftirfylgni og fjármála en embættið felur í sér tækifæri til að hafa áhrif á að Ísland nái markmiðum sínum í umhverfis-, orku- og loftslagsmálum.

Við viljum ráða til starfa einstakling sem er tilbúinn að taka þátt í umbótastarfi til framtíðar, sem getur leitt stafræna þróun, skynjar tækifærin í vinnuumhverfinu og hvetur starfs-fólk til dáða með því að skapa liðsheild, teymisvinnu og stuðla að samvinnu og góðum samskiptum.

Helstu verkefni skrifstofunnar eru að halda skýrum ramma um framkvæmd verkefna á áherslusviðum ráðuneytisins og tryggja að stefnuáherslur, aðgerðaáætlanir og verkefni séu í samræmi við fjármögnun þeirra. Þá fer skrifstofan einnig með upplýsinga-öflun um rekstur og árangur á málefnasviðum ráðuneytisins, framfylgd verkefna stofnana og samningsaðila, afgreiðslu stjórn-sýsluerinda og umbætur á viðhorfi til þjónustu ráðuneytisins og stofnana þess. Skrifstofan mun einnig leiða stafræna þróun og miðlun upplýsinga í gegnum mælaborð.

Áherslur verkefna á sviði umhverfis-, orku- og loftslagsmála



Hvaða kröfur gerum við?

- Háskólamenntun með meistaragráðu sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálum og áætlanagerð
- Reynsla af árangursmiðaðri stjórnun
- Umbótasinnuð hugsun og framsýni í stjórnun auk stafrænnar hæfni
- Samskiptafærni og jákvætt og lausnamiðað viðhorf
- Leiðtogahæfileikar og forysta
- Reynsla af verkefnastjórnun og breytingastjórnun
- Hæfni til að leiða fólk til samvinnu og árangurs
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Mjög gott vald á íslensku, ensku og góð kunnátta í einu Norðurlandamáli

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og stutt kynningar-bréf á íslensku um ástæðu umsóknar, auk upplýsinga um árangur sem viðkomandi hefur náð í starfi og telur að nýtist í embættinu. Hæfnisnefnd skipuð af umhverfis-, orku-, og loftslagsráðherra metur hæfni umsækjenda samkvæmt reglum nr. 393/2012 og skilar greinargerð til ráðherra. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipar í embættið til fimm ára.

Umsóknarfrestur er til og með 9. janúar 2023.
Sótt er um embættið á Starfatorgi — starfatorg.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskóla-menntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hafa gert.

Ráðuneytið hvetur fólk af öllum kynjum að sækja um.

Upplýsingar um embættið veitir Stefán Guðmundsson, ráðuneytisstjóri í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, netfang ***stefan.gudmundsson@urn.is***

Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið



100 lúgur
95 þúsund

Póstdreifing

Mánaðarlaun með orlofi, byggð á meðaltölum m.v. hefðbundna blaðburðarleið.

Þetta dreifir sér ekki sjálft. Sæktu um hér

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**



Við hjá Landsvirkjun erum stolt af því að leggja okkar af mörkum til að gera heiminn grænan og sporna við loftslagsbreytingum með vinnslu á endurnýjanlegri orku. Um leið ætlum við að vanda til verka og ganga vel um náttúruna, enda er sjálfbærni leiðarljós í öllu okkar starfi.

SÉRFRÆÐINGUR Á FRAMKVÆMDASVIÐI

Verkefni fyrir grænan heim

Við leitum að einstaklingi í nýtt starf sérfræðings á framkvæmdasviði. Viðkomandi hefur umsjón með þróun og rekstri verkefnaskrár, starfar sem verkefnalóðs og styður við forgangsröðun verkefna og greiningu á mannaflaþörf. Sérfræðingurinn leiðir umbótavinnu, leiðbeinir og aðstoðar við að samræma verklag við verkefnisstjórnun.

Hæfni og þekking:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, MPM nám er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun, IPMA vottun er kostur
- Mjög góð tölvu- og hugbúnaðarfærni
- Hæfni við að miðla upplýsingum á skýran hátt
- Þjónustulund, frumkvæði og metnaður
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

REKSTUR OG VIÐHALD

Skelltu þér til okkar við Sogið!

Við óskum eftir liðsauka í öflugt teymi starfsfólks á Sogssvæði, þar sem við rekum þrjár vatnsaflsstöðvar: Írafossstöð, Ljósafossstöð og Steingrímsstöð.
Í starfinu felst viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja. Fjölbreytt og krefjandi starf við ástandsmælingar og greiningar á vélbúnaði.

Hæfni og þekking:
- Menntun á vélasviði
- Þekking á viðhaldi búnaðar; véla-, vökva- og rafkerfa
- Þekking á loftkerfum, teikningalestri og stjórnkerfum er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 3. janúar

Sótt er um störfin á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf

Fyrirspurnir má senda á
mannaudur@landsvirkjun.is

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar og vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafli, jarðvarma og vindi.
Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 300 manns, víða um land.
Fyrirtækið hefur metnaðarfulla jafnréttis- og mannauðsstefnu, hugar að vellíðan starfsfólks og leggur áherslu á að viðhalda orkumikilli fyrirtækjamenningu.

Landsvirkjun

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Laust starf hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Sérfræðingur í fjármálum

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) leitar að metnaðarfullum einstaklingi til að starfa í fjármálateymi stofnunarinnar. Um er að ræða fjölbreytt starf sem lýtur að fjármálum og rekstri stofnunarinnar ásamt verkefnum tengdum Húsnæðissjóði.
Helstu verkefni tengjast rekstrar- og frávikagreiningum, vaxtamunar- og fjárstreymisgreiningum, umsjón með stýringu skulda og lausafjár og úrvinnslu tölulegra upplýsinga. Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um mannvirkjaskrá HMS

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er leiðandi stjórnsýslustofnun í þjónustu við almenning með það að marki að lágmarka sóun tíma, fjármuna og annarra gæða með skilvirkri stjórnsýslu, framúrskarandi þjónustu og vandaðri áætlanagerð. Við leitum því að fjármálasérfræðingi sem er tilbúinn til að styðja við gildi stofnunarinnar og þjónustuloforð okkar um að vera leiðandi í opinberri þjónustu.
Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.hms.is**.

Umsóknarfrestur er til 19. desember 2022

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni viðkomandi sem nýtist í starfi. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og við komandi stéttarfélags. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um störfin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fjárhagslegar greiningar s.s. fjárstreymisgreiningar og gerð kostnaðarmats
- Áætlana- og skýrslugerð um fjármál og rekstur HMS og Húsnæðissjóðs
- Rekstrar- og frávikagreining og eftirfylgni með áætlunum
- Vaxtamuna- og sjóðstreymisgreiningar ásamt umsjón með skuldastöðu og lausafé
- Úrvinnsla tölulegra upplýsinga fyrir stjórnendur
- Innleiðing nýrra verkefna og verklags
- Eftirlit með framkvæmd samninga
- Samskipti við innri og ytri eftirlitsaðila

Þekking og hæfni:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, rekstrarhagfræði eða sambærilegu
- Þriggja til fimm ára reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Reynsla af fjármálum, fjárhagslegum greiningum og áætlunargerð
- Reynsla af greiningartólum s.s. Power BI, þekking á virkni gagnagrunna og hæfni til að miðla tölfræðilegum upplýsingum
- Góð tölvufærni og þekking, s.s. í Excel
- Þekking á lánastarfsemi er kostur
- Þekking og reynsla af opinberum rekstri og lögum um opinber fjármál er kostur
- Þekking og reynsla af Navision og Oracle, bókhaldskerfi ríkisins, er kostur
- Þekking og reynsla af uppgjöri og bókhaldi er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hóp

Nánari upplýsingar veita:
Ólafur Þór Þorláksson, *fjármálastjóri (olafur.thorlaksson@hms.is) og* Soffía Guðmundsdóttir, *teymisstjóri innri þjónustu (soffia.gudmundsdottir@hms.is) í síma 440 6400 og* Hafdís Ósk Pétursdóttir *(hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.*

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

HAGVANGUR

Viltu slást í hóp einstakra gjaldkera á innheimtu- og skráasviði Skattsins?

Við leitum nú að nýjum einstaklingi í skattafjölskylduna okkar sem hefur yfir að ráða miklu magni af jákvæðni, velvilja og góðri þjónustulund.

Innheimtu- og skráasvið annast innheimtu opinberra gjalda í stjórnsýsluumdæmi sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu. Þar fer einnig fram vanskilainnheimta og erlend innheimta samkvæmt gagnkvæmum innheimtusamningum. Þar er einnig sinnt eftirlits- og leiðbeiningarhlutverki með innheimtumönnum ríkissjóðs á landsvísu auk þess að sjá um rekstur fyrirtækja- og ársreikningaskráa á landsvísu. Sviðið skiptist í þrjár deildir, þ.e. afgreiðslu, fyrirtækja- og ársreikningaskrá og lögfræðiinnheimtu. Á sviðinu er einnig starfrækt stoðþjónustueining sem starfar þvert á sviðið. Umrætt starf tilheyrir afgreiðslueiningunni.

Um er að ræða 100% starf á starfsstöð Skattsins í Reykjavík. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Almenn upplýsingagjöf og úrlausn mála í tengslum við innheimtu skatta og gjalda, fyrirtækja- og ársreikningaskrár og tollamál.
- Móttaka og ráðstöfun greiðslna og gagna.
- Samskipti við gjaldendur á starfsstöð embættisins.
- Samskipti við innlendar samstarfsstofnanir.
- Framtalsaðstoð.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða samsvarandi menntun.
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli, önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Fáguð framkoma og lipurð í samskiptum.
- Jákvæðni og rík þjónustulund.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð talnafærni.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknir skulu fylltar út á vefsíðu Skattsins, skatturinn.is, eða á vefsíðu Starfatorgs, starfatorg.is. Ferilskrá, auk kynningarbréfs, sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Umsækjendum um störf hjá Skattinum kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Sameyki, stéttarfélag í almannaþjónustu, hafa gert.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Valgerður Sigurðardóttir, deildarstjóri, í síma 442-1000 eða í tölvupósti á netfangið *valgerdur.sigurdardottir@skatturinn.is*.

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2022 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar. Skatturinn hvetur fólk af öllum kynjum til að sækja um starfið.

Gildi Skattsins eru fagmennska, framsækni og samvinna.

Skatturinn
skatturinn.is

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum
lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is



Auglýst eftir áhugasömum fyrirtækjum vegna uppbyggingar á Hólmsheiði

Reykjavíkurborg er að þróa nýtt athafnasvæði á Hólmsheiði við Suðurlandsveg

Deiliskipulagsvinna er hafin og er áætlað að skipulag verði samþykkt á næsta ári og fyrstu lóðir verði byggingarhæfar árið 2024. Svæðið er 87 hektarar en verður gert byggingarhæft í áföngum.

Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem athafnasvæði undir landfreka starfsemi svo sem léttan iðnað, gagnaver, matvælaiðnað, vörugeymslur og umboðsverslanir og aðra umhverfisvæna iðnaðarstarfsemi.

Reykjavíkurborg auglýsir nú eftir fyrirtækjum sem eru áhugasöm um að staðsetja sig á svæðinu.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ákveða hvort hugmyndir sem berast verði kveikja að samstarfi eða samningum um lóðir á svæðinu og þá um leið að þær verði hluti af forsendum fyrirhugaðs skipulags. Mögulegir samningar um lóðir á svæðinu verða gerðir á markaðsforsendum. Tekið verður tillit til rekstrarsögu og fjárfestingargetu við mat á vænleika verkefna.

Áhugasamir sendi inn erindi á netfangið athafnaborgin@reykjavik.is þar sem lýst er væntanlegri starfsemi, æskilegri stærð lóðar og vænt byggingarmagn.

Frestur til þess að senda inn umsókn er til **23. janúar 2023**. Nánari upplýsingar má nálgast á reykjavik.is/holmsheidi

ATHAFNABORGIN Reykjavík

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Matsáætlun í kynningu

Framleiðsla metans og vetnis á Reykjanesi

Swiss Green Gas International hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats fyrir framleiðslu á grænu metani og vetni á Reykjanesi í Reykjanesbæ.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn.Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **16. janúar 2023** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

EIGNAMIÐLUN



Gerðakot 7 225 Garðabær

Einbýli | 191.5 fm | 6 herb.

105.000.000



Unnar Kjartansson
Löggiltur fasteignasali
unnar@eignamidlun.is
867 0968

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

Tjarnabraut 4
260 Njarðvík
17 nýjar 3ja og 4ra herbergja íbúðir
HAFIÐ SAMBAND í síma 691 1931 eða 832 3200

17 glæsilegar íbúðir í nýju lyftuhúsi á frábærum stað

- Stærð frá **77 - 85 fm**
- **3ja** og **4ra** herbergja – gott skipulag
- Íbúðir **afhendast fullbúnar** með gólfefnum
- **Fallegar innréttingar** frá GKS
- Innbyggð **uppþvottavél** og **ísskápur** fylgja
- **Gólfhiti** og vélrænt útsog
- **Glæsilegt útsýni** af efri hæðum

Verð frá: **48,9 millj.**

Óskar H. Bjarnasen lögg. fasteignasali sími: 691 1931 ohb@miklaborg.is
Ómar Hvanndal hdl. og aðst. fasteignas Sími: 832 3200 omar@miklaborg.is

MIKLABORG 569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

BÚUM VEL



Sérhæfð lögfræðiþjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | **www.buumvel.is**

EIGNAMIÐLUN

OPIÐ HÚS
17. des. 13:00-13:30



Furugrund 44 200 Kópavogur

Fjölbýli | 63 fm | 2 herb.

51.900.000



Lárus Ómarsson
Löggiltur fasteignasali
larus@eignamidlun.is
824 3934

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

Dunhagi 18-20
107 Reykjavík

OPIÐ HÚS
í dag laugardaginn
17. desember
kl. 13-14.30

11 íbúðir seldar

Glæsilegar nýjar íbúðir í Vesturbænum, einu rótgrónasta og vinsælasta hverfi borgarinnar

- Nýuppgert lyftuhús með **21 íbúð** á 4 hæðum auk kjallara, en stærð íbúða er á bilinu: **45–160 fm**
- Þá verður einnig um **400 fm** verslunar og þjónusturými á jarðhæð hússins.
- Afhending í **febrúar 2023**

Verð frá :
48,9 - 119,9 millj.

Nánari upplýsingar:
Jason
Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

MIKLABORG | Með þér alla leið
569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

EIGNAMIÐLUN

OPIÐ HÚS
19. des 17:00-17:30



Breiðavík 21 112 Reykjavík

Fjölbýli | 153,3 fm | 4 herb.

88.700.000



Brynjar Þór Sumarliðason
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
896 1168

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS | í dag laugardag 17. desember kl. 13.00-13.45



Laugarnesvegur 89
105 Reykjavík

Falleg 3ja herb. 86,5 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi og verönd

- Tvö svefnherbergi
- Bjart alrými með nýju eldhúsi, borðstofa og stofa.
- Afar skjólsæl sér verönd
- Sér stæði bílakjallara

Verð: **67,9 millj.**

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS | mánudaginn 18. desember kl. 17.00-17.30



Burknavellir 3
221 Hafnarfjörður

Falleg og björt 94,5 fm 3ja herb. í litlu fjölbýli með sólpalli til suðurs

- Tvö svefnherbergi
- Björt og góð stofa með útgengi á sólpalli í suður
- Fallegt bjart eldhús opið inn í stofu
- Þvottaherb. og geymsla

Verð: **59,9 millj.**

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



Birkigrund 45
200 Kópavogur

Mikið endurnýjað 264 fm einbýli á einstökum stað í Fossvogsdal

- 4-5 svefnherbergi
- Stórar stofur með arni
- 2 baðherbergi
- Nýtt eldhús
- Skjólríkur og fallegur garður með heitum potti.
- Vel staðsett í fámennri botngötu
- Rúmgóður bílskúr

Verð: **179 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS | í dag laugardag 17. desember kl. 12.00-12.30



Hagamelur 19
107 Reykjavík

Góð, 3ja herbergja, 78,5 fm íbúð á jarðhæð í Vesturbænum

- Tvö svefnherbergi
- Endurnýjað eldhús og bað
- Sérinngangur
- Hiti í gólfi á baði og forstofu
- Eikarparket, nýleg gólfefni.

Verð: **65,9 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Dalsbraut 2
260 Reykjanesbær

Glæsilegar nýjar íbúðir í nýju lyftuhúsi á frábærum stað í Njarðvík

Verð frá: **51,9 millj.**

- Stærðir 81,4 - 101 fm
- 3ja, 4ra og 5 herbergja. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með gólfefnum. Glæsilegt útsýni af efri hæðum
- Sérmerkt bílastæði fylgir hverri íbúð

Nánari upplýsingar:
s. 691 1931 **Óskar H. Bjarnasen** löggiltur fasteignasali



Hraunás 10
210 Garðabær

Virkilega glæsilegt 267,5 fm parhús á 2 hæðum á frábærum útsýnisstað

Verð: **169,9 millj.**

- Fjögur góð svefnherbergi
- Verulega aukin lofthæð er á efri hæð hússins. Gólfsíðir gluggar að hluta og mjög stórar svalir til suðurs og vesturs.
- Fallegur og gróinn garður með stórri viðarverönd.
- Innbyggður bílskúr og hellulagt bílastæði með hita

Nánari upplýsingar:
s. 691 1931 **Óskar H. Bjarnasen** löggiltur fasteignasali



Langahraun 19
810 Hveragerði

Ný 4ra herbergja íbúð 116 fm íbúð á fyrstu hæð með sérafnotarétti

Verð: **65,9 millj.**

- Alrými með stofu, borðstofu og eldhúsi
- Þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús
- Sérgeymsla með glugga á jarðhæð
- Eignin verður afhent við kaupsamning

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

NÝTT Í SÖLU



Bergþórugata 3
101 Reykjavík

Falleg 3ja herbergja íbúð, 77,9 fm með sér bílastæði

Verð: **63,9 millj.**

- Eldhús og stofa með útsýni
- Tvö svefnherbergi, annað með útgengi út á lokaðan sólpall
- Sérgeymsla, sameiginlegt þvottahús
- Stutt í Hallgrímskirkju og fjölbreytta verslun og þjónustu

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



NÝTT Í SÖLU



Vefarastræti 42
270 Mosfellsbær

Falleg 4ra herbergja 96,8 fm íbúð á 2. hæð með stæði í bílageymslu

Verð: **71,9 millj.**

- Þrjú góð svefnherbergi
- Baðherbergi með baðkari og sturtu. Eldhús er opið inn í stofu með útgengi þaðan út á suðursvalir
- Sérgeymsla í kjallara. Svalainngangur, húsið er lyftuhús

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



NÝTT Í SÖLU



Sunnusmári 2 - íb 313
201 Kópavogur

Fullbúin, glæsileg og vel skipulögð 83,2 fm íbúð í nýjasta hluta Smárans

Verð: **69,9 millj.**

- Tvö góð svefnherbergi
- Fallegt stofu og eldhúsrými, þvottaaðstaða á baðherbergi.
- Gólfhiti er í allri íbúðinni
- Sérgeymsla og stæði í bílageymslu

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali





Seljavegur 10
101 Reykjavík

Einstaklega fallegt og sjarmerandi hús sem hefur verið endurbyggt á s.l. 25 árum

Verð: **133,5 millj.**

- 168,2 fm kjallari, hæð og ris
- Stórt eldhús með borðstofu, þrjár glæsilegar stofur
- Fjögur svefnherbergi og baðherbergi með glugga

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali





Skúlagata 10
101 Reykjavík

Glæsilegt 149,7 fm atv. húsnæði skipt upp í tvær einingar eða skrifstofur

Verð: **Tilboð**

- Innréttað sem tvær aðskildar einingar auðvelt að sameina
- Góð svefnherbergi með skápum. Ný eldhús, baðherbergin eru flísalögð og aðstaða fyrir þvottavélar. Nýtt gólfefni
- Stofur rúmgóðar og bjartar, sjávarútsýnis nýtur við.

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali





Nónhamar 8D
220 Hafnarfjörður

Ný 80 fm endaíbúð á 2.hæð hæð, lyfta

Verð: **63,2 millj.**

- 2-3 rúmgóð svefnherbergi
- Stór stofu og eldhús
- Svalir. Geymsla með glugga
- Skilast fullbúin án gólfefna en votrými flísalögð
- Afhending í mars 2023

Nánari upplýsingar:
s. 770 0500 **Íris Arna Geirsdóttir** löggiltur fasteignasali



MIKLABORG | Með þér alla leið

Framúrskarandi fyrirtæki

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki





TIL AFHENDINGAR STRAX Á FRÁBÆRU VERÐI!!!

SUZUKI VITARA GL++. Árgerð 12/2021, "NÝR" ÓEKINN, bensín/hybrid, framdrifinn, sjálfskiptur. Mjög vel útbúinn og sparneytinn jepplingur á mjög góðu verði. Eigum til fleiri liti. Verð aðeins kr.4.977.000- Sjá fleiri myndir og frekari upplýsingar á www.adalkaup.is Rnr.120766.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is





100% RAFMAGN - TIL AFHENDINGAR STRAX!!!

RENAULT KANGOO Express z.e. 100% rafmagn. 12/2021, "NÝR" ÓEKINN, rafmagn, sjálfskiptur. Uppgefin WLTP drægni 240km. Verð aðeins kr.4.977.000-. Erum með 10 stk. til afhendingar strax á þessu frábæra verði fyrir áramót! Sjá fleiri myndir og frekari upplýsingar á www.adalkaup.is Rnr.120765.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is



Ford Transit Custom stuttur 2017 ekin 91 þús km. Eigum einn bíl eftir af útlitsgölluðum bílum sem við fengum á lágu verði og erum að bjóða á fáránlega lágu verði á aðeins 2.490.000 án vsk. Finn í akstri og kemur vörunum milli staða þó hann vinni enga fegurðarsamkeppni.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu



Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204





Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is







Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055













Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



Eva Margrét og Alicia Lind taka vel á móti viðskiptavinum á Hafnartorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Verslun Levi's á Hafnartorgi er innréttuð eftir nýjasta útliti Levi's í stílnum Indigo Consept Store.

Frægustu gallabuxur í heimi orðnar 150 ára

Verslun Levi's á Hafnartorgi er eins og flaggskip Levi's í London. Þar trónir afmælisbarn næsta árs enn og aftur á topplistanum: Levi's 501.

„Það verður mikið um dýrðir hjá Levi's á nýárinu því árið 2023 verða Levi's 501 gallabuxurnar 150 ára. Þá verða gefin út afmæliseintök af þessum frægustu gallabuxum heims, en um þessar mundir eru 501-gallabuxur einmitt það allra vinsælasta hjá unga fólkinu. Þetta frábæra gallabuxnasnið virðist rjúka upp í vinsældum á tíu ára fresti þegar nýjar kynslóðir unglinga uppgötva 501 og vilja klæðast þeim við öll tilefni."

Þetta segir Lilja Bjarnadóttir, eigandi Levi's á Íslandi. Hún er stödd í nýjustu verslun Levi's á Hafnartorgi í miðborg Reykjavíkur, en Levi's er líka með verslanir í Kringlunni og Smáralind.

„Við opnuðum á Hafnartorgi sumarið 2021 og var verslunin ein af þeim fyrstu í Evrópu sem var innréttuð samkvæmt nýjasta standard í innréttingum frá Levi's, svokölluðu Indigo Consept Store. Hún lítur því út eins og flaggskip Levi's í London, og í millitíðinni höfum við einnig fært Levi's í Kringlunni í sama búning, stækkað hana og fært um set innanhúss," segir Lilja.

150 ára afmæli

Öldungurinn Levi's 501 er enn, 150 árum eftir að fyrstu gallabuxurnar komu á markað í Bandaríkjunum árið 1873, vinsælustu gallabuxur í veröldinni.

„Það sem er einstakt við 501 gallabuxurnar er hversu klassískar þær eru. Sniðið er beint og maður getur verið jafn flottur í því hvort sem maður velur að hafa þær níðþröngar, hálflausar eða mjög lausar þannig að þær hangi niður rassinn, eins og sumir vilja hafa það. 501 fylgir tískunni á hverjum tíma og fást alltaf í þremur grunnlitum, ljósbláu, dökkbláu og svörtu, en dökkbláu buxurnar, sem kallast „indigo denim", verða bara enn flottari með árunum því efnið breytist, mýkist og aðlagast," segir Lilja um 501-gallabuxurnar sem klæða öll kyn.

„Nú fæst líka sérstakt 501-snið fyrir konur og er mjög vinsælt hjá stelpunum en sumar vilja líka hefðbundnar 501-buxur fyrir karla því það er líka flott á stelpum."

> **Levi's í Evrópu skarar fram úr í trendum og því að koma nýrri tísku af stað. Þess vegna sækjast erlendir ferðamenn eftir því að koma í verslun Levi's á Hafnartorgi.**

Trendin koma frá Levi's í Evrópu

Verðlagning Levi's á Íslandi er sambærileg við aðrar Levi's-búðir í Norður-Evrópu og í flestum tilvikum er verðið hér betra en í Danmörku.

„Það er gaman að segja frá því að eftir að við komum með Levi's á Hafnartorg koma enn fleiri útlendingar að versla hjá okkur og í vikunni fékk ég yfirlit frá Tax Free yfir hvaða þjóðir versla mest við okkur. Þar eru Bandaríkjamenn í fyrsta sæti, svo Danir og Norðmenn. Margir segja ódýrast að versla Levi's í Ameríku, sem er eflaust rétt ef þú kaupir Levi's í Wallmart, en stundum er sú framleiðsla úr öðrum efnum en í Evrópu. Þess vegna sækjast Bandaríkjamenn eftir Levi's í Evrópu sem er miklu smartari vara og úr flottari efnum, sérstaklega 501 gallabuxurnar," upplýsir Lilja.

Sokkagjafabox er æðisleg jólagjöf; fjögur flott Levi's sokkarpör á aðeins 3.490 krónur.

Hún segir fæsta átta sig á stærð og umfangi Levi's í heiminum, en fyrirtækið rekur þrjú fyrirtæki á heimsvísu, í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu.

„Þótt ákveðnar Levi's-vörur séu svipaðar á milli fyrirtækjanna aðlaga þau sig að sínum markaði. Í dag skarar Levi's í Evrópu fram úr í trendum og því að koma nýrri tísku af stað og þess vegna sækjast Bandaríkjamenn eftir því að koma í verslun okkar á Hafnartorgi," segir Lilja.



Levi's 501 fást í mörgum litum. Hér má sjá þær í ljósbláu og dökkbláu. Verð frá kr. 13.990.

Par í Levi's 501 gallabuxum sem verða 150 ára á nýárinu.

Vistvæn framleiðsla Levi's

Levi's hefur verið með verslun á Íslandi síðan 1972, eða í hálfa öld.

„Levi's er frægasta gallabuxnamerki í heimi og mikill brautryðjandi í gallabuxnatískunni á hverjum tíma," segir Lilja, en hún og eiginmaður hennar, Hrafnkell Reynisson, hafa verið með Levi's á Íslandi í að verða tuttugu ár.

„Ég er alltaf mjög stolt af Levi's. Þótt merkið sé risi á heimsmælikvarða hefur það umhverfisvitund í hávegum. Í dag er mikil umræða um mikla vatnsnotkun sem fylgir því að framleiða bómull og er Levi's alltaf að leita leiða til að gera framleiðslu sína vistvænni, nota minna vatn og þeir endurnýta plast í efnin sín. Það sem mér þykir þó mest virðingarvert er að Levi's heldur engu út af fyrir sig, heldur deilir fyrirtækið öllu til iðnaðarins í heild sinni því það vill stuðla að því að iðnaðurinn verði vistvænni," segir Lilja.

Hún nefnir annað dæmi um að Levi's sé langt á undan sinni samtíð.

„Í kreppunni miklu 1929 var mikið atvinnuleysi í Bandaríkjunum en á sama tíma sagði Levi's engum upp heldur minnkaði starfshlutfall hvers og eins svo allir hefðu vinnu. Þeir hafa alltaf verið framarlega í öllu vinnuumhverfi, hugsað vel um starfsfólk sitt og umhverfið. Fólk gengur því að því vísu að kaupa vistvænni gallabuxur og versla við fyrirtæki sem hefur mannúð í öndvegi hjá Levi's."

Allir fá buxur fyrir sinn stíl

Fyrir jólin eru Levi's-búðirnar fullar af freistandi fatnaði og fylgihlutum í jólapakkana.

„Starfsfólk Levi's er ungt og metnaðargjarnt og leggur ofuráherslu á að leiðbeina og ráðleggja viðskiptavinum um hvaða buxur og flíkur henta hverjum best. Markmið okkar er alltaf að veita góða þjónustu og að allir fái buxur og fatnað sem henta þeirra stíl og óskum," segir Lilja.

Levi's er á Hafnartorgi, í Kringlunni og Smáralind.



Birna Dögg segir að viðskiptavinir hafi tekið vel í The North Face verslunina á Hafnartorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vandaðar jólagjafir fyrir kröfuhart útivistarfólk

The North Face er eitt frægasta útivistarmerki í heimi. Fyrirtækið varð til þegar tveir gönguáhugamenn stofnuðu litla útivistarverslun í San Francisco árið 1966. The North Face opnaði verslun á Hafnartorgi Gallery um miðjan júlí í sumar og hafa viðtökur verið góðar.

Allt frá upphafi skuldbundu stofnendur sig til að þjóna öllum þeim sem vildu kanna náttúrulegar og fáfarnar slóðir. Útivistarfatnaður The North Face hefur því verið gríðarlega vinsæll hjá pólförum og Everest-klifrurum. Aðrir útivistargarpar hafa einnig fundið rétta fatnaðinn hjá The North Face.

Birna Dögg Guðmundsdóttir, verslunarstjóri hjá The North Face á Hafnartorgi, segir að þessi verslun sé sú fyrsta með vörumerkið hér á landi en fatnaður fyrirtækisins hefur m.a. fengist hjá Útilífi hér á landi. „Við erum ákaflega stolt og hreykin af þessari verslun.

Í verslun The North Face fæst alhliða útivistarfatnaður fyrir dömur og herra. Við erum sömuleiðis með Summit línuna sem er sú tæknilegasta frá The North Face. Það er fatnaður sem hentar erfiðustu veðurskilyrðunum. Auk þess bjóðum við upp á götufatnað sem hentar til daglegra nota, og hefur verið mjög vinsæll hjá þeim sem fylgjast með tískunni," segir hún. „Þá bjóðum við sömuleiðis upp á skó og aukahluti, meðal annars duffle töskurnar frægu, ólíkar gerðir af bakpokum, höfuðljós, göngustafi og margt fleira, sem allir útivistarmenn og áhugafólk væri glatt með í jólagjöf."

> **Við fáum reglulega til okkar viðskiptavini sem segjast enn vera að nota 15-20 ára gamlar flíkur frá vörumerkinu. Það eru bestu meðmælin, fatnaður sem endist vel og virkar.**

Birna segir að þar sem verslunin sé tiltölulega ný muni vöruúrvalið taka breytingum eftir því sem viðskiptavinurinn óskar eftir. „Við viljum finna taktinn og hjartað í kúnnanum hér í þessari nýju verslun í miðbænum. Hingað koma bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn. Við erum staðsett í Hafnartorg Gallery, ásamt fleiri verslunum og mathöll. Við trúum á þessa staðsetningu enda eru þúsundir bílastæða hér undir versluninni og mjög góð aðkoma. Það er rúllustigi niður í bílastæðahúsið svo þetta gæti ekki verið einfaldara. Fólk þarf ekki að fara út úr húsi þegar það kemur til okkar," segir Birna.

„The North Face er eitt vandaðasta útivistarmerki í heimi. Við fáum reglulega til okkar viðskiptavini sem segjast enn vera að nota



Mikið úrval af yfirhöfnum sem henta einstaklega vel í íslenskum vetrarkulda.



92 Retro Nuptse
64.990 kr.



Himanlayan Parka
74.990 kr.



Printed 71 Sierra Down Parka
74.990 krónur.

„The North Face er stolt fyrirtæki og fyrsti kostur fyrir afreksfólk heimsins, hvort sem það er í fjallgöngu, skíðum, snjóbrettum, þrekhlaupum eða landkönnun.“

15-20 ára gamlar flíkur frá vörumerkinu. Það eru bestu meðmælin, fatnaður sem endist vel og virkar,“ segir hún enn fremur.

Þess má til gamans geta að eftir að The North Face opnaði fyrstu verslunina árið 1966 í San Francisco óx reksturinn mjög fljótt og tveimur árum eftir opnun var hún færð yfir í stærra húsnæði þar sem hönnun og framleiðsla hófst á vörumerkinu. The North Face hefur alla tíð styrkt leiðangra útivistarafreksmanna á fjarlægar slóðir og gerir enn. Snemma á níunda áratugnum bætti fyrirtækið við vöruframboðið og bauð upp á alhliða skíðafatnað í margvíslegum litum og lagði brautina að fallega klæddum skíðamönnum eins og við þekkjum í dag. Auk þess var boðið upp á svefnpoka og tjöld. Um aldamótin bættu þeir enn frekar við og buðu göngu- og hlaupaskó, auk þess að sinna klæðnaði fyrir maraþonhlaupara.

The North Face er stolt fyrirtæki og fyrsti kostur fyrir afreksfólk heimsins, hvort sem það er í fjallgöngu, skíðum, snjóbrettum, þrekhlaupum eða landkönnun.“

Birna bætir því við að nú sé opnunartími lengri, eða til 22 á kvöldin, og verslunin stútfull af góðum jólagjöfum.

„Við erum með gríðarlega gott úrval af úlpum og vestum. Margar gerðir koma á hverju ári þótt litirnir breytist en þær eru fyrir löngu orðnar klassískar, eins og t.d. Nuptse, Himalayan og McMurdo úlpurnar. Við erum með marga liti, allt frá svörtu upp í skærari liti sem Íslendingar eru farnir að ganga í í miklu meiri mæli en áður tíðkaðist. Hræðslan við liti virðist vera að hverfa,“ segir hún og bætir við að það sé í raun nauðsynlegt að klæðast litum í þessu myrkri sem við búum við.

„Við getum boðið alveg ótrúlega gott úrval af gæðavöru fyrir alla fjölskylduna til jólagjafa og við hlökkum til að taka á móti viðskiptavinum í verslun The North Face í Hafnartorg Gallery.“ ■



Búðin er fallega hönnuð í takti við þann gæðafatnað sem The North Face býður upp á.



Diablo Recycled Down

59.990 krónur.



Arctic Parka

84.990 krónur.



HP Nuptse Jacket

69.990 kr.



McMurdo 2

94.990 kr.



Glæsileg veisla í hlýlegu og kósí umhverfi

BRAND vín & grill er nýr og spennandi veitingastaður í Hafnartorgi Gallery. BRAND er systrastaður BÁL sem er staðsett í BORG29 og eru báðir staðirnir vín og grill barir sem notast við japanskt Robata kolagrill sem nær allt að 800°C og gefur matnum einstakan kolagrillkeim.



Hafsteinn Ólafsson að störfum í eldhúsinu á BRAND. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Japanska Robata kolagrillið nær allt að 800°C og gefur matnum einstakan kolagrillkeim.

Eigendur BÁL og BRAND eru hjónin og fagfólkið Hafsteinn Ólafsson og Ólöf Vala Ólafsdóttir. Haffi, eins og hann er kallaður, hefur átt farsælan feril í keppnismatreiðslu, vann m.a. til gull- og silfurverðlauna á Ólympíuleikum og Heimsleikum í matreiðslu með kokkalandsliðinu. Einnig vann Hafsteinn titilinn Kokkur ársins árið 2017. Haffi á veg og vanda að matseðlinum.

„Við leggjum mikið upp úr því að vera með fyrsta flokks hráefni og í rauninni einföld hráefni. Á matseðlinum erum við með breitt úrval og leggjum áherslu á kolagrillaða fisk- og kjötrétti sem og smárétti sem parast vel með vínglasi. Þess vegna erum við með fjölbreytt úrval af víni miðað við stað af þessari stærðargráðu. Auk þess erum við með mjög veglegan og glæsilegan hamborgara á matseðli sem og fisk vikunnar," segir Hafsteinn.

Í hádeginu er boðið upp á tilboðsverð á völdum aðalréttum.

Ólöf Vala er framreiðslumeistari, auk þess að vera einn af fáum lærðum sommelier-vínþjónum landsins, en það lærði hún í alþjóðlegu skólunum Master Sommelier og W.S.E.T. Segja má að BRAND sé afsprengi og sameining á áhugasviði þeirra á mat og víni. Ólöf Vala hefur sett saman glæsilegan vín- og drykkjaseðil sem er með fjölbreytt úrval.

BRAND býður upp á skemmtilega matarupplifun og staðurinn sker sig vissulega úr þar sem þar eru sæti fyrir um 30 manns við barinn. „Hér situr fólk löngum stundum og nýtur þess að borða og drekka ásamt því að fylgjast með matreiðslunni í opnu eldhúsi. Frá upphafi var lagt upp með það að það væri stemningin á staðnum og því er ótrúlega gaman að sjá þá stemningu verða að veruleika," segir Hafsteinn.

Hafsteinn segir hamborgarann vera gríðarlega vinsælan, því sé hann enn á matseðli ásamt hreindýrahamborgaranum, sem er bara yfir hátíðarnar.

Brand býður upp á hlýtt og notalegt umhverfi þar sem gott er að kúpla sig út úr jólastressinu og kuldanum sem er nú í desember, koma inn í hlýjuna og byrja að njóta í mat og drykk. ■



Í desember er matseðillinn í jólabúningi og meðal annars boðið upp á:

- Hreindýrahamborgara
- Lambatartar & laufabrauð
- Skelfisksúpu
- Hægeldaða bleikju
- Kolagrillað dádýr
- Crème Brûlée

Drykkir

- Gingerbread white russian
- Róleg jól
- Jólaglögg



Ofurfæða beint úr frumskógum Brasilíu

Heilsuréttastaðurinn Maika'i á Hafnartorgi hefur slegið svo hressilega í gegn að nú flytja eigendur hans inn Açaí-ber í gámavís.

„Açaí-ber eru ofurfæða. Þau vaxa bara á einum stað í heiminum, sem er á trjám í Amazon-frumskóginum í Brasilíu. Þau líta út eins og bláber en eru með steini og ákaflega heilnæm, stútfull af andoxunarefnum og ómega 3, 6 og 9-fitusýrum. Açaí-ber hafa víðtæk áhrif til betri heilsu; þau eru góð fyrir sálina, líkamann og hugann," segir Elísabet Metta Ásgeirsdóttir, eigandi heilsuréttastaðarins Maika'i á Hafnartorgi.

Elísabet Metta var stödd á paradísareyjunni Balí árið 2016 þegar hún kynntist alvöru açaí-skál.

„Þá var dásamlegt að vakna og geta fengið sér alvöru açaí-skál sem var algjört lostæti að njóta en á sama tíma líka afar hollt. Ég féll því kylliflöt fyrir açaí-skálum á Balí og datt í hug að gaman væri að opna stað með alvöru açaí-berjum heima á Íslandi. Þá þegar var komið smá æði fyrir açaí hér heima en alltaf með açaí-dufti í stað alvöru açaí-berja," greinir Elísabet Metta frá.

Úr varð að Elísabet Metta og Ágúst Freyr Hallsson, unnusti hennar og meðeigandi að Maika'i, hófu leit að ekta açaí-berjum fyrir það sem seinna varð Maika'i.

„Við prófuðum okkur áfram með frosna açaí-kubba þar til einn daginn að Ágúst rakst á rétta birginn með fersk açaí-ber sem við gætum flutt inn. Við drifum okkur út til að prófa og leist svo vel á að nú flytjum við berin inn sjálf og milliliðalaust beint til Íslands. Við byrjuðum smátt en flytjum nú inn heilu gámana beint frá Brasilíu. Það segir sitt um vinsældirnar," segir Elísabet Metta.



Elísabet Metta Ásgeirsdóttir er eigandi Maika'i á Hafnartorgi.

Maika'i nú í Nettó og Hagkaup

Maika'i er einn af fyrstu stöðunum sem opnuðu á Hafnartorgi og sá eini sinnar tegundar sem býður upp á alvöru açaí-skálar á Íslandi.

„Við opnuðum sumarið 2020, þegar heimsfaraldurinn reið yfir heimsbyggðina. Það var vissulega áhætta en viðtökurnar voru slíkar að ég þurfti að stökkva yfir í hádegispásunni minni á öðrum vinnustað til að afgreiða á Maika'i því þar var alltaf röð út úr dyrum," segir Elísabet Metta.

Skömmu síðar opnuðu þau útibú í Smáralind og eru nú einnig í Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli.



Açaí-skálarnar á Maika'i eru vegan.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Þá höfum við einnig sett á markað Maika'i-vörulínu í Nettó og Hagkaup, sem samanstendur af açaí-grunninum okkar í 500 ml dollum, Maika'i-hnetusmjöri, granóla og saltkaramellu. Það selst upp jafnóðum enda þykir mörgum gott að eiga til þessi hráefni heima og gera sína eigin açaí-skál heima með ávöxtum eða öðru sem það vill út á," segir Elísabet Metta og afurðirnar eru hollustan uppmáluð.

„Það eina sem við notum í skálarnar okkar og gæti flokkast undir örlitla óhollustu er dökkt súkkulaði út í vinsælustu skálina, Freyju. Hún er með hnetusmjöri, döðlum og dökku 70 prósent súkkulaði, en einnig er hægt að fá út á hana hvítt súkkulaði og karamellu. Það er auðvitað aðeins meira gotterí en hverjum og einum er frjálst að velja fyrir sig í skálina."

Súper holl ofurfæða

Açaí-ber eru vanalega ekki borðuð beint af trjánum enda ekkert sérstaklega bragðgóð ein og sér.

„Því er sætuefnum blandað saman við berjagrunninn og notum við eingöngu lífræn sætuefni sem eru þau hollustu og hreinustu sem völ er á. Berjagrunnarnir okkar eru unnir úti og það gerir þjónustu hjá okkur skjóta; við erum með tilbúna grunna í skálarnar og tekur ekki nema eina til tvær mínútur að útbúa hverja açaí-skál. Það þykir mikill kostur í annríki dagsins og við höfum fengið mikið hrós fyrir hvað við erum fljót að afgreiða skálarnar á Maika'i," segir Elísabet Metta.

Hún segir jafnframt mikla ánægju með að flestallar skálar Maika'i eru vegan.

„Açaí-berjagrunnurinn okkar er vegan og við notum ekki skyr né aðrar mjólkurafurðir í skálarnar okkar. Við vorum heppin að hitta á þessa vöru og höfum líka verið sniðug að blanda saman granóla sem við lögum sjálf án viðbætts sykurs, sem og hnetusmjöri sem við lögum sjálf. Við útbúum því sannarlega hollan kost en vitum líka að skálarnar seljast ekki ef þær eru ekki himneskt góðar á bragðið. Við viljum ekki að fólk sitji eftir með þá tilfinningu að það hafi borðað óhollt þótt açaí-skál bragðist eins og dýrindis eftirréttur, því það skín í gegn að þetta er súper holl ofurfæða." ■

Maika'i er á Kolagötu 1 á Hafnartorgi, beint á móti Kolaportinu og við innkeyrsluna niður í bílastæðahús Hafnartorgs frá Geirsgötu. Frítt er í bílastæðahúsið fyrstu 15 mínúturnar sem passar vel fyrir afgreiðslu á gómsætri og bráðhollri açaí-skál. Sjá meira á maikai.is

Poké skálar eru frábær máltíð

Fjölbreytni í matarmenningu er eitt af því sem einkennir stórborg og þó Reykjavík sé ekki með fjölmennari borgum þá hýsir hún sannarlega fjölbreytta matarmenningu.

Matargerð frá Havaí haslar sér völl með veitingastaðnum Kualua á Hafnartorgi þar sem Kolbeinn Nói Ölduson, rekstrarstjóri og eigandi, framreiðir dýrindis poké skálar sem fólk fær bara ekki nóg af.

„Nafnið Kualua kemur frá Havaí líkt og aðalrétturinn okkar, Poké skálar. Okkur fannst nafnið passa vel við hugmyndina um staðinn og það hljómar skemmtilega í framburði. Merking nafnsins fær að liggja á milli hluta," segir Kolbeinn og bætir við að Poké skálar hafi upphaflega verið matur fiskimanna sem snæddu hráan fisk beint úr hafinu með grænmeti og sósum. Japanskir innflytjendur á Havaí bættu svo hrísgrjónunum við og þannig hefur rétturinn náð hylli um heim allan undanfarin ár. „Við sérhæfum okkur í Poké skálum sem einnig er talað um sem sushi í skál. Rétturinn er sem sagt þannig að það eru sushi hrísgrjón í botninum og síðan er raðað ferskum og góðum hráefnum yfir líkt og í sushibita. Með þessu má síðan bæði drekka hvítt og rautt og við erum einnig með bjór í dósum og á dælu."

Hann segir Íslendinga vera sólgna í skálarnar. „Við opnuðum okkar fyrsta sölustað í Hafnartorg Gallery núna síðastliðið sumar og gengið hefur vonum framar. Við leggjum mikla áherslu á stöðugleika og gæði ásamt því að geta afgreitt skálarnar hratt." Kualua býður upp á aðeins óhefðbundnari poké skálar en hafa sést hér á landi. „Við förum aðrar leiðir þegar kemur að samsetningu skálanna og framreiðslu þeirra," segir Kolbeinn og segir lykilatriði að hafa skapandi fólk í brúnni. „Hann Haukur Már Hauksson, einn af eigendum hamborgarakeðjunnar Yuzu og fyrrverandi yfirkokkur á Grillmarkaðnum, er yfirkokkur og meðeigandi Kualua Poké Bar. Haukur setti saman matseðilinn á Kualua og var hann í þróun í rúmt ár fyrir opnun staðarins. Allir réttirnir á matseðlinum eru ólíkir en allir virkilega bragðgóðir á sinn hátt. Og við lofum því að allir geta fundið sér eitthvað við sitt hæfi á matseðlinum."



Kolbeinn Nói Ölduson, eigandi og rekstrarstjóri Kualua, er ánægður með viðtökurnar en staðurinn var opnaður á Hafnartorgi Gallery í sumar.
FRETTABLADID/ANTON

Sushi er mikill uppáhaldsmatur sumra en það er sannarlega ekki að allra smekk og sumir setja fyrir sig að snæða hráan fisk sem er aðaluppistaðan í sushi. „Þeir sem að borða ekki sushi þurfa ekki að vera hræddir við að prófa Poké skálarnar á Kualua," segir Kolbeinn. „Það eru aðeins tvær skálar á matseðli sem innihalda hráan fisk en við erum einnig með kjúkling, rækjur og tofu. Poké skálar eru frábær máltíð og maður fær eiginlega ekki nóg af þeim. Þær henta vel í hádegismat og/eða í kvöldmat. Ég mæli með Wasabi-rækjuskálinni, hún er alveg geggjuð."

Eins og áður sagði er Kualua staðsett í mathöllinni á Hafnartorgi Gallery. Kolbeinn er afar sáttur við staðsetninguna. „Þetta er að mínu mati flottasta mathöll landsins og það er virkilega skemmtilegt að fá að taka þátt í uppbyggingu hennar." ■



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun
@frettabladid.is



Finnur Bogi Hannesson, þróunarstjóri Hafnartorgs, segir spennandi áfanga fram undan í þróun svæðisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Nýja verslunarsvæðinu hefur verið vel tekið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Eins og að vera í erlendri stórborg

Hafnartorgssvæðið er nýtt og nútímalegt borgarhverfi sem nær alveg frá Lækjartorgi og að Hörpu. Á svæðinu er blandað saman íbúðarhúsnæði, skrifstofum, hótelum, glæsilegum verslunum og gæðaþjónustu ásamt menningartengdri starfsemi.

Reginn fasteignafélag er eigandi verslunar- og þjónustuhúsnæðis á Hafnartorgssvæðinu. Finnur Bogi Hannesson, þróunarstjóri Hafnartorgs, hefur unnið að þróun svæðisins frá árinu 2017 og segir að hvað Regin varði megi skipta verkefninu í þrennt.

„Fyrsti áfanginn hófst með opnun H&M og H&M Home á haustmánuðum 2018, en síðan þá hefur rekstraraðilum á svæðinu fjölgað nokkuð jafnt og þétt. Í þessum fyrsta áfanga hefur sérstök áhersla verið lögð á glæsilegt framboð af alþjóðlegri tískuvöru í bland við vinsæla afþreyingu, bæði meðal Íslendinga og erlendra gesta. Rekstraraðilar á þessu svæði eru nú þegar orðnir 13 talsins," segir hann.

„Auk H&M verslananna opnuðu, í þessum fyrsta áfanga, tískuvöruverslanir á borð við COS, Collections, GK Reykjavik, Levi's og Michelsen 1909 með Rolex vörumerkið í broddi fylkingar."

Annar áfanginn í þróun Hafnartorgssvæðisins var opnun Hafnartorgs Gallery. Þegar það var opnað bættust við 11 nýjar rekstrareiningar við flóru verslana og þjónustu á svæðinu.

„Það má segja að á árinu 2022 hafi orðið ákveðinn vendipunktur á svæðinu með þessari opnun. Húsnæðið hýsir glæsilegar lífsstílsverslanir og fjölmarga veitingastaði. Stuttu áður en Hafnartorg Gallery var opnað, var fyrsta fimm stjörnu hótelið á Íslandi opnað, Reykjavík Edition, í næsta húsi. Það má segja að þessum öðrum áfanga muni svo ljúka með tilfærslu nýrra höfuðstöðva Landsbankans á svæðið ásamt utanríkisráðuneytinu," upplýsir Finnur Bogi.

„Þá verða ríflega 1.000 starfsmenn starfandi á svæðinu svo það verður mjög líflegt þar alla daga. Þriðji og jafnframt síðasti áfanginn í þessu skemmtilega verkefni eru eignir sem Reginn festi nýlega kaup á við Hafnarstræti. Þar hafa nú þegar nokkrir mjög öflugir rekstraraðilar bæst við undir hatt Hafnartorgs, meðal annars Reykjavik Konsúlat hótelið, Lyfja og BioEffect. Næst á dagskrá er svo þróun og opnun á Hafnarstræti 18 sem er enduruppbygging á sögufrægu húsi sem mun tengja svæðið skemmtilega við gamla miðbæinn og Lækjartorg."



Svæðið er blanda af íbúðum, verslunum, þjónustu og menningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gæði í vörum og þjónustu

Grunnhugmyndin við þróun svæðisins var, að sögn Finns Boga, að velja inn rétta blöndu af rekstraraðilum á svæðið. Rekstraraðilum sem myndu styrkja svæðið og miðborgina.

„Við vildum að til yrði svæði þar sem fólk myndi sækja í gæðavörur og þjónustu, en áherslurnar hafa vissulega verið aðeins mismunandi eftir því hvar á svæðinu við höfum verið. Eins og ég kom að áðan var mikil áhersla á alþjóðleg tískuvörumerki í fyrsta áfanganum, það hefur verið grunnstefið okkar. En í öðrum áfanganum hefur verið lögð meiri áhersla á lífsstílsverslanir, til dæmis North Face, 66°Norður og Casa, ásamt því besta sem borgin hefur upp á að bjóða í mat og drykk," útskýrir hann.

„Eins og ég sagði áðan þá markaði árið 2022 mikil tímamót í þessu þróunarverkefni, en nú er ljóst að árið 2023 verður ekki síður spennandi. Við erum nú þegar búin að skrifa undir samninga við nýja og öfluga rekstraraðila sem munu bætast við á næsta ári. Þar á meðal er ný lúxusvöruverslun sem kemur erlendis frá og mun eflaust vekja mikla athygli. Sú verslun mun bjóða upp á lúxusvörumerki í fatnaði og fylgihlutum sem hafa ekki áður fengist á Íslandi."

Finnur Bogi segir að enn sé ekki ákveðið hvaða starfsemi verði í endurbyggingu hins sögufræga húss á Hafnarstræti 18, en verið sé að skoða möguleikana þar.

„Það verður klárlega starfsemi sem styrkir svæðið. Við erum að skoða að hafa hugsanlega einhverjar hönnunarbúðir eða lífsstílsverslanir þar, sem passa við svæðið. En það kemur betur í ljós með vorinu," segir hann.

„Nú þegar er heildarfjöldi rekstraraðila á svæðinu orðinn rétt tæplega 30 talsins en það má gera ráð fyrir að þeir verði á fimmta tug á komandi árum með tilkomu nýrra verslana við Hafnarstræti og aukningu á þéttleika verslana. Við fjárfestum í vörumerkinu og leggjum mikla áherslu á að það tengi svæðið vel saman og standi fyrir gæði í verslun, veitingum og menningu."

Listir og menning í forgrunni

Tenging við menningu, listir og hönnun hefur verið markviss í þróun Hafnartorgssvæðisins. Hafnartorg hefur til að mynda verið einn af lykilsamstarfsaðilum Hönnunarmars undanfarin ár.

„Þungamiðja hátíðarinnar hefur farið fram hér á Hafnartorgi, en við höfum auk þess sett upp margar mjög flottar sýningar hér á svæðinu í samvinnu við listafólk. Fyrr í haust var frumflutt nýtt margmiðlunarverk, Óratorinn, eftir Högna Egilsson og Karlsson-wilker og núna í desember eru til dæmis tvær mjög flottar sýningar á svæðinu. Annars vegar sýning Sigurjóns Sighvatssonar kvikmyndaframleiðanda, Becoming Richard, en hann sýnir undir listamannsnafninu COZY BOY. Hins vegar er Elísabet Ásberg með nýja listsýningu með fjölbreytt úrval verka þar sem hún notast mikið við silfurskúlptúra, sem eru glæsilegir," segir Finnur Bogi.

„Það hefur verið stefna okkar að vinna með og styðja við menningu og listir í miðborginni. Það hefur verið einn af lyklunum í þessari þróun að leyfa fólki að njóta svæðisins í gegnum fjölbreytta menningu."

Finnur Bogi bætir við að aðgengi á svæðinu sé einstaklega gott fyrir mismunandi starfsemi, bæði fyrir gangandi, hjólandi og bílaumferð.

„Svæðið hentar íslenskum aðstæðum mjög vel, hvorki bílastæði né veðrið eru hindrun hér, enda er stærsti bílakjallari landsins undir svæðinu, sem nær alla leið frá Hafnarstræti og undir Hörpu. Fólk getur keyrt inn í bílakjallarann frá þremur mismunandi stöðum og gengið upp á mörgum stöðum, meðal annars með lyftum og rúllustigum, beint upp á göngugöturnar og verslunarsvæðin," segir hann.

Finnur Bogi segir að viðtökurnar við þessu nýja svæði hafi verið góðar, bæði hjá Íslendingum og erlendu ferðafólki.

„Vissulega tekur allt tíma í svona stóru þróunarverkefni. En fólk sem hefur séð gæðin í vöru og þjónustu hjá okkur hefur verið mjög ánægt og svæðið hefur verið vel sótt. Fólk er ánægt með að það séu komnar svona stórar og flottar verslanir í miðbæinn, með vörum sem ekki hefur verið hægt að fá hérlendis áður. Við höfum svolítið fundið fyrir því að fólki finnst eins og það sé í erlendum stórborgum þegar það heimsækir svæðið, vegna úrvalsins af verslunum og þjónustuaðilum. Við finnum líka aukinn meðbyr eftir opnun Hafnartorgs Gallery og erum spennt fyrir framhaldinu." ■

> **Við vildum að til yrði svæði þar sem fólk myndi sækja í gæðavöru og þjónustu.**



Verslunin á Hafnartorgi er rúmgóð og glæsileg.



Aldís Arnardóttir stýrir verslunarsviði 66°Norður. MYNDIR/AÐSENDAR

Hátíska í vöggu sögu og arfleifðar

Hið gamalgróna íslenska vörumerki og heimstískumerki 66°Norður er komið á kunnuglegar slóðir. Í sumar var opnuð verslun 66°Norður á Hafnartorgi.

Verslunin er staðsett á nýja hafnarsvæðinu við hlið Edition-hótelsins og nýrra höfuðstöðva Landsbankans við Hörpu.

Basalt arkitektar hönnuðu nýju verslunina og sóttu innblástur sinn í íslenskt veður og umhverfi. Búðarborðið er með íslenskri flóru eftir hönnuðinn Rögnu Ragnars. Í borðplötunni eru þurrkaðar blómajurtir og hliðarnar eru steyptar úr svörtum sandi.

Í mátunarklefum verslunarinnar má finna Erm-stólana eftir hönnuðina Valdísi Steinars og Arnar Inga. Stólarnir, sem voru frumsýndir á HönnunarMars 2022, eru gerðir úr ermum af úlpum sem ekki er hægt að gera við.

Sjálf staðsetningin er bein skírskotun í söguna og arfleifð 66°Norður, en fyrirtækið hóf framleiðslu á skjólfatnaði fyrir sjómenn fyrir tæplega einni öld.

Sagan hófst sumarið 1924 þegar Hans Kristjánsson frá Suðureyri við Súgandafjörð fékk styrk frá Fiskifélagi Íslands til að ferðast til Noregs og kynna sér sjóklæðagerð. Á þessum tíma klæddust flestir sjómenn skósíðum stökkum frá Noregi og Bretlandi.

Þegar Hans sneri aftur hóf hann sjóklæðagerð á Suðureyri og tókst að halda framleiðslunni úti heilan vetur við erfiðar aðstæður. Hann hafði háleitar hugmyndir og vildi búa til sjóklæði fyrir alla landsmenn svo ekki þyrfti að reiða sig á innflutt föt. Hann vissi að til að svo mætti verða þyrfti hann að geta dreift vörunni greiðlega til allra landshluta.

Því fór svo að Hans Kristjánsson flutti með fjölskyldu sína til Reykjavíkur og stofnsetti Sjóklæðagerð Íslands í bakhúsi við Laugaveg 24 árið 1926.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar.

Verslunin við Hafnartorg er 300 fermetrar og með stærstu verslunum 66°Norður. Í versluninni er að finna handverk eftir íslenska hönnuði og er megináherslan á sjálfbærni. 66°Norður hefur markvisst unnið í því að draga úr umhverfisáhrifum og er kolefnishlutlaust frá árinu 2019.



Búðarborðið hyllir íslenska náttúru.



Glæsileg verslun 66°Norður á Hafnartorgi.



„Það var ávallt keppikefli hjá okkur að opna verslun þarna við gömlu höfnina enda var upphaf Sjóklæðagerðarinnar í beinni tengingu við sjóinn og við framleiðslu á skjólfatnaði fyrir íslenska sjómenn sem við sinnum enn þá í dag.“

Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri 66°Norður

Víða um búðina má finna stóra skúlptúra sem eru hluti af sýningu listakonunnar Öldu Ægisdóttur, Útópíu. Verkin eru innblásin af frumum, bakteríum, plöntum og skordýrum, og draga fram litlu heimana sem leynast allt í kringum okkur.

„Það er margt um að vera á Hafnartorgi Gallery í aðdraganda hátíðanna og fjölbreytt dagskrá á svæðinu,“ segir Aldís Arnardóttir, sem stýrir verslunarsviði 66°Norður. „Við leggjum okkur fram við að taka þátt í að skapa góða jólastemningu í aðdraganda jólanna og núna á laugardaginn (í dag) verðum við til að mynda með kynningu í verslun okkar á Hafnartorgi á vörulínu sem við unnum í samstarfi við Fischersund, sem samanstendur af ilminum Útilykt og kerti og tei í sömu línu.“

Að sögn Aldísar er desember stór mánuður hjá 66°Norður. „Það er alltaf mikil stemning sem skapast í aðdraganda jólanna. Verslunin á Hafnartorgi er frábær viðbót við aðrar verslanir okkar, enda í hjarta borgarinnar þar sem er að byggjast upp sterkur og skemmtilegur verslunar- og þjónustukjarni sem við hvetjum alla til að heimsækja núna í aðdraganda jóla.“ ■



Jólasveinar verða á vappi á Hafnartorgi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Jólastemning á Hafnartorgi í dag

gummih@frettabladid.is

Það verður líf og fjör á Hafnartorgi í dag eins og síðustu helgar en hátíðleg jólastemning verður á torginu með tónlist, götumenningu, ilmi af ristuðum möndlum, frábærum veitingastöðum og verslunum stútfullum af gjöfum.

Jólasveinar verða á vappi á Hafnartorgi frá klukkan 14 til 17, í möndluvagninum verður hægt að fá ristaðar möndlur og í Hafnartorgi Gallery munu þeir Andri Freyr og Guðni spila klassísk jólalög á vínylplötum.

Undir Hafnartorgi má finna stærsta bílastæðahús landsins með góðu aðgengi upp á torgið og rúllustiga beint upp í Hafnartorg Gallery. 1.160 bílastæði eru í bílakjallaranum og er aðkoma að honum frá Hörpu, Pósthússtræti og Austurbakka Reykjavíkurhafnar. Í gegnum bílakjallarann er innangengt á milli allra húsa á lóðinni. ■



Það er svolítið eins og að koma til útlanda að labba um Hafnartorgið.

Opið lengur í verslunum til jóla

elin@frettabladid.is

Verslanir á Hafnartorgi eru opnar til kl. 22 öll kvöld til jóla svo það er góð hugmynd að skella sér í miðbæinn.

Hafnartorg er nútímalegt verslunarsvæði sem samanstendur af sjö byggingum sem mynda sjálfbært, heilsteypt hverfi með alþjóðlegum brag en sérískenskum einkennum.

Margar verslanir eru á Hafnartorgi sem bjóða upp á heimsþekkt vörumerki. Gaman er að heimsækja þessar verslanir og auðvelt að finna réttu jólagjöfina.

Stutt er í Hörpu þar sem hægt er að njóta jólatóna.

Undir Hafnartorgi er einn stærsti bílakjallari landsins með um 1.160 bílastæði. Aðkoma að honum er frá Hörpu, Pósthússtræti og Austurbakka Reykjavíkurhafnar.

Í gegnum bílakjallarann er innangengt á milli allra húsa á lóðinni.

Hafnartorg Gallery er sambland af fallegum verslunum og matsölustöðum. Arkitektúr mathallarinnar er nútímalegur með léttu yfirbragði.

Þar eru metnaðarfullir veitingastaðir sem bjóða mat frá mörgum af bestu matreiðslumönnum landsins. Úrval matar og drykkja frá öllum heimshornum.

Eftir gönguferð um bæinn er upplagt að fá sér gott að borða á Hafnartorgi og kíkja í verslanir. ■



MADSHUS

Madshus gönguskíðin þín fást í GG Sport!

20%
afsláttur af gönguskíða-pökkum!



GG SPORT

Stingum af ...

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum vörum og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, laugardagur 11 - 17, sunnudagur 12 – 16

Protis kollagen gaf húðinni og hárinu gljáa

Þorbjörg Svana Gunnarsdóttir byrjaði að nota Protis® kollagen fyrir ári og hefur fundið fyrir miklum jákvæðum breytingum á húðinni og hárinu, en einnig hafa liðverkir minnkað til muna. Þessar breytingar hafa hjálpað henni við bata eftir slys sem sendi hana í veikindaleyfi fyrir þremur árum.

Þorbjörg Svana Gunnarsdóttir er lærð hárgreiðslukona, útstillingahönnuður og hundaþjálfari, en hún hefur verið í veikindaleyfi vegna slyss sem olli henni vægum heilaskaða fyrir þremur árum. Hún er að vinna í bata og segir að kollagenið frá Protis hafi hjálpað sér gríðarlega við að jafna sig á ýmsu sem misfórst eftir slysið.

„Vinkona mín benti mér á að prófa kollagenið og ég byrjaði að taka það inn fyrir ári síðan. Hún talaði ofboðslega vel um þetta og ég hafði séð þetta hjálpa henni mikið og sjálf er ég búin að leita allra ráða til að verða aftur ég eftir slysið, þannig að ég prófaði," segir Þorbjörg. „Ég er rosa þakklát fyrir ábendinguna, því ég er búin að prófa ýmislegt sem hefur verið mælt með án teljandi árangurs og margt af því er miklu dýrara, en fæðubótarefnin frá Protis eru æði. Ég er mjög þakklát fyrir að finna svona gæðavöru á góðu verði."

Áhrifin komu á óvart

„Ég finn rosalegan mun á mér og satt að segja kom það mér á óvart hvað þetta breytti miklu, því ég hef prófað kollagen frá öðrum framleiðendum sem hjálpaði mér ekki eins mikið," segir Þorbjörg. „Eftir slysið fór allt kerfið mitt í klessu en ég finn núna mikinn mun á hárinu, húðinni og er mun betri, finn ég, af liðverkjum.

Ég hef alltaf verið íþróttakona en eftir slysið varð ég mjög veik og liðirnir veiktust svo mikið að ég gat ekkert gert. En síðasta hálfa árið hef ég getað byrjað að hreyfa mig aftur," segir Þorbjörg. „Nú get ég stundað líkamsrækt aftur, ekki mikið að vísu, en ég finn mun, sem er frábært."



Kollagenið frá Protis er komið í nýjar umbúðir með nýtt og ferskt útlit.

Húðin ekki lengur eins þurr

„Ég hef alltaf glímt við exem og verið með mjög þurra húð svo ég hef þurft að bera á mig krem, body lotion og skrúbba hælana, en eftir að ég byrjaði að nota kollagenið þarf ég ekki lengur body lotion og finn mun á hælunum líka, því ég er ekki lengur eins þurr í húðinni," segir Þorbjörg. „Núna finnst mér hún hafa miklu meiri gljáa og hreinlega glansa, án þess að vera feit. Húðin er miklu meira lifandi, ferskari og hún bara glóir. Þannig að ég finn hvað þetta hjálpar henni mikið."

Hárið þykkara og heilbrigðara

„Ég vann sem hárgreiðslukona fyrir slysið svo ég spái mikið í hári. Ég hef tekið eftir því að það kemur rosamikill gljái í hárið og mér finnst það síkka hraðar, það er þykkara og það er falleg hreyfing og miklu meira líf í því," segir Þorbjörg. „Það er bara algjör snilld. Allir vilja hafa fallegt hár og konur sækjast sérstaklega eftir því að fá gljáa í hárið og þetta er undraefni fyrir það.

Ég hef líka séð mikinn mun á hári vinkonu minnar sem benti mér á þetta. Hárið hennar var í vondu ástandi áður en hún byrjaði að nota kollagenið, það var mjög fíngert og síkkaði aldrei því það brotnaði svo auðveldlega," útskýrir Þorbjörg. „En nú er það orðið fallegt og heilbrigt og ég hef aldrei séð hana með svona sítt hár.

Það er magnað hvað álag, áföll og streita hefur mikil áhrif á hárið. Eftir slysið tók ég eftir miklum neikvæðum áhrifum á hárið mitt en eftir að ég byrjaði á kollageninu hefur það lagast mikið. Þetta er bara geggjuð vara og algjört töframeðal, enda er ég í hálfgerðri áskrift," segir Þorbjörg að lokum.



Þorbjörg Svana Gunnarsdóttir segir að kollagenið frá Protis sé algjört töframeðal. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Um Protis® kollagen

Kollagen er náttúrulegt prótín og eitt helsta byggingarefni líkamans.

Gott að vita um Protis® kollagen:

- Mikið magn virkra efna
- Engin aukefni
- Sýnilegur árangur á 30 dögum
- Íslenskt hugvit og framleiðsla
- Ekkert gelatín eða sykur

Protis® kollagen er framleitt úr íslensku fiskroði. Varan er einstök blanda af bestu innihaldsefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. Kollagen úr fiski er áhrifaríkara en kollagen úr landdýrum þar sem upptaka úr meltingarvegi er betri.

Helstu innihaldsefni:

- SeaCol® er blanda af vatnsrofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorskprótíni úr íslenskum þorski. SeaCol® tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika
- C-vítamín tekur þátt í myndun kollagens í líkamanum
- Hýaluron-sýra er eitt mest rakagefandi efni náttúrunnar og viðheldur meðal annars raka húðarinnar
- Kóensím Q10 er að finna í nær öllum frumum líkamans. Það er mikilvægt fyrir endurnýjun fruma eins og húðfruma
- B2- og B3-vítamín, sink, kopar og bíótín fyrir hárvöxt, endurnýjun húðar og vöxt nagla

Protis® Kollagen fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverslun og stórverslun. Nánar á protis.is.





Það verður notaleg jólastund í Hallgrímskirkju á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jólin sungin inn í Hallgrímskirkju

starri@frettabladid.is

Á morgun, sunnudaginn 18. desember, verður boðið upp á nýjung í jólatónleikahaldi Hallgrímskirkju, sem nefnist Syngjum jólin inn.

„Að syngja jólin inn er vel þekkt hefð, til dæmis á Englandi og víða á Norðurlöndunum," segir Björn Steinar Sólbergsson, organisti og tónlistarstjóri Hallgrímskirkju, sem leikur á orgel á tónleikunum á morgun. „Kirkjugestum gefst þá kostur á að undirbúa jólahátíðina með því að syngja marga af ástsælustu jólasálmunum auk þess að hlýða á fallegan kórsöng. Þá taka allir gestir þátt: kórarnir, organistarnir, prestarnir og síðast en ekki síst söfnuðurinn, sem syngur svo mikið að það heyrist varla í orgelinu!"



Á tónleikunum mun kór Hallgrímskirkju syngja nokkur lög undir stjórn Steinars Loga Helgasonar, en auk hans mæta góðir gestir frá Breiðholti, en kór Breiðholtskirkju mun syngja nokkur lög undir stjórn Arnar Magnússonar og kór Neskirkju í Reykjavík mun einnig syngja nokkur lög undir stjórn Steingríms Þórhallssonar.

Fjöldi þekktra laga

„Kórarnir munu flytja jólalög sem flestir gesta ættu að þekkja, til dæmis Fögur er foldin, Bjart er yfir Betlehem, Nóttin var sú ágæt ein og Guðs kristni í heimi, svo einhver séu nefnd."

Fyrir utan að syngja hver í sínu lagi munu kórarnir þrír mynda í sameiningu um 100 manna kór sem Björn segir að muni án efa heilla kirkjugesti.

Prestar safnaðanna taka þátt í tónleikunum með lestrum úr ritningunni og biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, blessar söfnuðinn í lok tónleikanna.

Fyrr um daginn, eða kl. 11, verður einnig fjölskylduguðsþjónusta og jólaball í Hallgrímskirkju.

Tónleikarnir hefjast kl. 17 á morgun, sunnudag, í Hallgrímskirkju. Aðgangur er ókeypis. ■

Nánar á hallgrimskirkja.is.

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIÐLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími **588 9090** | **eignamidlun.is**

OPIÐ HÚS SUNNUDAG KL. 13-14



Dunhagi 18-20 - 107 Reykjavík

Til sölu íbúðir í nýuppgerðu lyftuhúsi í Vesturbæ Reykjavíkur, einu rótgrónasta og vinsælasta hverfi borgarinnar.

Í húsinu verða alls 21 íbúð á 4 hæðum auk kjallara, en stærð íbúða er á bilinu: 45-160 fm.

Þá verður einnig um 400 fm verslunar og þjónusturými á jarðhæð hússins.

Afhending í desember 2022.









Kári Sighvatsson
Löggiltur fasteignasali og lögfræðingur
899 8815



Rögnvaldur Örn Jónsson
Löggiltur fasteignasali
660 3452



Unnar Kjartansson
Löggiltur fasteignasali
867 0968



Brynjar Þór Sumarliðason
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
896 1168

Græn skref að umhverfisvænum jólum



Lovísa Arnardóttir
lovisa
@frettabladid.is

Það er gott að taka græn skref í átt að jólunum, en á sama tíma sýna sér mildi og leyfa sér að taka bara eitt grænt skref í einu. Við getum líklega öll gert betur þegar kemur að grænu skrefunum í lífi okkar. Hér má finna nokkur dæmi og ráð um skref sem fólk getur stigið í aðdraganda jóla, um jólin og eftir þau.



Bakstur

Gott er að baka aðeins það sem á að borða. Byrja á einni týpu eða jafnvel tveimur og svo gera meira ef það klárast. Það fjölgar á sama tíma samverustundunum. Það er svo hægt að gera baksturinn umhverfisvænni með því að kaupa lífrænt eða baka vegan.



Matur

Það er svo gott að borða góðan mat. En matarsóun er á sama tíma eitt stærsta umhverfisvandamál okkar tíma. Um jólin er því gott að huga að því magni sem við eldum miðað við þann fjölda sem borðar. Það er gott að vera skipulagður og plana það vel sem á að vera í matinn og fara í búðina með innkaupalista. Svo er gott að kíkja í skápana áður en farið er út í búð því sumt af því sem borðað er um jólin geymist vel og er jafnvel enn til frá síðustu jólum. Áður en mat er hent er gott að nota nefið og smakka. Best fyrir dagsetningar þýða einfaldlega best fyrir.



Kamila og Andrý reka frísskápinn við Bergþórugötuna í Reykjavík. Þangað er hægt að fara með mat.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Klæðnaður

Það vilja fæstir fara í jólaköttinn en ef við hugsum út í það hefur jólakötturinn örugglega þurft að aðlagast loftslagsvánni eins og aðrir. Það er því allt í lagi að fara í föt sem við höfum notað áður. En ef fólki hugnast það ekki er hægt að fá lánað hjá öðrum eða jafnvel að kaupa sér notuð föt í hringrásarhagkerfisverslununum eins og Barnaloppunni, Hringekjunni, Gullinu mínu og Extraloppunni. Þá er það einnig nýtilkomið að hægt er að leigja sér föt hjá fataleigunni Spjöru.

Afgangar

Það er svo gott um jólin að geta fengið sér afganga í morgunmat. En stundum er einfaldlega of mikið af þeim. Þá getur verið gott að hugsa út í pláss í frystinum sem er hægt að koma matnum í. Eða jafnvel reyna að nota afgangana í aðra rétti eins og tartalettur eða súpur. Það er ýmislegt hægt að finna á netinu með því að setja inn matartegund og hugmyndir að uppskrift. Það er til dæmis hægt að gera góðar samlokur með afgangskjöti og sósu og jóladagshangikjötinu er alltaf hægt að skella í tartalettu með öllu meðlætinu. Svo er líka hægt að skella kartöflum og grænmetisafgöngum í góða súpu.

Annað sem hægt er að gera er að gefa afgangana. Bæði er hægt að fara með þá til ýmissa úrræða eins og Kvennaathvarfsins, Konukots og neyðarskýla fyrir heimilislausa en nú er einnig að finna á höfuðborgarsvæðinu þrjá frísskápa sem hægt er að skilja mat eftir í fyrir hvern sem er. Sums staðar er aðeins ísskápur en á öðrum stöðum, eins og við Hjálpræðisherinn, er einnig frystir.



Pökkun

Það er umhverfisvænt og gott að klára það sem maður á. Ef þú átt gjafapappír sem þú hefur ekki enn notað þá skaltu nota hann en ekki endilega kaupa nýjan, og ef þú gerir það þá er gott að hugsa út í þær merkingar sem eru á honum. Hvert má henda honum og hvort það sé jafnvel bara hægt að geyma hann og nota hann aftur.

Þá er hjá mörgum verslunum sem sérhæfa sig í umhverfisvænum varningi hægt að kaupa endurnýtanlegan gjafapappír, pakkaskraut úr tré eða pappír, sem einnig er hægt að nota aftur.

Gjafir

Það er ýmislegt hægt að gera til að gera gjafirnar umhverfisvænni. Það er auðvitað hægt að sleppa því að gefa þær en það þarf ekki endilega að vera lausnin. Gott er að hugsa um það sem fólk kaupir, hver þörfin er og hvort það er kannski hægt að kaupa það notað í Góða hirðinum eða í hinum fjölmörgu hringrásarhagkerfisverslununum eins og Barnaloppunni, Hringekjunni, Gullinu mínu og Extraloppunni. Þá getur líka verið umhverfisvænt að gefa gjafabréf eða gjafir frá hjálparsamtökum eins og Hjálparstarfi kirkjunnar, UN Women eða öðrum.



ENGEY
Húfa með mynstur beggja vegna
Kr. 2.790.-



ASOLO gönguskór
Kr. 37.990.-



SVARTANES rúllukragabolur
Kr. 10.990.-



FUNI dúnúlpa
Kr. 33.990.-



SALEWA
gönguskór
Kr. 25.990.-



HVÍTANES
Merínó húfa
Kr. 3.990.-

ICEWEAR inniskór
Kr. 3.990.-



VIÐEY
barnavettlingar
Kr. 2.790.-



DÖGG regnkápa
Kr. 11.990.-





ASOLO Space herra
Kr. 22.990.-

MÓAR jogging buxur
Kr. 7.990.-



SANDHÓLL jogging buxur
Kr. 7.990.-



VOR hlý húfa
Kr. 3.590.-





REYKJAVÍK ullarúlpa
Kr. 47.990.-

HILDA dúnúlpa
Kr. 67.990.-





Helly Hansen Fremont
Kr. 26.990.-

Þín útivist - þín ánægja

ICEWEAR MAGASÍN

KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND



HEIÐI barnaúlpa
Kr. 18.990.-

ASOLO
Falcon herra
Kr. 29.990.-





SKARÐSFJÖRÐUR hettupeysa
Kr. 12.990.-

RAGNAR
Ecodown® úlpa
Kr. 27.990.-





GEYSIR ullarjakki
Kr. 28.990.-

ESJUFJÖLL flíspeysa
Kr. 9.990.-



HVÍTANES Merínó hálsklútur
Kr. 4.990.-



STEINAR Coolmax göngusokkar
Kr. 1.490.-





FÍFA síð Ecodown® úlpa
Kr. 29.990.-

SVARTANES Merínó ullarbuxur
Kr. 9.990.-





REYKJANES barna ullarúlpa
Kr. 18.990.-

Vinir fá sérkjör
Skráning á **icewear.is**

Bók er klassísk gjöf

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning



26% afsláttur

5.899 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.



3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 5.899 kr.



5.799 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.



5.599 kr. VERÐ ÁÐUR 7.399 kr.



5.199 kr. VERÐ ÁÐUR 6.999 kr.



5.899 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.

penninn.is
540-2000

Öll jól eru bókajól



5.199 kr. VERÐ ÁÐUR 6.999 kr.



6.899 kr. VERÐ ÁÐUR 9.599 kr.

27% afsláttur



5.799 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.



4.299 kr. VERÐ ÁÐUR 5.699 kr.



5.899 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.



5.799 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 19. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Gjafakort í jólagjöf

Pennan Eymundsson

Bóksali í 150 ár



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is



Sólveig Sif mælir með bókum Davids Walliams sem hún segir sækja mikinn innblástur til Roalds Dahl, hún mælir einnig með bókum Gunnars Helgasonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mikilvæg brú milli menningarheima

Sólveig Sif Hreiðarsdóttir hefur getið sér gott orð sem þýðandi. Hún mælir með að lesa David Walliams og Gunnar Helgason um jólin.

Á mannmörgu bernskuheimili mínu var jafn sjálfsagt að ræða bókmenntir og pólitík og oft spunnust skemmtilegar umræður," segir Sólveig Sif Hreiðarsdóttir, þýðandi og bókaútgefandi.

Þegar kom að því að velja nám í háskóla valdi ég hagfræði en laumaði mér í eitt og eitt námskeið í bókmenntum. Ég kynntist manninum mínum og við áttum eftir að búa lengi erlendis," segir hún.

„Eftir að heim kom leið ekki langur tími áður en hrunið dundi yfir og ég fékk enga vinnu, sem mér líkaði illa. Ég innritaði mig í HÍ í bókmenntafræði til að gera eitthvað uppbyggilegt meðan á atvinnuleitinni stæði og var í hlutastarfi," segir Sólveig og bætir við að námið hafi opnað henni nýjan heim.

„Allt í einu var ég komin með gráðuna. Í framhaldinu ákvað ég að fara í meistaranám í þýðingafræði og naut þar handleiðslu og leiðsagnar Gauta Kristmannssonar prófessors," segir Sólveig Sif Hreiðarsdóttir, þýðandi og bókaútgefandi.

Heillaðist af Roald Dahl

Sólveig er með BA-gráðu í bókmenntafræði frá Háskóla Íslands og meistaragráðu í þýðingafræðum frá sama skóla, en áður hafði hún lokið hagfræðigráðu í New York. Hún hefur getið sér gott orð sem þýðandi og var meðal annars tilnefnd til Íslensku þýðingaverðlaunanna og Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar fyrir bókina Á hjara veraldar.





Í þýðingafræðinni var eitt verkefni að eigin vali þýðing hennar á bókinni George's Marvellous Medicine eftir Roald Dahl.

„Ég hafði oft lesið hana fyrir börnin mín þegar við bjuggum í London. Þegar ég var að þýða Georg hugsaði ég með mér að ungir lesendur á Íslandi þyrftu að hafa tækifæri til að lesa þessa bók," segir Sólveig,

Hún falaðist eftir útgáfuréttinum og fékk, með því skilyrði að hún yrði líka að þýða og gefa út bókina BFG (The BFG), þar sem stórmyndin um söguna í leikstjórn Stevens Spielberg var væntanleg."



Sólveig segist hafa verið á báðum áttum með það hvort hún ætti að ráðast í þýðingu á BFG en látið slag standa og þarna hafi orðið til Kver bókaútgáfa.

„Satt að segja var ég smeyk við verkefnið vegna þess að stór hluti BFG er á Gobblefunk, alveg sérstöku tungumáli sem Roald Dahl bjó til. Þetta var mjög krefjandi en dásamlega skemmtilegt verkefni," segir Sólveig.

Rumpuskógur og Loki

Nú hafa komið út níu bækur Roalds Dahl hjá Kver og sumar verið endurútgefnar vegna þess að þær seldust upp.

„Þessar bækur eru sígildar og seljast alltaf jafnt og þétt. Núna fyrir jólin kom út Jakob og risastóra ferskjan og sérstök útgáfa af Matthildi með Netflix-kápu, en um jólin verður frumsýnd kvikmynd sem er byggð á söngleiknum um Matthildi. Eftir áramótin kemur svo endurútgáfa í hefðbundnum búningi," segir Sólveig.

Kver er líka með tvær innbundnar barnabækur þessi jól. „Rumpuskógur eftir Nadiu Shireen er dillandi fyndin bók um systkinin Tedda og Nönnu sem lenda í ótrúlegum ævintýrum. Síðan er Loki: Leiðarvísir fyrir prakkara eftir Louie Stowell. Frásögn í dagbókarformi um það hvernig ásnum Loka reiðir af eftir að Óðinn sendir hann til jarðar í formi tólf ára skóladrengs í refsiskyni vegna óknytta," segir Sólveig og bætir við að báðar bækurnar séu þær fyrstu í ritröð.



En með hvaða bókum mælir þú fyrir jólin?

„Ég verð að segja að mér finnst David Walliams alltaf skemmtilegur. Hann sækir mjög í smiðju Roalds Dahl, eins og hann hefur sjálfur sagt frá," segir Sólveig.

„Svo eru bækur Gunnars Helgasonar líka stórskemmtilegar og það leynir sér ekki að hann sækir innblástur til Roalds Dahl," bætir hún við.

„Mér finnst mikilvægt að þýddum bókum sé gert hátt undir höfði, líkt og frumsömdum. Ekkert prífst í einangrun, hvað þá bókmenntir, og þar leika þýðingar mikilvægt hlutverk," segir Sólveig Sif og lætur það verða lokaorð sín að þýðingum megi líkja við brú milli menningarheima. ■

> Á mannmörgu bernskuheimili mínu var jafn sjálfsagt að ræða bókmenntir og pólitík.
>
> Sólveig Sif Hreiðarsdóttir

GOTT VERÐ PLÚS GÆÐI

4F framleiðir stílhreinan útivistar- og íþróttafatnað á mjög góðu verði og í háum gæðaflokki. Vöruþróun er unnin í nánu samstarfi við atvinnufólk í íþróttum og t.d. hannar 4F og framleiðir keppnisfatnað fyrir landslið og ólympíulið a.m.k. 8 Evrópulanda. Verið vel búin hvernig sem viðrar.
Sjáið vöruúrvalið á 4fstore.is

28.890 KR.



Snjóbrettajakki 10.000 mm
Hlýr og þægilegur, góð öndun og Neo Dry vatnsvörn

23.290 KR. NEO DRY MEMBRANE

Snjóbrettabuxur 10.000 mm
Sterkar, þægilegar, góð öndun og Neo Dry vatnsvörn



14.190 KR. NEO DRY MEMBRANE

Skíðajakki fyrir stelpur 8000 mm
Vönduð létt úlpa með 4F NeoDry 8.000MM og 4F GrowUp tækni



11.790 KR. NEO DRY MEMBRANE

Skíðajakki fyrir stráka 5000 mm
Vönduð létt úlpa með 4F NeoDry 5.000MM og 4F GrowUp tækni



22.890 KR. NEO DRY MEMBRANE

Karla gönguskór Ice Cracker
Gönguskór með Vibram sóla og Neo Dry vatnsvörn



2.690 KR.

Skíða- og brettasokkar
Hjýjir, sterkir og með góðri teygju



9.790 KR.

Skíðagleraugu fyrir börn
Fjöllitahúðun, 100% UV vörn, móðuvörn, hulstur fylgir

SMÁRALIND

15.190 KR. NEO DRY MEMBRANE

Snowdrop kuldaskór
Góður ökklastuðningur, rússkinn í efri hluta, hlýjir og með Neo Dry vatnsvörn



11.990 KR.

Skíðahjálmur fyrir börn
Sterkiur og stillanlegur, til í fleiri litum

3.690 KR.

Vetrarhúfa
Þægileg og mjúk úr ullarblöndu

6.690 KR.

Thinsulate© Skíðahanskar
Léttir með vindstoppi og vatnsheldu hlífðarlagi.

11.890 KR. NEO DRY MEMBRANE

Skíðabuxur fyrir stelpur
Léttar með vindstoppi og vatnsheldu hlífðarlagi. Þægilegar og mjúkar fyrir vetrarsportið

6.790 KR.

Thinsulate© Skíðahanskar fyrir börn
Léttir með vindstoppi og vatnsheldu hlífðarlagi.



6.690 KR.

Skíðagleraugu fyrir börn
Speglahúðun, 100% UV vörn, móðuvörn, hulstur fylgir



11.890 KR. NEO DRY MEMBRANE

Skíðabuxur fyrir stelpur
Léttar með vindstoppi og vatnsheldu hlífðarlagi. Þægilegar og mjúkar fyrir vetrarsportið

32.690 KR.

Snjóbrettajakki 15.000 mm
Hlýr og þægilegur, góð öndun og Neo Dry vatnsvörn



20.290 KR. NEO DRY MEMBRANE

Snjóbrettabuxur 10.000 mm
Sterkar, þægilegar, góð öndun og Neo Dry vatnsvörn



4.590 KR.

Snjóbrettasokkar 2 pör í pakka
Hjýjir, sterkir og með góðri teygju

NEO DRY MEMBRANE

NeoDry er er vatns- og vindheld himna þróuð af 4F. Himnan er sérstaklega hönnuð til að halda raka frá líkamanum og tryggja þægindi í erfiðustu veðrum.

Óeining og upplýsingaóreiða einkennir árið

Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í alþjóðasamskiptum, og Bergur Ebbi Benediktsson, rithöfundur og uppistandari, settust á rökstóla Fréttablaðsins til þess að gera upp árið 2022 sem mun brátt heyra sögunni til.



Silja Bára og Bergur Ebbi eru sammála um það að stríðið í Úkraínu sé eflaust eitt stærsta fréttamál ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ragnar Jón Hrólfsson
ragnarjon@frettabladid.is

Endalok Covid-faraldursins, stríð í Úkraínu, óeirðir í Íran, vantraust á ríkið og samsæriskenningar voru meðal þess sem rætt var í samantekt á fréttaefni ársins.

Til þess að byrja með væri eflaust gott að rýna aðeins í það hvar við stöndum, nú þegar faraldurinn er að vissu leyti búinn.

Silja: Er ekki Covid að fara að verða flensa? Við eigum þó að sjálfsögðu eftir að fara í gegnum hvort við förum of harkalega í skerðingum og annað. En ég held að stóra málið sé enn þá sambýli manna og dýra og sjúkdómar sem stökkva á milli tegunda. Það er að segja, eyðing vistkerfa sem þrýsta dýrum nær okkur.

Líka mögulega að sýklalyfin séu að fara að renna út?

Bergur: Það er það sem Þórólfur er að tala um núna og minntist á það á Matvælaþingi um daginn. Það var minnst á þetta í pallborði þar. Það eru alltaf nýjar hættur. En líka að Covid hafi vakið okkur aðeins upp varðandi þessa alþjóðavæðingu sem hefur verið í gangi síðustu þrjátíu ár. Hversu viðkvæm hún er fyrir vágestum. En þetta er allt samtengt. Það er alla vega mjög mikið að melta.

Erum við að sjá merki út frá þessu um að við getum verið samtaka sem heild og í raun sem tegund?

Silja: Já og nei. Vesturlönd gátu bólusett sig. En til dæmis var einkaleyfum ekki sleppt og það var lítið um að lyf væru niðurgreidd til fátækra ríkja. Þetta er smá eins og að segja að hlutirnir séu á heimsvísu af því að OECD-löndin voru samtaka.

Þannig að manns eigin vestræna sýn getur mögulega bjagað þetta?

Silja: Já, til dæmis í Kína, að friðsamleg mótmæli beri árangur er alveg magnað. Stjórnvöld hafa reynt að halda þessari núll Covid-stefnu allan þennan tíma. Jafnvel þegar engin smit eru þarftu samt að fara í próf á sjötíu og tveggja tíma fresti. Svona var það bara þangað til fyrir viku síðan. Það komu upp þrjú smit í margra milljóna borg þar sem vinkona mín býr og þá var þetta próf á hverjum sólarhring. Allur tíminn og raðirnar sem fólk þarf að standa í, því þetta eru náttúrulega ekkert heimapróf, það er ekkert verið að treysta þér.

Bergur: Maður verður líka að horfa á eitthvað jákvætt og það má segja að í sameiningu höfum við sigrast á þessum óvini og þetta hefði getað farið miklu verr. En það varð líka til sundrung í vestrænum samfélögum sem við höfum ekki séð áður. Sem er rosalega djúpstæð vantrú á stjórnvöldum og ég held að það sé áhyggjuefni til framtíðar. Ég held að stjórnvöld hafi fundið að mestu leyti einhvern takt upp á að ganga ekki of langt. Ég held til dæmis að á Íslandi hafi bólusetningarhlutfallið farið mest í 87 prósent. Þegar ég heyrði þetta hugsaði ég að stjórnvöld ættu ekkert að ýta því eitthvað mikið hærra.

Silja: Enda gerðu þau það ekki.

Vantraust og hernaður

Þetta er ár stríðsins, ekki satt?

Silja: Jú, auðvitað. Þetta eru orðnir níu mánuðir. Það er ekkert hægt að líta fram hjá því. Þetta tengist að vissu leyti þessum klofningi sem myndast, en það sem Covid gerir er að það nærir samsæriskenningar gagnvart stjórnvöldum. Maður sér það alveg í kringum stríðið líka. Það er svo rosalegur fókus á vígbúnaðinn og hernaðinn. Úkraínustríðið er í raun að þurrka upp vopnabirgðir í heiminum, því það er verið að dæla vopnum þarna inn. Þetta mun síðan kalla á rosalega framleiðslu. Vonandi lýkur þessu fljótt, en þá verðum við komin með hergagnaframleiðslu sem við höfum ekki séð í áratugi.

Talið berst að þeirri óeiningu sem hefur ríkt varðandi fréttaflutning af stríðinu og trausti almennt gagnvart stjórnvöldum og stofnunum.

Silja: Þarna kemur þessi klofningur aftur. Hverju trúir maður og hvaða fjölmiðlum? Áróður og falsfréttir frá Rússlandi sem tala inn í bólusetningaróttann og vantraustið? Það er einhver tenging þarna á milli. Það eru þessi blönduðu átök í kringum þetta allt saman sem við þurfum að vera rosalega meðvituð um líka.

Mætti ekki segja að ákveðið botnfall hafi orðið í trausti fólks til stofnana, stjórnvalda, trúarbragða og hugmynda almennt? Að hin póstmóderníska hugsun sé farin að blæða í meira mæli inn í almenna hugsun, sem orsakar það að við höfum engan grundvöll? Að ekkert eitt sé rétt?

Bergur: Það sem gerðist á þessu ári er að fólk byrjaði að vantreysta tæknirisunum og samfélagsmiðlunum líka. Þetta er ákveðinn upptaktur að falli þeirra heljargreipa sem þessi öfl höfðu á hugsun okkar. Við sjáum núna, eftir að hafa lifað með samfélagsmiðlum í fimmtán ár, að auðvitað eru ákveðin hugsanamengi og gildismat sem þessir hlutir boða. Þessi hugmynd, að þú eigir alltaf að deila öllu og að einkalífið eigi alltaf að vera til sýnis. Við sjáum að þetta leysir ekki öll vandamál heimsins og þetta leiðir að ákveðinni krísu. Tæknirisar og samfélagsmiðlar lenda svo í ákveðnum fjárhagsvandræðum. Facebook stofnar sig eiginlega upp á nýtt í febrúar þegar þau kynna Metaverse. Twitter er keypt af Elon Musk og ég held að það séu að einhverju leyti samningar sem eru ekki alveg gengnir í gegn, án þess að þekkja það. Þetta hefur leitt til ákveðins vantrausts á þessa hluti. Ég held að í stórum atvikum í heiminum þá höfum við minna haldreipi heldur en áður til að meta hvað er satt og rétt.

> Maður verður líka að horfa á eitthvað jákvætt og það má segja að í sameiningu höfum við sigrast á þessum óvini og að þetta hefði getað farið miklu verr. En það varð líka til sundrung í vestrænum samfélögum sem við höfum ekki séð áður.
>
> Bergur Ebbi Benediktsson

Silja: Það er líka alveg merkilegt hversu mikill fjöldi fólks er tilbúinn til að segja það að Rússar eigi Krímskagann. Að þetta sé einfaldlega réttlætanlegt. Þeir séu bara að verja Rússa þar. Að þetta sé í lagi. Það er í raun ótrúlega stór hópur sem er tilbúinn til þess að taka undir þennan málflutning, sem er dreift af stjórnvöldum í Rússlandi.

Bergur: Maður vill kannski ekki vera í of miklum yfirlýsingum en mögulega erum við að sjá eitt mesta bakslag í alþjóðavæðingunni, þeirri alþjóðavæðingu sem hófst við fall múrsins í Þýskalandi í kringum 1989 og í líka í kringum fall Sovétríkjanna.

Pólitík í ólugsjó

Talið berst þá að stjórnvöldum og hefjast leikar í Bretlandi. Boris Johnson segir af sér og Liz Truss tekur við í fimmtíu daga og núna er Rishi Sunak mættur. Hverjar eru ástæðurnar fyrir þessari ólgu, er það mögulega Brexit?

Silja: Ég held að þetta sé klárlega afleiðing af Brexit. Það er núna sundrung í flokknum og það sem mér finnst áhugavert við þetta er að þetta tengist aðeins kenningunni um glerþakið og glerrúllustigann, sem er þegar karlar byrja í kvennastétt að þá skjótast þeir yfirleitt á toppinn. En glerbrúnin er svo þegar allt er að fara til fjandans þá hleypir þú konum að. Þá er það fyrst Liz Truss sem tekur við og núna er það forsvari minnihlutahóps. Sunak er fyrsti forsætisráðherra Breta af suður-asískum uppruna og frá nýlenduveldi.

Maður horfir á þetta og þau vita þetta og það er ákvörðun að láta ekki hvítan karl standa þarna og taka þessi högg. Þannig að það er búið að taka konuna og svo fær hörundsdökki maðurinn að spreyta sig.

Trump er að boða endurkomu sína. Hann ætlar að vinna árið 2024. Það er mikil óeining í gangi þar og ákveðið menningarstríð sem kraumar. Eru síðustu þingkosningar þar sem Repúblikanar biðu ákveðinn ósigur vísbending um eitthvað?

Silja: Hvort þessar kosningar gefi til kynna einhverjar lengri tíma vísbendingar er alveg ómögulegt að segja. En það sem mér finnst áhugavert við þetta er að Trump er kosinn á loforðinu um að hann muni skipa hæstaréttardómara sem muni fella Roe vs. Wade úr gildi. Hann gerir

það og dómurinn styrkir Demókrata gríðarlega. Hann hristir út fólk sem myndi alltaf kjósa Repúblikana en trúir samt á rétt fólks til þess að ráða yfir eigin líkama.

Á meðan að Trump er áfram með þennan málflutning þá er hann ekki að fara að laða að sér jafnmikið fylgi og hefur ekki eins mikla vigt og áður. Að einhverju leyti þá er hann bara að fara að sprikla, en ég mun mögulega þurfa að éta þetta ofan í mig eftir eitt ár.

Loftslagsváin

Varðandi frekari óeiningu þá hafa verið mótmæli víðs vegar um heiminn og sérstaklega í Íran. Þarna er verið að safnast í kringum píslarvottinn Mahsa Amini.

Silja: Það sem mér fannst áhugavert í því er hvernig líkamar eru notaðir. Að það megi ekki sjást í hárið og annað og að þú þurfir að vera með þessa slæðu. Mahsa Amini verður einmitt að píslarvætti, en ef við horfum aðeins dýpra þá er hún ekki bara kona heldur líka Kúrdi. Þetta er flóknara. Það sem upprunalega snerist um líf og frelsi kvenna er orðið meira líf og frelsi almennt. Þetta er orðið lýðræðistengt. Svar klerkaveldisins er svo að taka út siðgæðislögregluna. Með því er verið að svara kvennahliðinni, en þeir eru ekki að ná að svara því sem er orðið stóra lýðræðismálið.

Mannfjöldi heimsins nær 8 milljörðum í ár og við stefnum hröðum skrefum að því að hlýnun verði meiri en 1,5°C. Misstum við athyglina á loftslagsmálum þetta árið?

Bergur: Ég held að á þessu ári hafi ákveðnum teningum verið kastað, sérstaklega vegna orkukrísunnar.



Silja Bára og Bergur Ebbi ræddu um nokkur af helstu fréttamálum ársins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Á meðan Trump er áfram með þennan málflutning þá er hann ekki að fara að laða að sér jafn mikið fylgi.
>
> Silja Bára Ómarsdóttir

Þetta getur leitt til mikillar þróunar til hins betra en það getur líka leitt til hins gagnstæða. Þetta þvingar okkur að ákveðnu leyti á Vesturlöndum, að Íslandi utanskildu, til þess að leita nýrra leiða við orkuöflun.

Silja: Það sem mér finnst gerast á þessu ári er að það er gríðarleg meðvitund meðal ungs fólks og það er talað mikið um það. Það sem kom út úr COP27-ráðstefnunni er aðallega þessi viðbragðssjóður sem borga á fyrir skemmdir í fátækari löndum sem orðið hafa vegna loftslagsbreytinga. Ef við eigum að fá fátækari ríkin með í að draga úr losun þá þarf að veita þeim tækni til þess að sleppa ákveðnum þáttum sem ríkari lönd hafa farið í gegnum í sinni þróun. Það sem er þó að gerast og það sem ég óttast, er þetta bakslag. Það er verið að tala um að opna aftur kjarnorkuver og það er til umræðu að nota kolaver í Bretlandi.

Bergur: Til þess að reyna að horfa á eitthvað jákvætt þá er þetta árið þar sem fólk í Evrópu áttar sig á því hversu dýru verði orka er keypt. Það er sagt að við munum ekki byrja að berjast gegn hlýnun fyrr en við finnum á eiginn skinni loftslagsbreytingarnar sjálfar og það er byrjað að gerast að einhverju leyti. Það gæti verið upptaktur að einhverju stærra og meira, til þess að horfa aðeins á björtu hliðarnar. ■




Elden Ring skipar sér verðugan sess hjá mörgum sem leikur ársins 2022.



Shredder's Revenge er afturhvarf í það sem sumir kalla gullöldina.

Goðavíg & bleikir belgir

Gósentíðin í tölvuleikjum er svo taumlaus að það er ómögulegt að gera grein fyrir heilu ári af leikjafréttum á einni síðu. Hér verður þó gerð einhvers konar tilraun til þess með þeim fyrirvara að ekki kemst allt fyrir.

arnartomas@frettabladid.is

Árið var ansi gott fyrir alla sem elska sögudrifin ævintýri. Soulsleikirnir svokölluðu hafa á undanförnum misserum unnið sér inn nafn sem einhvers konar níðþung manndómsvígsla og biðu aðdáendur í ofvæni þegar þeir heyrðu að letibikkjan George R.R. Martin myndi taka þátt í gerð handritsins að Elden Ring. Leikurinn hefur réttilega fengið frábæra dóma þar sem skotheld spilun og fallegur og áhugaverður söguheimur tvinnast saman.

Ferðalag Kratos til Norðurlanda í God of War frá 2018 var draumur í dós fyrir ævintýrafólk þar sem mátti sjá talsvert meiri metnað í persónusköpun fylda Spartverjans en áður. Framhaldið God of War Ragnarök uppfærði nánast allt það sem forveri þess gerði gott – nema þá kannski íslenskuna, sem er bjagaðri en 2010 Google Translate.

Drepsóttir hafa verið ansi heitar á liðnum árum og í dag ætti fólk í miðbæ Reykjavíkur að tengja allhressilega við systkinin í A Plague Tale: Requiem, sem þurfa ekki einungis að takast á við pláguna – heldur rotturnar sem henni fylgja.

Það hefur svo lengi verið vöntun á kattarhermum og svaraði Stray þeirri eftirspurn glæsilega í stafrænni dystópíu þar sem hægt er að reka upp gestaspjót í neón-lýstri Blade Runner-borg. Mjá takk!

Skot á mark?

Hið svokallaða framhald af Overwatch kom „loksins“ út nýlega og voru viðtökurnar við Overwatch 2 vægast sagt blendnar. Blizzard hefur sætt mikilli gagnrýni fyrir markaðssetningu leiksins, sem er í grunninn nákvæmlega sami fjölspilunarleikurinn, en nú er boðið upp á samvinnudrifin borð. En samt ekki strax. Þótt leikurinn sé ókeypis ótengt forvera sínum eru valkvæðu kaupin ekki jafn valkvæð og áður og þykir mörgum peningaplokkið komið út fyrir öll velsæmismörk.

Call of Duty: Warzone 2.0 brotlenti svo inn á Battle-Royale markaðinn og virtust gagnrýnendur og hinn almenni spilari ósammála um gæðin þar að baki. Einhverjir vildu meina að um ferska uppfærslu á upprunalega leiknum væri að ræða en aðrir að leikurinn væri stútfullur af tæknilegum erfiðleikum og að hjálpardekk þeirra sem nota fjarstýringu fram yfir mús og lyklaborð væru ósanngjörn.

Hérna koma nokkrir belgir

Zelda-þyrst fólk þarf að bíða áfram enn um sinn en Nintendo sat þó ekki auðum höndum á árinu. Peningaprentun Game Freak náði nýjum hæðum þegar fyrirtækið gaf út tvo nýja stóra Pokémon-leiki fyrir Switch á árinu. Í Pokémon Legends Arceus var reynt að brjóta aðeins upp formúluna með ágætum árangri á meðan Scarlet og Violet svöruðu eftirspurn íhaldssamra sem vilja ekki að neitt breytist í heimi vasaskrímslanna. Það er svo spurning hvort það þurfi ekki að fara að hægja aðeins á framleiðslu miðað við að Pokémon-leikirnir eru á köflum nánast óspilandi hvað varðar tæknilegu hliðina.

Óseðjandi belgurinn Kirby sneri aftur í stærsta leik um hann hingað til – Kirby and the Forgotten Land. Bleika krúttið hefur venjulega skilað sínu og gerir það áfram í þessu nýja hoppi & skoppi. Þótt yfirbragðið sé krúttlegt þá er mannlaus borgin vísbending um fall siðmenningarinnar og áminning um að við hverfum til betri vegar, eða eitthvað.

Mario Strikers: Battle League er svo nýjasta viðbótin í Super Mario Strikers seríuna. Frábær boltaleikur sem er auðvelt að koma sér inn í en erfitt að ná fyllilega tökum á. Einspilunin er ansi dræm svo það er eiginlega skilyrði að spila hann í gegnum netið eða með vinum og þar til gerðum vandamönnum.

Indíslegt ár

Indísenan er að mati margra þar sem töfrar tölvuleikja fá í alvöru að skína í gegn með nýjum og ferskum hugmyndum. Vampire Survivors, sem lítur í grunninn út eins og leikur á Super Nintendo eða Flash, varð mest spilaði leikurinn á Steam. Verðmiðinn er varla túkall en það er augljóst hvers vegna leikurinn er jafnvinsæll og raun ber vitni. Hefur þig einhvern tímann langað til að drepa tugþúsundir á innan við hálftíma? Þá er þetta leikurinn fyrir þig. Instant klassík sem hefur strax skapað slatta af eftirhermum.

Sértrúarsöfnuðir hafa aldrei verið jafnkrúttlegir og í Cult of the Lamb þar sem leikmenn gera sitt besta til að gera myrkum guði sínum til geðs. Leikurinn lítur út eins og barnabók með ansi myrku yfirbragði en spilunin ætti að hitta í mark hjá öllum þeim sem kunna að meta góðan roguelike.

Það var svo frábært afturhvarf að gefa óþokkum á kjammann í Teenage Mutant Ninja Turtles: Shredder's Revenge. Skjaldbökurnar hafa verið fjarverandi frá leikjamarkaðnum allt of lengi og þessi er líklega sá besti sem hefur verið gerður síðan skriðdýrin gerðu garðinn frægan í Turtles in Time. ■


Í God of War Ragnarök gefst tækifæri á að hitta Grýlu.


Kisu er eitthvað ómótt í framtíðardystópíunni Stray.


Kirby er alltaf jafnkrúttlegur þrátt fyrir myrka undirtóna.


Fánan í Pokémon Scarlet & Violet er kostuleg. Kynjaskepna sem er í laginu eins og bifhjól? Hvað nú, Darwin?

Lyfjaval
HEILSA & HAMINGJA

Í SKJÓLI FYRIR VEÐRI OG VINDUM BÍLALÚGURNAR ERU SVO ÞÆGILEGAR



Bílaapótek

VESTURLANDSVEGI
Opið alla daga
9–22

HÆÐASMÁRA
Opið alla daga
10–23

SUÐURFELLI
Opið virka daga
8.30–20

Opið laugardaga
11–17

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM

Bílaapótek Vesturlandsvegi • Bílaapótek Hæðasmára • Bílaapótek Suðurfelli • Glæsibæ • Urðarhvarfi • Mjódd • Apótek Suðurnesja

Fallegar bækur fyrir káta krakka



3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 5.699 kr.



2.999 kr. VERÐ ÁÐUR 3.899 kr.



3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 5.699 kr.



2.399 kr. VERÐ ÁÐUR 3.299 kr.



7.199 kr. VERÐ ÁÐUR 9.999 kr.



3.399 kr. VERÐ ÁÐUR 4.499 kr.



3.599 kr. VERÐ ÁÐUR 4.999 kr.



3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 5.699 kr.



4.299 kr. VERÐ ÁÐUR 5.999 kr.

Leikföng í miklu úrvali



Lærið að telja
3.399 kr.

30% afsláttur af öllum púslum og púslmottum





Píluspjald 43cm með 6 pílum
2.279 kr. Verð áður 3.899 kr.

Playmobil fyrir káta krakka



Playmobil startpakkar
5.999 kr.

30% afsláttur af öllum Hama perlum





Skákborð
4.999 kr.



BABY born dúkka Little stelpa
11.999 kr.



Staflanlegir kubbar
3.989 kr. Verð áður 5.699 kr



Risaeðla 200 bitar 3 teg
4.699 kr.

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 19. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Penninn Eymundsson
Bóksali í 150 ár



†

Elskuleg eiginkona mín,

Ingibjörg Ólafsdóttir

Gullsmára 5,
Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 12. desember.
Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 22. desember kl. 13.

Fyrir hönd afkomenda, ættingja og vina,
Ólafur Stephensen Björnsson



†

Björg Einarsdóttir

rithöfundur,

er látin. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 20. desember klukkan 13.
Blóm og kransar afþakkaðir.

Guðmundur Ingi Haraldsson **Bjarnfríður Guðmundsdóttir**
Einar Hrafnkell Haraldsson **Guðrún Sigurjónsdóttir**
María Haraldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Guðjón Þorleifsson

vélstjóri,
áður til heimilis að Lækjargötu 4,
Reykjavík,

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði 15. desember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 22. desember kl. 13.00.

Börn, tengdabörn og afabörn

Frá Hrísey til Fagradalsfjalls

Í þriðju og síðustu bók í flokki sínum skoða Gunnsteinn Ólafsson og Páll Stefánsson náttúru og sögu suðurhluta Íslands.

arnartomas@frettabladid.is



Bókin er skreytt fallegum myndum Páls af náttúru Íslands, rétt eins og fyrri bækurnar. MYND/PÁLL STEFÁNSSON

Nýlega kom út bókin Hjarta Íslands – Frá Hrísey til Fagradalsfjalls, þriðji og síðasti hluti bókaflokks Gunnsteins Ólafssonar og Páls Stefánssonar um sögu og náttúru Íslands. Þar má finna náttúrulýsingar, sögu, þjóðtrú og meiri fróðleik í bland við glæsilegar myndir Páls, teknar úr lofti og á jörðu niðri. Gunnsteinn lýsir vinnunni að baki bókunum sem mikilli og langri glímu. Fyrst tóku þeir fyrir hálendið, síðan Vesturland, Vestfirði og Norðurland vestra. Nú var röðin komin að Norðurlandi eystra, Austfjörðum og Suðurlandi.

„Það sem kom mér mest á óvart við ritun bókanna er hversu gríðarlega mikið hefur verið skrifað um náttúru og sögu landsins," segir hann. „Ég gat nýtt mér fjölmargar skýrslur vísindamanna sem hafa unnið að rannsóknum víða um land og reyndi að gera að skemmtilegum texta fyrir almenning. Land okkar býr yfir miklum leyndardómum sem menn eru sífellt að reyna að komast til botns í. Það virðist vera óendanlega hægt að rannsaka þetta land og skrifa um það."

Í bókunum þremur segir Gunnsteinn vera grundvallarmun á efnistökum.

„Í fyrstu bókinni fjölluðum við um hálendið og gátum einbeitt okkur algjörlega að náttúrunni. Þegar við lögðum í hinar bækurnar tvær um náttúruperlur við ströndina kom glíma mannsins við náttúruöflin sterklega við sögu," útskýrir hann. „Það var ekki hægt annað en að skrifa líka um það. Þá þurfti að velja og hafna. Ég dró fram helstu merkisatburði, menn og konur sem tengdust hverjum stað, jafnvel íslensk þjóðlög og þjóðsögur og Páll fangaði landslagið með sínu frábæra ljósmyndaauga. Þetta er að vissu leyti saga bæði lands og þjóðar."



Gunnsteinn Ólafsson

Rannsóknir Stjörnu-Odda

Það var eitt og annað sem kom Gunnsteini á óvart við rannsóknarvinnu nýjustu bókarinnar. „Flatey á Skjálfanda á sér alveg stórkostlega merkilega sögu," segir Gunnsteinn og bendir á sem dæmi Odda Helgason, betur þekktan sem Stjörnu-Odda. „Hann var sendur út í Flatey á 12. öld á vit fiska, eins og segir í Stjörnu-Odda draumi, en í stað fiskveiða var hann aðallega með hugann við stærðfræði."

Gunnsteinn útskýrir hvernig Stjörnu-Oddi hafi unnið það afrek að reikna út hvernig staða sólar breyttist vikulega gagnvart hafsbrún, tímasetti sólhvörf og lagaði skekkjuna á misseraskiptum.

„Þetta var stórkostleg uppgötvun og rannsóknir hans urðu helsta framlag okkar Íslendinga til raunvísinda á miðöldum," segir Gunnsteinn. „Þetta les maður hvergi nema þegar maður fer að garfa í sögu svona afskekktrar eyju."

Aðspurður um hvað taki við hjá þeim Páli, segir Gunnsteinn að þeir félagarnir séu enn rétt að ná andanum eftir þríleikinn um Hjarta Íslands. „Það var mikil vinna fyrir mig í sex ár að skrifa þessar bækur og á meðan þeystist Páll um landið og tók myndir. Okkur langar til þess að halda áfram samvinnunni en það er ekkert ákveðið enn þá í þeim efnum. Maður spyr sig hvar þörfin sé mest – kannski við færum okkur til Færeyja?" segir Gunnsteinn að lokum og brosir við. ■

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna



†

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sonar okkar og bróður,

Árna Sævars Gylfasonar

Austurbrún 6A, Reykjavík.

Gylfi Ómar Héðinsson **Svava Árnadóttir**
Hörður Már Gylfason **Björk Ólafsdóttir**
Inga Rut Gylfadóttir
og systkinabörn



†

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Hjalti Páll Þorvarðarson

vélstjóri,

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Ísafold þriðjudaginn 13. desember. Útför fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 22. desember kl. 15.00.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Ísafoldar fyrir einstaka umönnun og góða viðkynningu.

Þorvarður G. Hjaltason, Guðrún Einarsdóttir,
Hjalti Vigfús Hjaltason,
barnabörn og barnabarnabörn



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Danía Árnadóttir

Breiðuvík 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 4. desember. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 20. desember klukkan 13.

Árni Heiðar Ívarsson **Erna Sigrún Jónsdóttir**
Guðrún Lillý Eyþórsdóttir
Hjörtur Eyþórsson
Róbert Eyþórsson
Bjarki Eyþórsson **Sylvía Ósk Hermannsdóttir**
og barnabörn



†

Ástkær móðir, tengdamóðir og amma,

Anna Ingólfsdóttir

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 7. desember.
Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 21. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim, sem vildu minnast hennar, er bent á Gigtarfélag Íslands. Hægt verður að nálgast streymi fyrir þá, sem eiga ekki heimangengt.
netkynning.is/anna-ingolfsdottir

Ingólfur Tómas Jörgensson **Kristín Ásta Hafstein**
Jón Andri Ingólfsson
Jörgen Ingólfsson



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Ragnheiður Thorarensen

handavinnukennari,

lést föstudaginn 9. desember. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 21. desember kl. 13.

Ragnar Thor Sigurðsson **Ásdís Gissurardóttir**
Hallgrímur G. Sigurðsson **Anna Þórhallsdóttir**
Sigurður Á. Sigurðsson **Esther O'Hara**
barnabörn og barnabarnabörn



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Dísa Hermannsdóttir

frá Miklaholti, Viðvíkursveit,
Þangbakka 10, Reykjavík,
fyrrum bréfberi og starfsmaður Pósts og síma,

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 6. desember. Útför hennar verður frá Langholtskirkju í Reykjavík, þriðjudaginn 20. desember 2022 kl. 13.00.

Jóngeir Hjörvar Hlinason **Soffía Melsteð**
Heiðrún Hlín Guðlaugsdóttir **Hannes Siggason**
barnabörn og barnabarnabörn



Tissot
72.000 kr.



Raymond Weil Toccata
184.500 kr.



Sif Jakobs
16.900 kr.



Sif Jakobs
16.900 kr.



Sif Jakobs
16.900 kr.



Sif Jakobs
24.900 kr.



Sif Jakobs
59.900 kr.



Seiko
189.900 kr.



Raymond Weil Parsifal I
212.960 kr.

Glæsilegar jólagjafir

skartgripirogur.is



Boss energy
75.900 kr.



Tissot
129.900 kr.



Úrval af 14kt hringum í eyru



Kúlulokkar 14kt
frá 7.900 kr.



14kt Demantar
109.500 kr.



14kt Rúbín og demantar
217.900 kr.



14kt Zirkon lokkar
frá 11.500 kr.



14kt Rúbín og demantar
frá 107.900 kr.



Tissot
52.900 kr.



Boss Felina
39.900 kr.



14kt London Blue Tópas
279.000 kr.



14kt Demantar
117.900 kr.



8 eða 14kt
frá 95.900 kr.



8 eða 14kt
frá 119.900 kr.

SKARTGRIPIR & ÚR
SÍÐAN 1923
Bankastræti 9 | Sími 551 4007

GullBúðin
BANKASTRÆTI
Bankastræti 6 | 551 8588

Krossgáta



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist aðstoðarmaður (13)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 25. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „19. nóvember“.

Sudoku

1		6						3
3	2				1	5		
7		4	5	9				
		5	1		8	4		
2		1						7
6	3	8			2	1		
	9						6	
	6	7				8		
			6		4	2	9	

3			2				8	4
		6	5				3	2
2			8					
5		3		1				
	1					9		
8		2						1
9	3						5	
7				5				
	2				3	7		9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Lausnarorð síðustu viku var

SÚRDEIGSBRAUÐ



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Gullið stell úr ryðleir fyrir þig og mig! (9)
11 Skot örvar tíma á augabragði (12)
12 Sá lymskutól leggja sér dýr til munns (9)
13 Ramma inn stað fyrir þrálynda grána (9)
14 Ákveða stað fyrir bæ sinn og koma sér þar fyrir (7)
15 Hvaða erindi á ég við þessa fróðu konu? (4)
16 Gefanda held ég frá félaga mínum í aðdraganda jóla (9)
17 Hún stúderar aðallega samsteypur og bókmenntaklíkur (9)
18 Vísa mið ungviðisins í úrelt heiti hinna gulu eða ákveðinna vatnakarpa? (12)
25 Fæ dót og tennta hringi frá Georg Jensen! (10)
27 Tek mína sénsa með þetta lyf þótt það leiði mörg í ruglið (7)
28 Hreyfing kemst á hinar vegna örlaga þeirrar sem fest hefur rætur (8)
32 Skynja svolítinn ofsa hjá þessum spjátrungi (5)
33 Spilum Ægi upp úr skónum með stjörnum Ránar (7)
34 Hækkun fannar skapar vandræði sem bandhnoða bætir (10)
35 Friðartími prestsekkjunnar er tvö misseri (7)
37 Tel þessa aðferð marka tímamót, svona í ljósi þessa anga sögunnar (13)
40 Álit mitt á örlagabyttum og hefðarfrúm helst í hendur (8)
42 Brátt mun birta á ný frú mín góð, og þú segist vera kokkur? (11)
43 Þau reyta frá tákninu uns þau ná þolmörkunum (10)
44 Botntorfa birtist þá svaðabrim sverfur að (10)
45 Ill ferðast því aðeins að þessar ferðir séu í boði (9)

LÓÐRÉTT

1 Þóttu full veislubúnar og hamslausar (11)
2 Skrifa illa um blandað sjávarfang (11)
3 Sviptu línum lagt plagg allri dulúð með þessari lausn (11)
4 Um þessa samantekt má segja að hún þarf gagngera yfirlhalningu (7)
5 Stenst ekki yndisþokka stungu þinnar og söngvaseiðs (9)
6 Hvort borðaðir þú með jómfrú eða kærustu? (8)
7 Í Einurðarhlíð þurrkaði ég ákveðinn fisk (8)
8 Langar að hitta óheflaðan mann og geri það! (8)
9 Glöggva sig á hverju merki með ferðalangsins fremsta tæki (8)
10 Tel kryppu þessa ekki plaga þennan fugl (8)
19 Skipti slaga um það bil sem honum sleppir (8)
20 Syng dægurlag við næturmessu (8)
21 Hvað með víddirnar allar og ákærurnar út af þeim? (7)
22 Varð þreyttur af því að halda í við hraða mömmu (9)
23 Ekki duga færri en þrjú skólaskip í þennan leiðangur (7)
24 Á meðan þú blést voru aðrir látnir í friði (7)
26 Þegar gangur loðbands lokast vænti ég krefjandi spurningar (12)
29 Afskaplega góð staðsetning fyrir uggvekjandi starfsemi (10)
30 Frá þessum staf kemur ormur án hvassra horna (10)
31 Jötunuxi er víst ekki stór en þessi er það þó og ekkert smá! (10)
36 Nú renna öll vötn til sjávar vegna ákveðins yfirbragðs (7)
38 Kemst lengra ef Mikael og Amor greiða úr flækjunni (6)
39 Sá lamaði dundaði sér við að afrugla lausnina (6)
41 Draumur um eðalgas og verðlaun (5)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Frjáls, eftir Lea Ypi** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Ragna Pálsdóttir, Akureyri.**



ÁRAMÓTIN
ERU KOMIN Í
PARTÝBÚÐINA

KVÖLDOPNUN MILLI JÓLA OG NÝÁRS

OPIÐ TIL 17:00 Á GAMLÁRSDAG

SENDUM UM LAND ALLT



PARTÝBÚÐIN

FAXAFEN 11 • 108 REYKJAVÍK

Laugardagur

Hringbraut

18.30 Halli og Laddi (e) Tveggja þátta þáttaröð í umsjón Helga Jónssonar.
19.00 Bíóbærinn (e) Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
19.30 Eyfi + Eyjólfur Kristjánsson fær til sín góða gesti sem taka með honum lagið.
20.00 Saga og samfélag Málefni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
20.30 Halli og Laddi (e) Tveggja þátta þáttaröð í umsjón Helga Jónssonar. (e)
21.00 Bíóbærinn (e)

RÚV Sjónvarp

07.05 Smástund
07.10 Tikk Takk
07.15 KrakkaRÚV
09.20 Jólaratleikurinn
10.00 Húllumhæ
10.15 Ævar vísindamaður
10.45 Kappsmál
11.50 Vikan með Gísla Marteini
13.00 Heimilistónajól
13.30 Kastljós
13.45 Kiljan
14.30 HM stofan
14.50 Króatía - Marokkó Bein útsending frá bronsleik á HM karla í fótbolta.
16.50 HM stofan
17.10 Gamalt verður nýtt
17.20 Landinn
17.50 KrakkaRÚV
17.51 Lesið í líkamann
18.19 Jólamolar KrakkaRÚV
18.28 KrakkaRÚV - Tónlist
18.30 Randalín og Mundi. Dagar í desember
18.40 Aðstoðarmenn jólasveinanna
18.52 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.40 Randalín og Mundi. Dagar í desember Klísturkökur
19.45 Jólaminningar
20.00 Andersen smiður og jólasveinninn - Gleymdu jólin Norsk jólamynd.
21.10 Playing for Keeps Ást á hliðarlínunni
22.55 Who We Are Now Svona erum við núna
00.35 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

08.00 Kanínuskólinn - ísl. tal
09.15 Önd önd gæs - ísl. tal
10.45 Bangsi og dóttir nornarinnar - ísl. tal
11.50 Dr. Phil (16-160)
13.10 Christmas at Grand Valley Rómatísk jólamynd um listakonuna Kelly sem býr og starfar í Chicago en um nokkurt skeið hefur henni skort innblástur fyrir vinnunni.
15.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
15.05 Tilraunir með Vísinda Villa
15.15 Ávaxtakarfan
15.30 Flushed Away - ísl. tal
16.55 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
17.15 How We Roll
17.40 Gordon Ramsay's Future Food Stars
18.40 Love, Lights, Holidays!
20.05 Notting Hill Rómantísk gamanmynd frá 1999 með Hugh Grant og Julia Roberts í aðalhlutverkum.
22.10 Office Christmas Party
23.55 Gone Baby Gone Amanda er týnd. Hún er bara fjögurra ára og frænka hennar ræður einkaspæjarann Patrick Kenzie til þess að hjálpa lögreglunni að spyrjast fyrir um hana í nágrenninu. Kenzie fær hjálp frá kærustunni sinni.
01.45 Save the Last Dance 2
03.15 Same Kind of Different as Me
05.10 Tónlist



Stöð 2

08.00 Barnaefni
12.05 Bold and the Beautiful
13.35 Bold and the Beautiful
13.55 30 Rock
14.20 Franklin & Bash
15.00 Masterchef USA
15.40 GYM
16.05 Jólaboð Evu
16.55 Idol
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.55 Love Actually
21.05 The Prince and Me
22.55 Last Action Hero
01.00 1917
02.55 Disturbing the Peace

Sunnudagur

Hringbraut

18.30 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum
19.30 Útkall (e) Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar.
20.00 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Mannamál (e)
21.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)

RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
10.00 Örkin
10.30 Jólin hjá Mette Blomsterberg
11.00 Jólaball fyrir fjölskylduna
12.15 Menningarvikan
12.45 Jólin hjá Claus Dalby
12.55 Okkar á milli
13.25 Ljósmóðirin. Jólin nálgast - Seinni hluti
14.15 HM stofan
14.50 Argentína - Frakkland Bein útsending frá úrslitaleik á HM karla í fótbolta.
17.15 HM stofan
17.30 Landakort Kafarajól
17.35 Hraðfréttajól
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Jólaratleikurinn
18.30 Jólin með Jönu Maríu
18.35 Randalín og Mundi. Dagar í desember
18.40 Aðstoðarmenn jólasveinanna Flugvallarjólar
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.40 Randalín og Mundi. Dagar í desember Árbæjarsafn
19.45 Jólaminningar
20.00 Carmenrúllur Carmen Curlers Danskir þættir sem gerast á árunum eftir 1960.
21.05 Von Håp Norsk kvikmynd frá 2019 um Önju sem greinist með ólæknandi krabbamein skömmu fyrir jól og er sagt að hún eigi aðeins nokkra mánuði eftir ólifaða.
23.10 París norðursins
00.40 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

08.00 Hanaslagur - ísl. tal
09.35 Gamba - ísl. tal
11.05 Dr. Phil
11.45 Dr. Phil
12.25 Dr. Phil
13.05 Jingle Bell Bride
15.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
15.05 Tilraunir með Vísinda Villa
15.15 Ávaxtakarfan
15.30 Kafteinn ofurbrók. Fyrsta stórmyndin - ísl. tal
17.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
17.30 How We Roll
17.55 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
18.55 Kenan
19.25 Heima
19.50 Jól með Valdimar
20.45 Angels Sing
22.15 Love the Coopers
00.00 The Hitman's Bodyguard
01.55 The Rookie
02.40 The Capture
03.25 Snowfall
04.10 Tónlist

Stöð 2

08.00 Barnaefni
11.45 Náttúruöfl
11.55 B Positive
12.15 Nágrannar
13.45 Nágrannar
14.05 City Life to Country Life
14.50 In Search of Greatness
16.10 Jamie's One Pan at Christmas
16.55 The Good Doctor
17.35 60 Minutes
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Lego Masters USA
19.40 Professor T Glettnir sakamálaþættir með Ben Miller í aðalhlutverki. Prófessor Jasper Tempest er snillingur í afbrotafræðum, frekar óvenjulegur og með áráttuþráhyggjuröskun.
20.30 Gasmamman
21.15 Blinded Önnur þáttaröð þessara sænsku spennuþátta um viðskiptablaðakonuna Beu og flókið samband hennar við bankastjórann Peder.
22.10 Signora Volpe
23.35 Afbrigði
00.00 Masters of Sex
01.00 Pennyworth
01.55 B Positive
02.15 Jamie's One Pan at Christmas
03.00 The Good Doctor
03.40 Náttúruöfl

Mánudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits
19.30 Bókahornið Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.00 433.is Sjónvarpsþáttur 433.is.
20.30 Fréttavaktin (e) Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Heima er bezt (e) Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.



Messi hefur spilað frábærlega á mótinu og getur leitt lið sitt að mótinu.

Úrslitaleikurinn

Einn stærsti sjónvarpsviðburður ársins fer fram um helgina, en það er úrslitaleikur heimsmeistaramóts karla í fótbolta. Í leiknum mætast Argentína og Frakkland. Annars vegar fær Lionel Messi, sem margir telja besta fótboltamann sögunnar, lokatækifæri á að vinna þann stóra og setja því lokapúslið í fullkominn ferill sinn.

Og hins vegar gerir ungstirnið Kylian Mbappé tilraun til að vinna sinn annan heimsmeistaratitil, þrátt fyrir að vera einungis 23 ára gamall. Frakkar geta því orðið fyrsta liðið til að verja heimsmeistaratitil síðan Brasilíumenn gerðu það árið 1962 með Pelé í fararbroddi. Þá geta Argentínumenn unnið sinn fyrsta titil í tæplega fjörutíu ár, eða síðan Diego Maradona heitinn kom sá og sigraði. ■



■ Við tækið

Ástir og örlög í Feneyjum



Jón Þór Stefánsson
jonthor
@frettabladid.is

Lokaþáttur annarrar seríu HBO-þáttanna White Lotus var frumsýndur síðastliðinn sunnudag en hans var beðið með mikilli eftirvæntingu.

Þættirnir fjalla um ferðir nokkurra Bandaríkjamanna til Feneyja og kvölina sem það getur verið að festast með öðru fólki á ferðalagi. Ástvinir verða óvinir og eldfjallið Etna virðist ætla að gjósa.

Í fyrstu seríunni er förinni heitið til Hawaii, en Feneyjaferðin toppar þá fyrri. Höfundarnir virðast þekkja módel þáttanna betur og skilja hvaða leiðir þeir vilja fara. Afbrýðisemi, peningar og kynslóðatráma ræður för í þessum rússíbana sem hefur vakið mikla athygli. ■



Jennifer Coolidge hefur slegið í gegn sem Tanya í White Lotus.

”

Þættirnir fjalla um ferðir nokkurra Bandaríkjamanna til Feneyja.

Tólaspilið Í ÁR

ALMENN SPURNING

Hvað var Jóhanna Guðrún gömul þegar hún lenti í 2. sæti í Eurovision?

BOTNAÐU LAGIÐ

"And then she asks me, do you feel all right? _____"

ALMENN SPURNING

Hvaða eitraða ávöxt gaf nornin Mjallhvíti?



Skannaðu mig

S. 771-7171

LEITINADSTJORNUNNI.IS

Jóla útsala

30-50% afsláttur

Allar jólavörur, seríur, jólaljós og jólaskraut

Gildir ekki af ferskvöru og skreytingum



Jólaljós **30%** • Jólaseríur **30%** • Ljósahús **50%** • Aðventuljós **50%** • Gervijólatré **30%**
Jólakúlur **30%** • Jólakerti **30%** • Kerti **30%** • Servíettur **30%** • Jólaservíettur **30%**
Jólakúlur **30%** • Jólalengjur **30%** • Jólakransar **30%** • Jólaskreytingaefni **30%**
Jólatrésdúkar **30%** • Jólakertastjakar **30%** • Jólastyttur **30%** • Jólapappír og pakkabönd **30%**

20%

eta since 1943

Air Fryer 5,2 ltr.

Loftsteikingarpottur, stillanlegt hitastig 80-200°C. Val um 7 forstillingar og snertistjórnborð. **1851561**



19.742kr
~~24.690kr~~

25%

eta since 1943

Ryksugu-vélmenni

Moppar og ryksugar, beygir frá stigum og hindrunum. **1852102**



48.740kr
~~64.990kr~~

20%

NESPRESSO

Hylkjakaffivél

Centrifusion™ tækni. 5 mismunandi bolla-stærðir (40-535 ml). Hitar kaffivélina innan 30 sekúndna, 1,1 ltr. Innifalið í pakkanum er 12 Nespresso hylki. **1851752**



25.590kr
~~31.990kr~~

DOMO

Klakavél

Fyrir alla kalda drykki. Vatnsgeymir: 1,8 ltr. Afköst : 9 mín. = 9 ísmolar. Stærð: 12 kg á 24 klst. Vísir fyrir tóman vatnsgeymi. Sýnir þegar söfnunarílátið er fullt. **1870604**



20%

23.990kr
~~29.990kr~~

30%

BerlingerHaus

Hnífasett

Rose Gold, 6 stk. **2202288**



5.943kr
~~8.490kr~~



BerlingerHaus

Pottasett

Rosewood, 4 stk. **2001833**

6.643kr
~~9.490kr~~

30%

25%

DEWALT

Hátalari

Bluetooth, 18V, tækið tekur 10,8-12-18-54V rafhlöður, drægni 30 m, USB tengi, kemur án rafhlöðu. **5158838**



24.365kr
~~32.490kr~~

27%

BLACK+DECKER

Skrúfvél

3,6V, Li-ion rafhlaða, Led ljós, hersla 5,5Nm, 20 fyglihlutir. **5246059**



6.995kr
~~9.535kr~~

Jólagjafahandbók 2022

Frábærara hugmyndir af flottum jólagjöfum, skoðaðu á husa.is



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Opið
til kl. 20
í Skútuvogi
Sjá nánar husa.is

Jólatré

20% afsláttur

Alla helgina

Rauðgreni
Beint frá bónda, sérræktuð fyrir Blómaval.

Nordmannsþinur
Margar stærðir af sérvöldum, fyrsta flokks Nordmannsþin.

Íslensk stafafura
Beint frá bónda, sérræktuð fyrir Blómaval.

Gleðiskruddan
er dagbók fyrir
börn á aldrinum
6-15 ára sem byggir
á hugmyndafræði
jákvæðrar
sálfræði.



Höfundar: Marit & Yrja.

„Ég mæli einlæglega með Gleðiskruddunni sem er frábær bók til að virkja börn í að efla vellíðan, bjartsýni og þrautseigju“
-Bryndís Jóna, Núvitundarsetrinu-

Upplýsingar um sölustaði
er að finna á glediskruddan.is
glediskruddan glediskruddan


Orri segir það ekki algengt að karlljósmyndarar noti fjölskylduna sína sem efnivið í stærri verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ljósmyndaði fjölskyldu sína í rúma þrjá áratugi

Orri Jónsson hætti í meistaranámi og flutti með fjölskylduna til Mexíkó. Hann hefur nú sent frá sér ljósmyndabók sem varð til á því tímabili.

tsh@frettabladid.is


Myndirnar í bók Orra eru að mestu teknar af fjölskyldu hans yfir 32 ára tímabil. MYND/ORRI JÓNSSON

Ljósmyndarinn Orri Jónsson hefur sent frá sér nýja ljósmyndabók sem ber heitið Fangið þitt er svo mjúkt það er eins og lamba ull. Ljósmyndirnar voru teknar yfir rúma þrjá áratugi og mynda eins konar fjölskyldusögu þar sem tíminn er óræður og staðsetningar á reiki.

„Myndirnar spanna 32 ár sirka og eiga það sameiginlegt að þær voru ekki teknar með það fyrir augum að enda í einhverri bók,“ segir Orri.

Átti bara ritgerðina eftir

Orri byrjaði að gera bókina undir lokin á meistaranámi í ljósmyndun og heimildavinnslu í Ryerson háskólanum í Toronto, sem hann fór í fyrir nokkrum árum.

„Það sem talað er um sem listljósmyndun hefur í gegnum tíðina oftast verið byggt á fyrirfram gefnum hugmyndum, ljósmyndin er oft notuð sem miðill til að myndskreyta einhverja hugsun. Algengt er að fólk afmarki einhverja hugmynd, leggist svo í rannsóknarvinnu og framkvæmi síðan þá hugmynd eftir einhverjum leiðum sem auðvelt er að færa rök fyrir með orðum. Mig langaði að nálgast þetta akkúrat öfugt, í fyrsta lagi að vinna með mótíf sem skipti mig hjartans máli og vinna með efnið sjónrænt, út frá innsæi og tilfinningu frekar en rökhyggju,“ segir hann.

Árið 2016, þegar Orri átti aðeins meistararitgerðina eftir, ákvað hann þó að venda sínu kvæði í kross og hætti í náminu.

„Við fjölskyldan vorum öll orðin leið á þessu borgarbasli og að slást við skólakerfi sem nærði okkur lítið, það var fyndið að vera 45 ára og upplifa sama skólaleiðann og 7 ára og 18 ára synir okkar. Í staðinn fyrir að eyða nokkrum mánuðum í að skrifa ritgerð þar sem ég hefði reynt að útskýra með orðum það sem ég hefði annars sagt með myndum, þá fórum við fjölskyldan til Mexíkó í eina önn. Við leigðum okkur hús í litlu þorpi og vorum þar bara í svona heimanámi og að endurstilla okkur. Þar varð kjarninn að þessari bók til,“ segir Orri.

Þurfti fjarlægð frá efninu

Bók Orra er mjög persónuleg enda

> Við fjölskyldan vorum öll orðin leið á þessu borgarbasli og að slást við skólakerfi sem nærði okkur lítið.

samanstendur hún mestmegnis af ljósmyndum af fjölskyldu hans í gegnum árin, konu hans, Þórdísi, og fjórum börnum þeirra, í bland við borgar- og landslagsmyndir frá stöðum þar sem þau hafa búið. Orri segir það nokkuð sérstakt að vinna með svo persónulegt efni.

„Ég fann fljótt að ég þurfti fjarlægð frá þessu efni til að geta umgengist það og unnið með það svolítið frjálst. Það er rosa auðvelt að tengjast tilfinningalega augnablikunum þegar þú tókst myndirnar og þá ertu kominn í svolítil vandræði, ef þú ert farinn að vinna efnið út frá því. Maður þarf einhvern veginn að geta stigið frá þessu og unnið með myndirnar úr ákveðinni fjarlægð til þess að þær meiki einhvern sens í stærra samhengi og eigi sér rödd utan fjölskyldualbúmsins,“ segir hann.

Eins og áður sagði spannar bókin langt tímabil en myndunum er þó ekki raðað í tímaröð og reyndi Orri þess í stað að búa til óðruvísi þráð í gegnum hana.

„Þegar ég byrjaði fyrst að vinna með þetta þá svona að gamni byrjaði ég að raða þessu í tímaröð, til þess að átta mig sjálfur aðeins á tímanum og þessari tímalínu. En ég fann það mjög fljótt að það væri alltof einfalt og grunnt að vinna með þetta alveg í tímalínu. Vegna þess að maður skynjar tímann á alls konar hátt og auk þess þá skoðar fólk ljósmyndabækur mjög sjaldan í harðri tímalínu frá blaðsíðu eitt og að lokum.“

Ekki algengt viðfangsefni karla

Hvaðan kemur titill bókarinnar Fangið þitt er svo mjúkt það er eins og lamba ull?

„Hann kemur frá yngsta syni okkar. Þetta muldraði hann eina nóttina þegar ég var að bera hann fram á klósett þegar hann þurfti að pissa. Titillinn kom í raun mjög seint, ég var búinn með bókina og var ekki með neinn titil, en öðru hverju hafði ég mátað einhverja titla og fannst þeir ómögulegir,“ segir Orri.

Hann bætir því við að vinkona hans, Ingibjörg Birgisdóttir, hafi sannfært hann um að nota þennan titil þegar þau unnu bókarkápuna saman.

Orri segir svona persónuleg ljósmyndaverkefni eiga sér ýmsar fyrirmyndir en það hefur þó ekki verið algengt að karlkyns ljósmyndarar noti fjölskyldur sínar sem viðfangsefni.

„Í gegnum ljósmyndasöguna þá hefur það verið viðurkennt að kvenljósmyndarar hafa verið ófeimnar við að nota fjölskyldu sína og myndir af börnum í stærri verkefni af einhverri alvöru en það hefur vantað mikið hjá karlljósmyndurum.

Það eru auðvitað mýmörg dæmi um að karlljósmyndarar hafi gert seríur, kannski yfir langt tímabil, af konunum sínum en þeir virðast lítið hafa velt fyrir sér fjölskyldunni af einhverri alvöru í sínum verkum.“ ■


VIÐ ÓSKUM ÞÉR BRAGÐGÓÐRA JÓLA
OG SAFARÍKS KOMANDI ÁRS
GÆÐANAUT
ÍSLENSKT GÆÐANAUT

Endaði ekki með hvelli heldur kjökri

TÓNLIST

La Boheme eftir Puccini í útsetningu fyrir fiðlu og píanó

Flytjendur: Mathieu van Bellen og Mathias Halvorsen
Salurinn í Kópavogi
þriðjudagur 13. desember

Jónas Sen



Þeir Mathieu van Bellen og Mathias Halvorsen fluttu óperuna La Boheme eftir Giacomo Puccini í nýrri útsetningu fyrir fiðlu og píanó í Salnum í Kópavogi síðastliðinn þriðjudag. MYND/AÐSEND

Sagt hefur verið að La Boheme eftir Puccini hljóti að vera grínópera, því ein aðalsögupersónan þjáist af tæringu en syngur samt fullum hálsi fram í andlátið. Vissulega kemur margt skondið fyrir í óperunni, enda er bakgrunnur hennar bóhemlíf listamanna í Latínuhverfinu í París.

Þetta er þó fyrst og fremst harmleikur sem fjallar um ástir skálds og dauðvona stúlku, og er ein vinsælasta ópera allra tíma. Enda er tónlistin meistaraleg, og eru sum atriðanna með því fegursta sem heyrist.

La Boheme hefur verið flutt nokkrum sinnum hér á landi og ég man eftir tveimur uppfærslum Íslensku óperunnar sem báðar hafa verið frábærar.

En á þriðjudagsk völdið var óperan flutt í mynd sem hlýtur að vera nýlunda. Hún var leikin af fiðluleikara og píanóleikara án söngs, leiks, sviðsmyndar eða búninga. Í staðinn var skjátextum varpað upp þar sem hægt var að fylgjast með framvindu sögunnar.

Litríkar útsetningar

Flytjendur voru Mathieu van Bellen fiðluleikari og Mathias Halvorsen píanóleikari. Þeir útsettu jafnframt óperuna fyrir hljóðfærin sín og segjast verður eins og er að útsetningarnar voru snilldarlegar. Ekkert smáræði er að umrita einsöng, kór og sinfóníuhljómsveit fyrir aðeins tvö hljóðfæri, en hér var verulega vel að verki staðið. Útsetningarnar voru fjölbreyttar og litríkar. Til dæmis var kaflinn þar sem hermenn birtast með tilheyrandi trumbuslætti og alls konar látum virkilega flottur. Trommuslátturinn var yfirfærður á bassanótur píanósins og var það afar sannfærandi.

Flutningurinn var yfirleitt mjög góður. Píanóleikurinn var frábær, gríðarlega kröftugur og glitrandi. Fiðluleikurinn var líka fínn, þótt hann hafi verið örlítið óhreinn á viðkvæmum stöðum. Fimmundirnar í upphafi þriðja þáttar voru til dæmis ekki nægilega nákvæmar. En heilt yfir gneistaði af fiðluleiknum og margt í honum var sérdeilis glæsilegt.

Öfug stígandi

Gallinn við tónleikana var óperan sjálf. Hún byrjar með miklum tilþrifum þegar hún lýsir iðandi listamannalífinu í París, en er sorgin nær yfirhöndinni verður tónlistin

> Flutningurinn var yfirleitt mjög góður. Píanóleikurinn var frábær, gríðarlega kröftugur og glitrandi. Fiðluleikurinn var líka fínn.

mun innhverfari. Þetta virkaði ekki almennilega í umgjörðinni hér. Það var enginn hástemmdur söngur um vonlausa ást og brostnar vonir, og engin hljómsveit til að magna upp tilfinningarnar. Í staðinn var eins og verið væri að horfa á óperuna í síma, án heyrnartóla. Nístandi sorgin í lokin var ekki hvellur heldur kjökur, svo enskt orðatiltæki sé þýtt á íslensku: „Ended not with a bang but a whimper."

Fiðlan og píanóið bara náðu ekki treganum í lok óperunnar. Þvert á móti voru sorglegu kaflarnir litlausir og allt fjörið í byrjun, sem lofaði svo góðu, varð ekki að neinu – bara tómum leiðindum. Á eftir spurði maður sjálfan sig um tónleikana: Til hvers? ■

NIÐURSTAÐA: Flottar útsetningar en tónleikarnir misstu engu að síður marks.



Gleðileg bókajól!

Allt fyrir góðu pakkana undir trénu



Kyrrþey
Arnaldur Indriðason
5.299 kr.



Saknaðarilmur
Elísabet Jökulsdóttir
4.999 kr.



Drepsvart hraun
Lilja Sigurðardóttir
5.399 kr.



Húðbókin
Sólveig Eiríksdóttir
& Lára G. Sigurðardóttir
4.799 kr.



Gratíana
Benný Sif Ísleifsdóttir
5.399 kr.



Tól
Kristín Eiríksdóttir
5.399 kr.



Brotin
Jón Atli Jónasson
5.399 kr.



Opið haf
Einar Kárason
4.999 kr.



Bannað að ljúga
Gunnar Helgason
3.899 kr.



Syngdu jólalög með Láru og Ljónsa
Birgitta Haukdal
4.399 kr.



Fáðu betra verð og safnaðu inneign með Samkaupa-appinu

netto

Stjórnmál á villigötum



Lifað með öldinni

Fréttablaðið birtir kafla úr nýrri bók Jóhannesar Nordal, Lifað með öldinni. Þótt Jóhannes Nordal væri einn helsti áhrifamaður landsins bak við tjöldin tók hann aldrei beinan þátt í stjórnmálum. Veturinn 1979–1980 munaði þó litlu að svo færi þegar forseti Íslands, Kristján Eldjárn, bað hann að mynda utanþingsstjórn. Hér segir Jóhannes í fyrsta sinn frá þessum atburðum.

Í samræmi við úrslit kosninganna ákvað Kristján Eldjárn strax 5. desember að veita Steingrími Hermannssyni fyrstum umboð til stjórnarmyndunar, en hann hafði þá nýlega tekið við formennsku í Framsóknarflokknum af Ólafi Jóhannessyni. Hóf hann strax tilraunir til að endurreisa vinstri stjórn Framsóknar, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags undir sínu forsæti. Jafnframt lýsti Steingrímur því yfir skömmu eftir að hann fékk umboðið að hann útilokaði samstarf við Sjálfstæðisflokk. Með þessu þrengdi hann möguleika til stjórnarmyndunar verulega því að skipting þingsæta eftir kosningar var þannig háttað að án þátttöku Sjálfstæðisflokks var ekki kostur á neinum öðrum starfhæfum þriggja flokka meirihluta en vinstri stjórn og engum tveggja flokka. Eftir að hafa haldið áfram samningaumleitunum sínum um vinstri stjórn án árangurs í næstum tvær vikur var því ekki um annað a en skila umboðinu aftur til forseta.

Nú varð hlé á viðræðum vegna jólahalds til 27. desember en þá fól forseti Geir Hallgrímssyni umboð til stjórnarmyndunar. Á pappírnum virtist staða Sjálfstæðisflokksins allsterk þar sem hann hafði þingstyrk til að mynda tveggja flokka stjórn með hverjum hinna þriggja flokkanna sem var. Hér var þó ekki allt sem sýndist, Steingrímur hafði þegar útilokað samstarf við Sjálfstæðismenn og samkomulag við Alþýðuflokk var ólíklegt, bæði vegna andstöðu Benedikts Gröndal formanns gegn nýrri Viðreisnarstjórn og vegna tæps meirihluta á sameinuðu Alþingi. Þriðji kosturinn, samstarf Sjálfstæðisflokks og Alþýðubandalag, var ekki heldur árennilegur þrátt fyrir nægilegan þingstyrk. Þessir andstæðu pólar í íslenskum stjórnmálum höfðu aðeins einu sinni verið saman í stjórn, þ.e. í nýsköpunarstjórn Ólafs Thors 1944-47, fyrir daga kalda stríðsins. Nú gerðist það hins vegar að Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, skrifaði grein þar sem hann hvatti til þess að reynt væri að ná því sem hann kallaði "sögulegum sáttum" milli þessara tveggja flokka. Þótt nokkrar þreifingar, sem mér þóttu áhugaverðar og hvatti Geir til að athuga í alvöru, ættu sér síðan stað, kom brátt í ljós að kalda stríðs viðhorfin voru enn of sterk til að þetta gæti orðið að veruleika. Í stað þess taldi Geir vænlegra að leita fyrir sér um myndun þjóðstjórnar en fyrir því reyndist ekki heldur nægur áhugi. Hann skilaði því umboði sínu 14. janúar.

Var nú komið að því að Kristján Eldjárn kallaði Lúðvík Jósepsson formann Alþýðubandalagsins til að taka að sér stjórnarmyndun, hann baðst hins vegar undan því þar sem hann hygðist bráðlega draga sig í hlé frá stjórnmálum. Kom það því í hlut Svavars Gestssonar að leysa Lúðvík af hólmi og tók hann við umboði forseta 15. janúar. Lagði hann, eins og Steingrímur, megináherslu á endurreisn vinstri stjórnar en það bar lítinn árangur.

Þegar hér var komið sögu var Kristján Eldjárn farinn að hafa þungar áhyggjur þar sem ekki virtist miða neitt í samkomulagsátt milli flokkanna. Hann taldi því nauðsynlegt að búa sig undir að geta skipað utanþingsstjórn, ef allt um þryti. Mánudaginn 21. janúar bað svo Kristján mig um að koma á fund til sín. Sagðist hann vera að hugsa um að skipa utanþingsstjórn og spurði mig hvort ég væri tilbúinn að taka að mér forsæti í henni. Sagðist ég fús til þess. Skýrði hann mér fyrst frá því hve erfið staðan virtist vera og lýsti því hvernig hún leit út frá hans sjónarhóli. Svo vildi til að fyrr um daginn hafði Gunnar Thoroddsen komið á fund forseta að eigin ósk. Hafði Gunnar þá lýst þeirri skoðun sinni að helst virtust möguleikar á að mynda þriggja flokka stjórn Sjálfstæðis-, Alþýðu- og Framsóknarflokks, en það kynni að stranda á því hver skyldi gegna embætti forsætisráðherra. Gæti þá lausn vandans verið fólgin í því að einhver annar en einn formanna þessara flokka tæki það að sér. Nefndi hann sem dæmi að Steingrímur Steinþórsson hefði gegnt embætti forsætisráðherra í stjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks 1950-53 þegar hvorki Ólafur Thors né Hermann Jónasson gátu sætt sig við forsæti hins. Ekki gerðum við okkur grein fyrir því á þessu stigi, hvað hér bjó undir.

Við Kristján ræddum síðan alllengi um myndun hugsanlegrar utanþingsstjórnar. Hér var að sjálfsögðu um allt annað og vandasamara verkefni að ræða en myndun bráðabirgðastjórnar til þriggja mánaða eins og við höfðum rætt um í október. Nú væri hins vegar um að ræða ríkisstjórn sem þyrfti að marka stefnu í efnahagsmálum og fleiri sviðum til langs tíma og eiga framgang mála undir samkomulagi við þingheim. Auk þess að velja einstaklinga eftir þekkingu þeirra og reynslu þyrftu tilvonandi ráðherrar einnig að hafa áhrif sem gætu auðveldað tengsl við stjórnmálaflokkana, svo sem Helga Bergs, fyrrverandi þingmann Framsóknarflokks, og Inga R. Helgason, áhrifamann í Alþýðubandalaginu. Einnig var haft samband við Ásmund Stefánsson, Jón Sigurðsson, Ármann Snævarr, Jónas Haralz og Huldu Valtýsdóttur.

Kristján Eldjárn var þeirrar skoðunar að hann þyrfti innan skamms að setja formönnum stjórnmálaflokkanna tímamörk um að komast að niðurstöðu um myndum starfhæfrar stjórnar, ella myndi hann skipa utanþingsstjórn. Eftir þetta lét hann mig fylgjast með því helsta sem gerðist í samskiptum hans við forystumenn stjórnmálaflokkanna næstu daga.

Daginn eftir fund minn með forseta skilaði Svavar Gestsson umboði sínu og Benedikt Gröndal tók við því staðinn. Þegar hér var komið virtist ljóst orðið að aðeins væru eftir tveir kostir til myndunar meirihlutastjórnar, annars vegar með Alþýðu-, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokki og hins vegar með Alþýðubandalagi, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokki. Margt var þó hér enn til fyrirstöðu og þá einkum andúð Steingríms Hermannssonar og Svavars Gestssonar á samvinnu við Sjálfstæðisflokkinn, sem yrðu sterkasta aflið í slíkri samstjórn. Í þessari erfiðu stöðu kom nú hins vegar Gunnar Thoroddsen til skjalanna og bauðst til að koma, ásamt fáeinum öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, til samstarfs við Framsóknarflokk og Alþýðubandalag þannig að nægjanlegur þingstyrkur fengist til að tryggja starfhæfan meirihluta, enda yrði ríkisstjórnin þá að vera undir forsæti hans.


Jóhannes Nordal seðlabankastjóri árið 1978. MYND/AÐSEND

Þótt þreifingar Gunnars hefðu staðið um hríð og ættu sér alllangan aðdraganda varð það ekki heyrinkunnugt fyrr en miðvikudaginn 30. janúar en þá höfðu viðræður hans um stjórnarmyndun staðið í nokkra daga og málefnasamningur nærri tilbúinn. Gunnari hafði þó ekki tekist að fá þá tvo til þrjá þingmenn Sjálfstæðisflokksins til stuðnings við sig sem þurfti til að hafa meirihluta til stjórnarmyndunar. Til þess að ná því yrði hann að leita stuðnings þingflokksins. Þetta ákvað hann nú að gera á fundi þingflokksins næstkomandi föstudag, fyrsta febrúar.

Ég beið því spenntur eftir fréttum af því sem þar mundi gerast. Hafði ég samband við Eyjólf Konráð Jónsson, góðvin minn og öflugan stuðningsmann Geirs Hallgrímssonar. Hann var sannfærður um að Gunnar Thoroddsen væri rúinn trausti og mundi fara hina mestu sneypuför á fund þingflokksins. Fyrstu fréttir sem ég fékk virtust staðfesta þetta. Gunnar hafði ekkert viljað tjá sig eftir fundinn og horfið á braut þungur á brún, en fundurinn hafði mótatkvæðalaust samþykkt að Geirs Hallgrímsson hefði áfram umboð til að halda áfram viðræðum um stjórnarmyndun. Frá öllu þessu var skýrt í sjónvarpsfréttum um kvöldið, en síðan var viðtal við Gunnar þar sem hann sýndi allar sínar bestu hliðar. Flutti mál sitt af ró og yfirvegun og lýsti nauðsyn þess að allir legðust á árar til að koma á löglegri stjórn í landinu og forða Alþingi frá þeirri niðurlægingu að hér verði skipuð utanþingsstjórn. Hafði þessi frammistaða hans mikil áhrif á fólk sem var orðið þreytt á sífelldum þrætum stjórnmálanna og greiddi þannig fyrir þeirri atburðarás sem framundan var.

Ég hringdi því í Eyjólf Konráð til að fá frekari fréttir af fundinum. Hann var hæstánægður og sagði að Gunnar hefði verið ofurliði borinn og ætti sér ekki viðreisnar von. Ég spurði hann þá, hvort á fundinum hefði aðeins verið samþykkt traustyfirlýsing á Geir, en engin mótmæli gegn eða athugasemdir við samningamakk Gunnars Thoroddsen. Þá svaraði Eyjólfur: "Við spörkum ekki í liggjandi mann". Sannleikurinn er sá að Geir og fylgismenn hans vanmátu ætíð styrk og vinsældir Gunnars og því fór sem fór. Þótt Gunnar hafi vafalaust orðið fyrir vonbrigðum á fundinum hélt hann strax daginn eftir áfram að vinna að stjórnarmyndun. Enn var þó allt í óvissu um hvort hún myndi takast, og kallaði Kristján Eldjárn því á mig til þess við færum yfir skipun utanþingsstjórnar sem hugsanlega þyrfti að skipa allra næstu daga. Þess gerðist þó ekki þörf því að næsta dag, sem var sunnudagur, fengu Gunnar og Geir í hendur yfirlýsingu frá Albert Guðmundssyni þar sem sagði að hann mundi með atkvæði sínu verja ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen falli, ef til vantrausts kæmi.

Mánudagsmorguninn fékk Kristján Eldjárn bréf frá Gunnar Thoroddsen þar hann skýrði frá því að hann hafi stuðning 31 þingmanns af 60 til að til að gera tilraun til myndunar meirihlutastjórnar, þar af 28 þingmenn Alþýðubandalags og Framsóknarflokks, auk alþingismannanna Eggerts Haukdal og Alberts Guðmundssonar og svo hans sjálfs.

Kristján Eldjárn þurfti nú að velta fyrir sér hvort öll skilyrði væru fyrir hendi til þess að hann gæti veitt Gunnari Thoroddsen umboð til þess að reyna stjórnarmyndun. Þótt Gunnar hefði nú tryggt sér nægilega marga þingmenn til að verja stjórnina falli væri sá meirihluti mjög naumur og ekki fyrir hendi í báðum deildum þingsins. Auk þess var ekki loku fyrir það skotið að aðrir möguleikar til stjórnarmyndunar væru enn fyrir hendi, svo sem minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokks með stuðningi Alþýðuflokks. Eftir að hafa kannað þetta í samráði við lögfróða ráðgjafa sína komst Kristján að þeirri niðurstöðu að hann hlyti að veita Gunnari umboðið. Gerði hann það þegar daginn eftir, 5. febrúar 1980. ■

Arnaldur Indriðason

Kyrrþey er vægðarlaus glæpasaga um þrúgandi þögn, heitar tilfinningar og bannfærðar langanir





„Arnaldur bregst ekki lesendum sínum í Kyrrþey frekar en fyrri daginni“

Helgi Gunnlaugsson / Stundin

„Arnaldur Indriðason er snillingur í að skapa stemningu í sögum ... Sagan er spennandi og frábærlega fléttuð. “

Steingerður Steinarsdóttir

⭐⭐⭐⭐⭐

„...ber höfuð og herðar yfir hérlenda höfunda glæpa-sagna og þó víðar væri leitað.“

Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið

Tilboðsverð 5.799 kr.
verð áður 7.999 kr.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 19. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

penninn.is
540-2000



Penninn Eymundsson
Bóksali í 150 ár

Hátíða veisla

1.998
kr./kg



úrbeinaður

Saltminni og þarf ekki að sjóða

1.598
kr./kg



m/beini

Skannið QR kóðann fyrir eldunarleiðbeiningar

BÓNUS

Verð gildir til og með 18. desember eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

3.598 kr./kg



Norðlenska fjalla hangilæri
úrbeinað

3.998 kr./kg



Íslandslamb hangilæri
Skagfirskt
úrbeinað

1.998 kr./kg



Hangiframpartur
kofareyktur
með beini

2.598 kr./kg



Hangilæri
kofareykt
með beini

2.999 kr./kg



Frosinn lambahryggur
lundapartur

4.998 kr./kg



Frosið lambafillet

998 kr./pk.



Kofareykt

Sveitabjúgu
6 stk
1,26 kg

1.398 kr./kg



Skata
kæst og söltuð

Sama verð og í fyrra



Afgreiðslutími 17.-20. des.

10-20

í öllum verslunum

Skannið QR kóðann fyrir alla opnunartíma yfir hátíðarnar

EXTRA

Jólin eru komin í Extra

9.999 kr.stk.
Mario Kart Go
Bílabraut, 2 bílar





7.999 kr.stk.
Disney Encanto
Syngjandi Mirabel

7.999 kr.stk.
Stickle Bricks
Stór kassi með
281 kubbum





11.999 kr.stk.
Polly Pocket
Flugvél

5.999 kr.stk.
Vipernex Snjóþotur
48” og 50”.
Ýmsir Litir.



við komum með COSTCO til þín

Breytilegt úrval milli verslana

Barónsstígur 8-24
Akureyri 24/7
Reykjanesbær 24/7

extra.is



Roberto Tariello og Cornel Popa opna matarvagninn La Cucina í dag, sem staðsettur verður við Hörpu. MYND/AÐSEND

Færa Íslendingum ítalska stemningu í samlokuformi

Ítalski kokkurinn Cornel Popa tók ákvörðun um að flytja til landsins í fyrstu Íslandsförinni fyrir fjórum árum. Hann opnar í dag matarvagninn La Cucina þar sem hann og samlandi hans, Roberto Tariello, kynna ítalska matargerð fyrir landanum.

ninarichter@frettabladid.is

„Við byrjuðum á þessu í fyrra, ég og samstarfsmaður minn, Roberto Tariello, sem er nú þegar búinn að starfa á Íslandi við ítalska pylsugerð í góðan tíma, með íslenskum hráefnum undir vörumerkinu Tariello,“ segir Cornel.

Nokkrum límmiðum frá opnun

Félagarnir kynntust í gegnum sameiginlega vini. Þeir afréðu að kaupa Tuddann, matarvagninn frá Hálsi í Kjós, og fara í samstarf við bændurna á Hálsi sem útvega þeim nautakjöt beint frá býli til pylsugerðar.

„Við fórum hægt og rólega að breyta vagninum að innan og uppfæra hann. Við erum bara nokkrum límmiðum frá því að geta opnað,“ segir Cornel.

Í matarvagninum er boðið upp á klassískar ítalskar samlokur. „Í dag er fyrsti opinberi viðburðurinn í Hörpu, en við höfum nú þegar séð um matinn í nokkrum einkasamkvæmum. Útskriftarveislum og svoleiðis,“ útskýrir Cornel. Það verður hægt að fá samlokur úr ciabatta brauði með ítölskum pylsum úr íslensku hráefni úr Kjósinni, og karamelíseruðum lauk. Við kaupum brauðið frá Sandholti og gerum restina sjálfir. Við verðum með tvær tegundir af pylsum, önnur tegundin er gerð úr hundrað prósent nautakjöti úr Kjósinni og kartöflum úr Þykkvabæ og hin er með svínakjöti og pipar.“



Ciabatta-brauð úr Sandholti með pylsum frá Tariello og karamelíseruðum lauk. MYND/AÐSEND

Þá eru félagarnir einnig með pastagerðarvél og stefna á að bjóða upp á ítalska pastarétti á einkaviðburðum.

Sósusjúk þjóð

Cornel kemur frá Puglia-héraði á Norður-Ítalíu, þrjú þúsund manna smábæ nálægt Gargano-þjóðgarðinum. Hann segist hafa komið fyrst til Íslands fyrir helbera slysni fyrir fjórum árum, þegar hann skellti sér í örlagaríka helgarferð. „Ég bjó í London í nokkur ár. Dag einn í nóvember spurði kollegi minn hvort ég hefði áhuga á því að koma með honum til Íslands, en flugið var rosalega ódýrt. Ég sagði: Hví ekki? skellum okkur. Við vorum hérna eina helgi, frá föstudegi til mánudags,“ segir hann. „Þegar ég kom heim til London fór ég aftur til vinnu á miðvikudegi, sagði upp starfinu sama dag og var fluttur til Íslands mánuði seinna,“ segir hann. „Ég varð bara ástfanginn af landinu við fyrstu sýn.“

Cornel segir viðtökurnar hafa verið með besta móti og segir Íslendinga almennt hrifna af ítölskum mat. „En helsta áskorunin er að fá Íslendinga til að prófa samlokur sem eru ekki fullar af sósu. Það er svona almennur hluti af samlokunni að hafa sósu en í okkar tilfelli látum við safann úr lauknum sjá um það,“ segir hann. ■

Andkristni á aðventunni

arnartomas@frettabladid.is

Öll verjum við aðventunni með mismunandi hætti. Málmhausar landsins safnast til að mynda saman á tónlistarhátíðinni Andkristni sem stendur yfir á Gauknum þessa dagana.

Hátíðin var árleg þungarokkshátíð í Reykjavík frá 2000 til 2014, stofnuð af Sigurði Harðarsyni, söngvara Forgarðs helvítis, og Aðalbirni Tryggvasyni, söngvara Sólstafa. Kristnihátíðin hafði verið haldin þá um sumarið og var um margt ansi umdeild hátíð. Sigurði og Aðalbirni þótti þannig við hæfi að svara kristnihátíð með því að halda tónlistarhátíð með þessu nafni.

Eitt af einkennum hátíðarinnar er að hún er haldin í kringum vetrarsólstöður en eins og flestir vita eru það kjöraðstæður fyrir svartmálm og annað þungarokk. Dagskráin í ár samanstendur af alíslensku heimabrugguðu þungarokki, auk þess sem fjórar erlendar sveitir hafa gert sér ferð til landsins.



Vetrarsólstöðurnar eru kjöraðstæður málmsins.

„Þetta er búið að ganga drulluvel bara,“ segir Ingólfur Ólafsson, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar. „Aðsóknin er búin að vera góð og frábær stemning.“

Andkristni nær hápunkti sínum í kvöld þegar dauðarokkararnir í Defeated Sanity stíga á svið.

„Þetta eru algjörir risar í dauðarokksheimi samtímans,“ segir Ingólfur. „Ég held að allir séu langspenntastir fyrir þeim. Svo verða líka tvö önnur erlend bönd, Morbid Romance frá Bandaríkjunum og Stranglewire frá Norður-Írlandi. Þess á milli verða gæða íslenskar sveitir líka.“ ■


NÓI SÍRÍUS
Hver er þér svo kær?
Á hátíðum og hvers kyns hamingjustundum jafnast einfaldlega ekkert á við konfekt.
Gefðu þeim sem er þér svo kær gleðistundir með ljúffengu konfekti frá Nóa Síríus.
Gott að gefa, himneskt að þiggja!
cocoa HORIZONS
NÓA Konfekt

Heimsfræg með skæting og skandala árið 2022

Árið var að vanda viðburðaríkt í heimi heimsfræga fólksins. Svo virtist sem margir væru komnir með fiðring af ýmsum mis-skynsamlegum toga eftir samkomutakmarkanir síðustu tveggja ára og því var af nógu að taka fyrir blaðamann. Það er ógjörningur að gera öllu skil, en við lítum á nokkur eftirminnileg dæmi.



Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Elon Musk kaupir Twitter

Allt ætlaði um koll að keyra þegar auðjöfurinn Elon Musk keypti Twitter á fjörutíu milljarða Bandaríkjadala sem er ágætis summa. Stjörnur létu sig hverfa af miðlinum og margir spáðu endalokum forritsins og var Elon sjálfur í þeim hópi. Hann tók sig til og rak þorra starfsfólks og setti blátt staðfestingarmerki miðilsins á útsölu, aðeins 8 dollara fyrir hvern sem er.

Svo virðist sem rekstrartengdar ákvarðanir Elons rati í heimsfréttirnar vikulega. Hann stefnir á frekari breytingar á komandi ári, þar á meðal að fjölga mögulegum stafabilum í hverju tísti í rúmlega fjögur þúsund. Fjölskyldumeðlimir Elons rötuðu einnig í heimsfréttirnar, en í sumar var sagt frá því að faðir Elons Musk hefði feðrað barn með uppeldisdóttur sinni, sem hafði búið hjá honum frá fjögurra ára aldri.



Þær fregnir bárust síðan í desember að Elon Musk væri ekki lengur ríkasti maður heims, eftir að ítalski listaverkasalinn og lúxus-keðjueigandinn Bernard Arnault skaust fram úr honum.

Kjólafiaskó og Kim Kardashian

Frægasta Kardashian-systirin var vinsæll gestur á síðum slúðurblaðanna, sem og fyrri ár. Kim, sem er ein hæst þénandi stjarna skemmtanabransans vestra, sagði í viðtali við Variety: „Ég er með besta ráðið fyrir konur í viðskiptalífinu. Standið upp af fjárans rassgatinu og farið að vinna. Það er eins og enginn vilji vinna nú til dags.“



Kim sló sér upp á árinu með Pete Davidson og mætti á MET gala, stórhátíð tískubransans í Bandaríkjunum, í sögulegum kjól af kvikmyndastjörnunni Marilyn Monroe. Kjóllinn er skilgreindur sem safngripur og ekki leist öllum jafn vel á uppátækið. Kim var einnig gagnrýnd af líkamsvirðingaraktívistum fyrir að svelta sig til að passa í kjólinn. Hann passaði þó ekki betur en svo að hún lét gera eftirlíkingu sem hún klæddist þegar af rauða dreglinum var komið. Þegar Kim skilaði kjólnum aftur á safnið var hann rifinn á nokkrum stöðum.

Búningabannið á Harry prins

Árið var erfitt hjá bresku krúnunni. Þegar Elísabet drottning Breta andaðist þann 8. september flaug Harry prins frá Kaliforníu til að vera viðstaddur konunglega útför ömmu sinnar. Þar sem Harry er ekki lengur starfandi meðlimur konungsfjölskyldunnar fékk hann ekki að klæðast viðhafnarembættisbúningi eins og aðrir meðlimir fjölskyldunnar.

Þetta kom þó í bakið á skipuleggjendum, því myndir frá viðburðinum komu út eins og Harry væri mikilvægasti maðurinn á svæðinu, með fylgdarliði embættismanna. Því var ákvörðunin dregin til baka. Þá hefur Harry gegnt 10 ára herþjónustu fyrir hönd bresku krúnunnar. Buckingham-höll bauð Harry og Megan Markle til konunglegrar móttöku í tengslum við útförina, og afbauð þeim síðan aftur.

Vandræðagangurinn endar ekki hér, heldur frumsýndi Netflix í desember heimildarþætti um Harry og Meghan þar sem þau segja sína hlið á Mexit-málinu svokallaða og konungsfjölskyldan kemur ekki heldur neitt æðislega vel út úr þeirri frásögn.



Guðmóðir Vilhjálms krónprins og háttsettur meðlimur hirðarinnar sagði af sér í nóvember eftir að hafa verið gripin við rasísk ummæli í veislu.

Will Smith fer í Óskarsbann

Will Smith varð einn umtalaðasti gestur Óskarsverðlaunanna í mars þegar hann gaf skemmtikraftinum Chris Rock einn á lúðurinn uppi á sviði í beinni útsendingu. Áhorfendur vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið en fljótlega kom í ljós að um reiðikast var að ræða, en ekki uppstilltan leikþátt. Tilefnið sem Will Smith gaf voru ummæli Rock um eiginkonu Wills, Jada Pinkett Smith. Will Smith hlaut í kjölfarið bann á Óskarsverðlaunahátíðinni, þó að hann geti enn verið tilnefndur og unnið verðlaunin. Hann má bara ekki mæta á staðinn. Heit umræða skapaðist í tengslum við málið um eitraða karlmennsku í Hollywood og ofbeldismenningu.





„Hafðu engar áhyggjur, elskan“

Upphaf málsins má rekja til ósættis leikstjórans Oliviu Wilde og leikkonunnar Florence Pugh. Florence lék aðalhlutverkið í kvikmynd Oliviu, „Don‘t Worry Darling“, sem mætti þýða sem „Engar áhyggjur, elskan.“ Ósættið sneri að hvarfi Shia LaBeouf úr leikhópi myndarinnar sem Olivia reyndist opinberlega tvísaga um, auk baktals Oliviu og Shia um Florence, þar sem vísað var til hennar sem Miss Flo.

Florence lét hvergi sjá sig á spurt-og-svarað panel á Kvikmyndahátíðinni í Feneyjum og haft var eftir viðstöddum að stemningin hafi verið skrýtin. Harry Styles, leikari og tónlistarmaður sem átti í ástarsambandi við Oliviu á þessum tíma, sat við hliðina á Chris Pine á forsýningunni. Þá spruttu upp samsæriskenningar á samfélagsmiðlum um að Chris Pine hefði hrækt á Harry Styles á viðburðinum, og myndband birt því til meints stuðnings. Enginn veit nákvæmlega hvað fór fram en einhver fótósjoppaði glæsilega geit inn á myndbandið, sem Chris virðist henda í fangið á Harry, og það rammar málið ágætlega inn.



Gjafakort Þjóðleikhússins

Gleðistund í jólapakkann



Kynntu þér sérstök jólatilboð á leikhusid.is

Þjóð leik hús ið

Sýningar framundan



Gefðu þrjár gjafir í einu – Tillhlökkun, upplifun og ógleymanlegar minningar.

Öflugir fjölmiðlar sinna aðhaldshlutverki

Frétt vikunnar

Margrét Marteinsdóttir, blaðakona á Stundinni

„Ég er dálítið upptekin af hlutverki öflugra fjölmiðla sem eiga undir högg að sækja. Þessi vika fannst mér sýna það mjög vel í mörgum málum. Mér fannst fáránleikinn áberandi í kringum hundrað milljóna fjölmiðlastyrkinn," segir Margrét Marteinsdóttir og vísar til þess að í fjárlaganefnd var 100 milljóna króna styrkur sem N4 bað um kynntur sem almenn aukning við fjölmiðlastyrk.

„Þau voru gerð afturræk með þessa einkennilegu ákvörðun sína," segir Margrét og bætir við að þakka megi fjölmiðlum fyrir það. „Það var hætt við þetta vegna umræðu í fjölmiðlum. Það eru fjölmiðlar sem eru vakandi og benda fólki á hvað er að gerast og þar með er það að halda ráðamönnum á tánum," segir hún.

Margrét segir að það sama eigi við um heimilislaust fólk á Íslandi. „Það er fimbulkuldi núna og það var hvergi búið að gera ráðstafanir fyrir fólk sem á hvergi höfði sínu að halla og er ekki með skjól." Margrét segir að þar hafi fjölmiðlar stigið inn með afgerandi hætti.

„Mér finnst áhugavert að á þessum örfáu dögum hafi fjölmiðlar verið að breyta alls konar hlutum og eigi samt undir högg að sækja," segir hún.

„Talað er um umræðu í fjölmiðlum, en þetta eru bara blaðamenn að vinna. Þeir fá síðan svona ofboðslega kaldar kveðjur frá fjárlaganefnd í þessum fáránleika sem var í kringum þetta mál," segir Margrét. „Það stendur upp úr fyrir mig, ekki bara sem blaðakonu heldur líka sem íbúa í þessu landi," segir hún.



„Svo vona ég bara að Alþingi fari að styrkja fjölmiðla almennilega, alla vega umhverfið, svo að hægt sé að passa upp á þessa hluti og ekki sé verið að styrkja eitthvað út í loftið." ■



Fögur, fræg og gift á árinu

Eftir að samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs settu ótal strik í brúðkaupsplön ástfanginna para um allan heim, kom loksins brúðkaupsárið mikla 2022. Heimsfrægir létu ekki sitt eftir liggja og giftu sig í grið og erg með tilheyrandi veisluhöldum og fjárútlátum og stórfenglega framandi og fallegum áfangastöðum brúðkaupsferða. Við lítum á nokkur dæmi.

@ninarichter@frettabladid.is



Ben Affleck og Jennifer Lopez Leikaraparið var eitt heitasta par Hollywood árið 2004 og náði saman á ný á síðasta ári.



Britney Spears og Sam Ashgari létu pússa sig saman við umtalaða athöfn síðastliðið vor. Eiginmaður poppstjörnunnar er einkaþjálfari.

Taylor Lautner og Taylor Dome Nú heita þau bæði Taylor Lautner.



Brooklyn Beckham og Nicola Peltz Sonur Victoriu og Davids Beckham giftist leikkonunni og erfingja Peltz-veldisins.



Ewan McGregor og Mary Elizabeth Winstead Leikaraparið lét pússa sig saman á árinu.



Anya-Taylor Joy og Malcolm McRae Árið var með besta móti hjá Anyu-Taylor sem vakti gríðarlega athygli fyrir framúrskarandi leikhæfileika. Hún giftist tónlistarmanninum Malcolm úr hljómsveitinni More*.



Aziz Ansari og Serena Skov Campbell Uppistandarinn og leikarinn Aziz giftist vísindakonunni Serenu á árinu.



Kourtney Kardashian og Travis Barker Kardashian-systirin giftist tónlistarmanninum úr Blink-182.



Chloë Sevigny og Siniša Mačković Íslandsvinkonan giftist ástinni sinni sem er listaverkasali.

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrir@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Kolbeinn Kolbeinsson *kolbeinn@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*



NÁTTÚRULEGA GÓÐ HÁTÍÐ

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Íslenska lambakjötið er ómissandi þáttur í íslensku jólahaldi. Um aldir hefur læri, hryggur, lundir eða fillet með kjarngóðri sósu, hangikjötið sívinsæla og jafnvel svið, glatt okkur um hátíðarnar – en möguleikarnir til að galdra fram hátíðarmat úr íslensku lambakjöti eru í raun óendanlegir.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

25%
afsláttur
af öllum jólavörum



SKOÐAÐU HANDBÓKINA

Jólagjafa-handbók

Yfir 200 hugmyndir

Jólatrén eru hjá okkur

Það er eitthvað við lyktina af grenitrjám.
Sumir elska að skreyta það á meðan öðrum finnst
skemmtilegast að velja það
Öll okkar tré eru sérvalin og ættu því öll að
geta fundið sitt fullkomna jólatré
- tryggðu þér þitt!

Nordmannsþinur

125-150 CM	150-175 CM	175-200 CM
5.995	6.995	7.995

Stafafura frá Skógræktinni

100-150 CM	150-200 CM	200-250 CM
5.995	6.995	7.995

19.–23. desember er opið til 21:00 í jólatrésölunni í Breidd

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Great Place To Work. Best Workplaces™ Europe 2022

UMHVERFISVIÐURKENNING 2021

VIÐ ERUM HANDHAFI KUÐUNGSINS

SAMAN Í 60 ÁR

BYKO

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025



Bakþankar



Óttars Guðmundssonar

Jólablús

Bráðum koma blessuð jólin og allir eiga að hlakka til. Það er þó ekki einhlítt því að margir fara reglulega á jólablús. Það er þó engin ný saga.

Gísli Súrsson var ekkert jólabarn. Hann drap mág sinn í jólaboði í Dýrafirði, sem setti allt í bál og brand í fjölskyldunni. „Síðan þá þoli ég bara ekki jólin," sagði Gísli á dögunum á AA-fundi. Órækja frændi minn Snorrason Sturlusonar sagði að jólin í Reykholti hefðu alltaf verið leiðinleg. Eitt jólapartíið árið 1241 endaði með því að Órækja lét hálshöggva stjúpbróður sinn Klæng Bjarnarson í hefndarskyni fyrir Snorra föður sinn. „Það voru reyndar skástu jólin," sagði Órækja. Klængur sjálfur sagðist alltaf fara á jólablús. „Mér leiddist í jólaboðum með Órækju. Hann var með ADHD og tók ekki lyfin sín í desember. Mér fannst líka miður að missa höfuðið í jólaboðinu!" Egill afi minn Skallagrímsson tók alltaf mikla ógleði um jól og lagðist í rúmið og rifjaði upp hverjir skulduðu honum peninga.

Sjálfur hef ég um árabil lagst í sjálfsvorkunn um jól. Ég hugleiði gamlar syndir og spila tónlist með sænskum raunsæisblúsurum sem syngja um krabbamein og feðurna sem svíkja börnin sín og mæður sem drekka kókudropa. Mér líður best illa undir þessari ljúfsáru eymd.

Mestu skiptir að jólablúsinn er venjulega eigið val. Jólafýlupokarnir stjórna öllu sínu umhverfi með svipbrigðum og sjálfsmeðaumkun. Allir tipla á tánum í kringum blúsarann sem situr með frekjusvip og krefst athygli. „Góður blús er gulli betri," sagði Egill afi stundum í fjölskylduboðunum á Borg. ■



